
HERNÁMIÐ FRÁ SJÓNARHÓLI FORNLEIFAFRÆÐINNAR:

NÍÐURSTÖÐUR FORNLEIFARANNSÓKNA Á NÚPAFJALLI Í ÖLFUSI



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, OSCAR ALDRED OG ÞÓRA PÉTURSDÓTTIR

ADDIR HÖFUNDAR EFNIS: GAVIN LUCAS, GYLFI HELGASON OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2024
FS796-18073



UNIVERSITETET
I OSLO

Ljósmynd á forsíðu er af öskuhaugi ÁR-527:076 en í forgrunni er hluti af munnhörpu.

Ljósmynd: Elin Ósk Hreiðarsdóttir

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆDRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	11
4. FORNLEIFASKRÁ.....	13
5. SKRÁÐAR MINJAR Á NÚPAFJALLI	83
Braggar	83
Aðrar byggingar	85
Byrgi og skotgryfjur	86
Aðrar minjar	86
6. VETTVANGSGÖNGUR, YFIRBORÐSSÖFNUN OG GREINING GRIPA	89
Aðferðafræði við vettvangsgöngur og gripasöfnun.....	89
Grisjunarstefna	93
Úrvinnsla og kortlagning.....	93
Gripir og gripadreifing.....	94
Samsetning gripasafnsins	96
Samantekt.....	102
7. CAMP CAMERON Í HEIMILDUM	105
Hernaðarmannvirki á Núpafjalli.....	105
Um ratsjárstöðvar	108
Herinn á Núpafjalli: Samskipti við heimamenn	110
Endalokin.....	113
8. SAMANTEKT	115
HEIMILDASKRÁ.....	117

VIÐAUKAR

Hnitaskrá á ISN93 formati

Gripaskrá

Yfirlitskort af fornleifum

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um herminjar á Núpafjalli í Ölfusi sem kannaðar voru sumarið 2019. Rannsóknin var seinni áfangi verkefnisins *Hernámið frá sjónarbóli fornleifafræðinnar* sem eins og nafnið gefur til kynna beinir sjónum sínum að herminjum hér á landi. Rannsóknin er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Oslóarháskóla og Háskóla Íslands og er styrkt af Fornminjasjóði. Í þessari skýrslu er greint frá rannsóknum á herminjum í Camp Cameron og næsta nágrenni kampsins, á Núpafjalli í Ölfusi.

Viðvera hermanna á Núpafjalli hófst strax við upphaf hernámssins og áður en yfir lauk höfðu þar verið kanadískir, breskir og bandarískir hermenn við eftirlit og varnir. Þar var svo byggð ratsjárstöð 1943 sem starfaði þó stutt.

Í verkefninu voru allar minjar á svæðinu skráðar og mældar upp (samanlagt um 60 minjæiningar) en auk hefðbundinnar fornleifaskráningar voru framkvæmdar kerfisbundnar vettvangsgöngur og yfirborðssöfnun gripa á afmörkuðum reitum. Skráðir gripir frá Núpafjalli voru í heild 671 talsins og voru þeir flokkaðir og greindir á svipaðan hátt og algengast er í hefðbundnari fornleifarannsókn. Á grundvelli skráningar og gripagreiningar voru dregnir upp helstu drættir í herbúðarlífinu á Núpafjalli, að því marki sem hægt er út frá yfirborðsrannsóknum (og heimildum) einum og sér. Líkt og með fjölmargar aðrar herminjar hér á landi er staðurinn í talsverðri hættu og er líklegt að enn meira gangi á minjastaðinn á næstu áratugum.

Efnisorð

Fornleifar, nýminjar, herminjar, fornleifaskráning, Camp Cameron, Núpafjall, Ölfus, síðari heimsstyrjöld, vettvangsgöngur, yfirborðssöfnun, efnismenning, Fornminjasjóður

Summary

This report presents the findings of an archaeological survey and fieldwalking project conducted at a WWII site on the mountain of Núpafjall, SW Iceland. The research at Núpafjall is part of a two-year project focusing on WWII sites in Iceland using archaeological methods. The research was funded by the Icelandic Archaeological Fund (Fornminjasjóður) and is a collaboration between the Institute of Archaeology, University of Oslo and the University of Iceland. The aim is to use archaeological methods to shed light on army remains in Iceland, by surveying selected sites and conducting trial trenching and fieldwalking.

Due to the proximity of the military airport at Kaldaðarnes Núpafjall was a significant site from the onset of occupation by armed forces in Iceland at this time. During the war years, soldiers from Canada and then later Great Britain and the United States were stationed on the mountain mostly for monitoring purposes, but the role of the site was extended in 1943 when a radar station was built there.

During the fieldwork in the summer of 2019 a total of 60 archaeological sites of various types were surveyed. These included foundations for multiple Nissan huts, a furnace, gun emplacements, foxholes, roads, and various other remains, some of which remained fairly unclear. As well as conducting a documentary and a field survey of the site, systematic field walking was applied to selected areas from which a total of 671 finds were recovered and analyzed. Combined, the research has provided an insight into the material culture and daily life at the camp of Núpafjall - to the extent that is possible through surface evaluations alone. The site on Núpafjall is, like many other WWII sites in Iceland, under considerable threat from soil erosion damaging visible remains.


Keywords

Archaeology, Archaeology of the recent past, 20th century archaeology, Archaeological survey, Camp Cameron, Núpafjall, Ölfus, WWII, Núpafjall, Ölfus, Camp Cameron, field walking, material culture, Icelandic Archaeological fund

1. Inngangur

Sumarið 2019 var seinni áfangi verkefnisins *Hernámið frá sjónarhóli fornleifafræðinnar* unninn. Líkt og fyrra árið var verkefnið styrkt af Fornminjasjóði. Rannsóknin er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Oslóarháskóla og Háskóla Íslands. Hún miðar að því að kanna herminjar með aðferðum fornleifafræðinnar. Rannsóknir hafa m.a. falist í því að leita heimilda sem varpað geta ljósi á þær herminjar sem rannsakaðar voru, ítarlegri skráningu minjanna og uppmælingu allra efnislegra leifa. Samhliða því hafa verið gerðar ýmsar tilraunir með aðferðafræði, t.d. teknir könnunarskurðir og lagt út hnitakerfi á afmörkuðum svæðum og afmörkuð svæði gengin kerfisbundið í leit að gripum. Rannsóknirnar eru gerðar í þeim tilgangi að varpa betra ljósi á umrædda minjastaði og efnismenningu þeirra og reyna með því að dýpka þekkingu okkar á hernáminu og t.d. daglegu lífi hermanna og samskiptum þeirra og heimamanna.

Viðfangsefni rannsóknarinnar eru minjar á þremur ólíkum bækistöðvum herliða úr síðari heimsstyrjöld, á Skálum á Langanesi, á Núpafjalli í Ölfusi og í Hvítanesi í Hvalfirði. Rannsóknir



Mynd 1: Rannsóknarsvæðið á Núpafjalli merkt inn á Íslandskort sem rauður punktur. Grunnkort vann Gísli Pálsson og nærmynd af rannsóknarsvæði sýnd á loftmynd frá Loftmyndum ehf

ársins 2018 voru gerðar á Skálum og komu út tvær skýrslur um þær, annars vegar skýrsla um fornleifaskráningu á svæðinu en hins vegar uppgraftarskýrsla um sama svæði.¹ Ráðgert er að niðurstöður rannsókna ársins 2019 birtist einnig í tveimur skýrslum. Auk þeirrar sem hér lítur dagsins ljós verður rituð skýrsla um skráningu herminja í Hvítanesi í Hvalfirði sem ráðgert er að komi út fyrir árslok 2024.

Markmið verkefnisins er tvíþætt og snýr annars vegar að rannsókn á landnámi hersins, daglegu lífi í kömpunum og sambúð hersetuliðs og heimamanna og hins vegar að aðferðalegri nálgun við rannsóknir á herminjum. Nær engin reynsla er af kerfisbundinni skráningu herminja hér á landi þótt stundum rati þær inn á borð fornleifafræðinga. Við hefðbunda fornleifaskráningu hafa slíkir staðir fram að þessu gjarnan aðeins verið lauslega skráðir og með misjöfnum hætti. Almennt hefur ekki verið farið markvisst yfir ritaðar heimildir/söguleg kort og gjarnan lítið hugað að ólíkum mannvirkjum og hlutverki þeirra. Við skráningu á herminjunum í þessu verkefni var því reynt að kafa nokkuð dýpra en gert væri í aðalskráningu. Kannaðar voru helstu útgefnu heimildir sem sneru að svæðunum og jafnframt leitað að ljósmyndum og loftmyndum sem sýndu svæðið á þeim tíma sem það var hernumið. Áður en skráning hófst voru sýnilegar minjar á hverju svæði gróflega kortlagðar og síðan var gengið um þau svæði þar sem talið var að herminja væri að vænta og hver minjastaður skráður og mældur upp.

Auk skráningar á Núpafjalli voru valdir sex reitir innan úttekarsvæðis þar sem vettvangur var genginn kerfisbundið og gripum safnað á yfirborði. Ákveðið var að gera slíka úttekt á nokkrum stöðum innan sjálfs kampsins. Valdir voru staðir þar sem ljóst þótti að væru hefðbundnir íbúðarbraggar (ÁR-527:048-049) og staðir sem líklegt þótti að væru af öðrum toga s.s. samkomustaðir eða búseta yfirmanna (ÁR-527:044, 045 og 046) auk þess sem rafstöðvarbygging (ÁR-527:063) ofan svæðisins var rannsökuð á sama hátt. Auk gripaleitar í byggingum var gerð úttekt á tveimur stöðum þar sem rusli hafi verið hent og gripir skráðir og teknir til rannsókna (ÁR-527:068 og 076). Auk ofangreindra rannsókna var flogið með flygildi yfir svæðið og loftmyndir teknar.

Rannsóknir á herminjum á Núpafjalli fóru fram í júlí 2019. Um skráninguna sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir og einnig um alla úrvinnslu hennar að því frátöldu að Brynja Árnadóttir gerði teikningar. Áður hafði Fornleifastofnun unnið aðalskráningu fyrir svæðið og nýttist hún vel við undirbúning verksins.² Þóra Pétursdóttir og Oscar Aldred sáu um vettvangsgöngur og söfnun gripa af yfirborði og úrvinnslu þeirra gagna, aðra en sjálfa gripagreininguna sem Gavin Lucas (HÍ) sá um. Um skýrsluritun sáu Elín og Þóra.

¹ Þóra Pétursdóttir o.fl.. 2019 og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2019.

² Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020.

Skýrsla þessi er byggð þannig upp að í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við fornleifaskráninguna. Í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna og í fimmta kafla er fjallað um helstu minjar sem skráðar voru. Í sjötta kafla er fjallað um aðferðafræði þá sem var notuð við kerfisbundnar vettvangsgöngur í gripaleit og söfnun og skráningu lausafunda á yfirborði og aftar í sama kafla er að finna greiningu og umfjöllum um þá gripi sem fundust við rannsóknina. Í sjötta kafla er umfjöllun um sögu herminjanna á Núpafalli en lokakafli skýrslunnar er samantekt um helstu niðurstöður rannsókna. Aftast í skýrslunni eru kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess, hnitaskrá og fundaskrá.



2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti og enn yngri minjar, s.s. hefðbundnar búsetuminjar frá seinni hluta 19. aldar og upphafi þeirrar 20., minjar um verksmiðjurekstur og þéttbýlismyndun á 20. öld sem og herminjar. Þessir minjahópar hafa mikið gildi enda geta rannsóknir á þeim varpað ljósi á ýmsa þætti í sögu nýliðinnar fortíðar, bæði innanlands og utan. Auk þess hverfa fáir minjaflokkar eins hratt og þeir yngstu og því mikilvægt að hefja rannsóknir á þeim sem fyrst. Á undanförnum árum hefur skilningur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skríðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugördum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir.

Ofangreindri skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu en að þessu sinni sneri skráningin að minjaflokki sem liggur utan skilgreiningar laganna. Engu að síður voru minjarnar skráðar með svipuðum hætti eins og um venjulega skráningu væri að ræða. Segja má að um herminjar gildi svipuð lögmál og flestar aðrar minjar en þó er ljóst að umfang mannvirkja, hlutverk þeirra og efnismenning er að nokkru frábrugðin þeim minjum sem eiga uppruna sinn í íslensku sveitasamfélagi. Hluti þessa verkefnis var því að kanna að hvaða leyti hefðbundin fornleifaskráning næði utan um skráningu herminja og hvernig þróa mætti aðferðir við skráningu slíkra minja.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Allar þær herminjar sem skráðar voru á Núpafjalli eru innan landamerkjja jarðarinnar Núpa eins og þau voru um miðbik 19. aldar og þær eru því skráðar undir jarðarnúmerinu ÁR-527. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-527:050). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, gryfja eða varða) eða mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Hlutverk minjastaðanna í Camp Cameron fellur ekki vel að þeim hlutverkaheitum sem mest eru notuð við fornleifaskráningu og miða við íslenska bændasamfélagið en þó var reynt að greina frá hlutverkum sem flestra minjastaða, væru þau talin ljós.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru sýnileg ummerki um minjastaði mæld upp þar sem þau voru merkjanleg. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins og má ætla að svipað viðmið megi hafa um herminjar þótt þær njóti ekki sjálfgefnar friðunar samkvæmt lögum líkt og eldri minjar.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í Camp Cameron og næsta nágrenni er gróðurþekjan víða afar þunn og viðkvæm og jarðvegur grýttur og laus í sér undir henni. Herkampurinn hefur því risið á viðkvæmu svæði og mannvirkin hafa víða valdið svolitlu jarðvegsrofi í nágrenni minjanna. Almennt var því litið svo á að staðurinn væri í

hættu vegna rofs. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2: Skýringarmynd. Dami um skráningu á minjastað


Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar í Núpalandi sem geta talist til herminja á Núpafjalli. Það skýrir þá staðreynd að númeraröðin í skýrslunni er slitrótt en til umfjöllunar eru minjar ÁR-527:026, 031, 033, 036, 037 og 042-083. Skráningin var gerð áður en Minjastofnun Íslands gaf út fyrirmæli um að hver minjaeining á minjastað skyldi fá sérstakt minjanúmer og hún skráð sérstaklega – sem sérstök færsla. Fornleifastofnun hefur þó skráð hverja minjaeiningu um langt skeið án þess að birta sérstaka færslu um hverja einingu. Var sá háttur hafður á þegar þessi skráning var unnin.

4. Fornleifaskrá

ÁR-527 Núpar

ÁR-527:026 *Camp Cameron* yfirlit um vestursvæði

„Vorið 1941 sendu Bretar aftur herlið fram á Núpafjall. Gerðu þeir bílfæra braut, kílómetra langa, suður af Hellisheiðarvegi [...]. Þaðan lá brautin vestan undir klettabelti um einstigi og á sveig niður í dalverpið norður af Hurðarásvötnum [sjá 050]. Þar reistu þeir tjaldbúðir og eitthvað af bröggum fyrir veturinn [...]. Þegar Bandaríkjamenn tóku við vörnum Suðurlands vorið 1942, yfirtóku þeir stöðvarnar á fjallinu af Bretum. Við Hurðarásvötn voru reistir einir 15 braggar. Þar var sett upp öflug dísilstöð og kampurinn raflýstur, en neyzluvatn sótt á tankbíl úr Hveragerði,“ segir í Styrjaldarárin á Suðurlandi eftur Guðmund Kristinsson. Á Núpafjalli voru tvo megin svæði (sjá líka 031). Kampurinn norðar var upphaflega skráður undir númerinu 026 í aðalskráningu og þá mannvirkin öll skráð undir einu og sama númerinu. Við nánari úttekt 2019 var hvert og eitt mannvirki skráð sérstaklega. Undir númerinu 026 eru því nú aðeins almennar upplýsingar um



Staðsetning mínja í Camp Cameron ÁR-527:026, yfirlitsmynd. Loftmynd: Loftmyndir ehf

kampinn í heild sinni. Kampurinn var 2,5 km norðvestan við Núpabæ 001 og tæpum 250 m austan við Hurðarásvötn.

Camp Cameron er í hálfgrónu dalverpi ofarlega á norðausturhluta Núpsfjalli. Landið er

smáhæðótt og er mosi mikill í sverði, þó stendur smágrýti og annað grjót sums staðar upp úr mosanum.


Herminjar eru innan svæðis sem er 440x270 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi er teikning birt af braggahverfinu, byggður á þeim minjum sem sáust á yfirborði árið 1998. Teikningin er ekki í réttum hlutföllum, en sýnir ágætlega þær minjar sem sjáanlegar eru þegar komið er á vettvang.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:031 *Seldalur* yfirlit um austursvæði

„Vorið 1941 sendu Bretar aftur herlið fram á Núpafjall. Gerðu þeir bílfæra braut, kílómetra langa, suður af Hellisheiðarvegi [050]. [...] Síðan héldu þeir áfram vegagerðinni austan í Núpafjalli um 2ja km leið [081] fram í Seldal og reistu þar einn bragga [...]. Þegar Bandaríkjamenn tóku við vörnum Suðurlands vorið 1942, yfirtóku þeir stöðvarnar á fjallinu af Bretum [...]. Frammi í Seldal var reistur 19 m langur braggi sem birgðaskemma og stuttur braggi til íbúðar og skúr fyrir eldhús,“ segir í Styrjaldarárin á Suðurlandi eftir Guðmund Kristinsson. Herminjar í Seldal (syðra minjasvæðið á Núpafjalli) voru upphaflega skráðar saman undir þessu númeri í aðalskráningu og



Staðsetning minja í og við Seldal ÁR-527:031, yfirlitsmynd. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Þá mannvirkin öll skráð undir einu og sama númerinu. Við nánari úttekt 2019 var hvert og eitt mannvirki skráð sérstaklega (sjá 064-075 og 082). Undir númerinu 031 eru því nú aðeins almennar upplýsingar um kampinn í heild sinni. Herminjarnar er um 990 m norðvestan við Núpabæ 001 og um 1,5 km sunnan við nyrðri þyrpinguna (Camp Cameron 026). Herminjarnar eru í suðausturhorni Seldals á Núpsfjalli. Gróðurþekja í dalnum er þokkaleg og er hann vaxinn mosa og grasi, en hér og þar stendur grjót upp úr mosanum. Landið er smáhæðótt og þar sem gróðrinum sleppir til austurs taka við hálfgrónir fjallamelar.

Herminjar eru á svæði sem er 210x200 m að stærð og snýr í austur-vestur. Í Styrjaldarárum á Suðurlandi er birtur uppdráttur af minjastaðnum eins og hann leit út árið 1998. Teikningin er ekki í réttum hlutföllum, en gefur ágæta heildarmynd af svæðinu.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35




Varða ÁR-527:033. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til suðausturs á mynd til hægri

Varða er á Núpsfjalli um 800 m norðvestan við herminjar í Seldal 031 og rúmum 720 m sunnan við minjarnar í Camp Cameron 026. Hún sést vel á milli þessara tveggja hersvæða. Varðan er á hálfgrónum klettahrygg. Smágrýti er áberandi umhverfis vörðuna, en sjá má mosa í skjóli við steina. Mosabekjan þéttist er neðar dregur af klettahryggnum.

Varðan er 0,6 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Hún er hlaðin úr 5 umföllum af stór- og smágrýti. Varðan er lítillaga skökk en stórgrýtið hindrar smágrýtið frá því að falla niður á jörðina. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin, ekki er ólíklegt að hún hafi verið hlaðin af hermönnum, e.t.v. sem leiðarvísir.

Hættumat: engin hættu



Staðsetning vörðu ÁR-527:033. Loftmynd: Loftmyndir ehf


ÁR-527:036 varða hlutverk óþekkt

390007 389061

Á Núpafjalli er varða, um 150 m NNA við herminjar í Seldal 031. Varðan er rúmum 50 m vestan við malarborinn vegslóða 081 sem herinn lagði um fjallið. Varðan er ekki fornleg í útliti og gæti vel tengst umsvifum hersins á fjallinu þótt ómögulegt sé að fullyrða um það. Varðan er á hálfgrónum fjallshrygg. Smágrýti og annað grjót er áberandi en hér og þar eru mosagrónir blettir.



Varða ÁR-527:036. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til suðvesturs á mynd til hægri



Staðsetning vörðu ÁR-527:036. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Varðan er 1 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Í grjóthleðslum má sjá 7 umför af smágrýti. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Hættumat: engin hættu

ÁR-527:037 varða hlutverk óþekkt

389918 390826


Varða er á Núpafalli, um 500 m NNA við aðalbraggasvæði Camp Cameron 026 en um 80 m austan við veg 050. Varðan er illa hlaðin, að öllum líkindum ekki forn og gæti vel tengst umsvifum hersins á fjallinu. Varðan er nyrst á Núpafalli, á lágum hól. All umhverfis er rofið svæði og steinar. Hér og þar er mosi og gras. Varðan er um 0,4 m á hæð og lítið annað en hrúga.



Varða ÁR-527:037, borft til norðurs

Hún er 1 m í þvermál. Það má greina um 3-4 umför í henni og hella er til suðurs. Varðan er á hraunhól, umhverfis er lítill gróður. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Hættumat: engin hættu



Staðsetning vörðu ÁR-527:026 efst á kortinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf


ÁR-527:042 varða hlutverk óþekkt

389975 388483

Stakt vörðubrot er ofarlega á hálfgrónum fjallshrygg á Núpfalli, rúnum 470 m sunnan við herminjar í Seldal 031 og 170 m austan við vegslóða hersins um svæðið 081. Á þessum slóðum er



Varða ÁR-527:042. Á mynd til vinstri er horft til austurs en niður á mynd til hægri



Staðsetning vörðu ÁR-527:042. Loftmynd: Loftmyndir ehf

víðfemt og er gróðurþekja nokkur. Hún er þó fremur ósamfelld og á skiptast vel gróin mosasvæði og berar klappir.


Vörðubrotið er nálega ferhyrnislaga, 0,3 x 0,2 m á stærð og snýr austur-vestur. Það er hlaðið ofan á mjög stórt skófum vaxið bjarg og mest má sjá 2 umför af grjóti. Mesta hæð er 0,3 m

og 1,6 m ef bjargið er talið með. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin, en hún er hvorki á þekktum landamerkjum né leiðum og má vel vera að hún tengist umsvifum hersins á þessum slóðum.


Hættumat: engin hættu

ÁR-527:043 mannvirki brennsluofn 389491 390513

Stakt mannvirki er innan Camp Cameron kampsins 026, á lágu holti tæpum 30 m norðvestur braggaröð 044 en um 100 m norðaustur af Hurðarársvötnum. Á korti Guðmundar Kristinnsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi er staðurinn merktur „Kol/Sorpbrennsla“. Af kortinu að



Staðsetning brennsluofns ÁR-527:043. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Brennsluofn ÁR-527:033. Á ljósmyndinni er horft til NNV

dæma mætti helst ætla að tvö lítil mannvirki hefðu staðið þar þétt saman en greinileg ummerki sjást nú aðeins um eitt mannvirki. Það er á lágu og mosagrónu holti en víða glittir þó í mól og staka steina. Umhverfis holtið er víða deiglent. Sunnan við það er flag sem er uppblásið að hluta.


Mannvirkið er talsvert úr lagi gengið og hrúnið. Ummerkin ná yfir svæði sem er um 4,8 x 3,5 m stórt og snýr norður-suður. Leifar veggja sem líklega hafa verið austur- og vesturveggir liggja nú á jörðu niðri en brotin eru úr lagi færð og nokkuð uppbrotin. Veggirnir eru þó báðir um 4 m á lengd. Milli veggbrotanna er rof, malarbotn nærri ferhyrningslaga sem sker sig úr mosabreiðunni umhverfis. Í þessum botni er gríðarmikið af gripum: glerbrotum, nöglum, járnstykki, skothylkjum o.s.frv. en öll eru brotin smá. Á sumum brotanna eru eldsummerki. Þótt gripadreifingin sé þéttust á þessum bletti dreifast þeir víðar og skammt vestan við mannvirkið er m.a. rafsnúra í grasverðinum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:044 mannvirki þrír braggar 389518 390490

Þrír braggar eru innan Camp Cameron kampsins 026, á lágu holti tæpum 30 m suðaustan brennsluofn 043 og 5 m norðan við þar sem vegur inn í kampinn 050 virðist hafa legið í sveig eða lykkju í kampinum miðjum. Braggarnir eru um 120 m ANA við Hurðarásvötn. Á korti




Staðsetning baggasamstaðu ÁR-527:044. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi virðast braggarnir ekki hafa verið sambyggðir heldur örstutt á milli þeirra og er aðeins miðjubraggin sýndur með steinsteyptu gólfi.

Mannvirkið er á lágu og mosagrónu holti en víða glittir þó í möl og staka steina. Umhverfis holtið er víða deiglent. Sunnan við það er flag sem er uppblásið að hluta.

Braggarnir hafa verið þrír og staðið í röð h.u.b. austur-vestur. Braggagrunnarnir eru vel greinilegir og ná yfir svæði sem er 22 x 19 m að stærð. Þrátt fyrir að svæðið sé samfellt má vel sjá hvar hver braggi hefur staðið og eru braggagrunnarnir í raun nokkuð misjafnir. Hér verður hverjum grunni gefið númer (01, 02 og 03) til aðgreiningar. Grunnur 01 er vestastur. Hann er um 13,5 x 3,6 m að innanmáli og er stærstur grunnanna þriggja. Grunnurinn er niðurgrafinn ofan í holtið þannig að 0,4-0,5 m eru frá braggabotninum og upp á topp veggja (eða hryggja sem markar braggasamstæðuna af). Óljósir hryggir sem líklega hafa markað af



Braggasamstæða ÁR-527:044



Braggasamstæða ÁR-527:044. Á loftmynd til vinstri er horft niður en til NNA á mynd til hægri

veggja húsins sjást í braggagrunninum nema helst að sunnan. Þar virðist reyndar hægt að greina tvær slíkar línur, óljósar þó (og um 30 cm á milli) en milli þeirra er í suðvesturhorni braggans steypur biti eða stallur sem stendur upp úr tóftinni og er um 1m á kant. Í bragganum var trégólf en botn braggans er nú moldarflag þótt þar sé mosi og lyng farið að skjóta rótum. Þar eru járnleifar, m.a. braggabönd og glerbrot og þunnir renningar, líklega einhvers konar

einangrunarefni. Ekkert grjótt er í grunninum. Braggagrunnur 02 er í miðju grunnanna þriggja og stendur talsvert hærra en braggagrunnur 01 eða um 20 cm. Ólíkt braggagrunni 01 er botn braggans 02 steiptur og eftir öllum vestanverðum steypuþlötunni gengur heillegur timburbiti. Bragginn hefur verið nokkru styttri en braggi 01 eða um 10 x 4.5 m að innanmáli en sunnan hans virðist hafa verið sambyggt hús, líklega úr timbri og með timburgólfi og hefur það mögulega verið einskonar bíslag eða forstofa. Hægt er að sjá hvar umrædd viðbygging hefur verið og hefur hún aðeins náð yfir vesturhluta braggagafslsins og líklega verið um 2,5 m á kant. Gólfplatan í húsinu er byrjuð að molna í sundur og er nokkuð yfirgróin. Talsvert er um rusl í grunninum, m.a. járnbönd sem líklega eru úr sjálfri byggingunni. Lagt var út hnitakerfi yfir braggann og gripum innan hans safnað og þeir skráðir inn (sjá nánar kafla um gripagöngur). Skil braggagrunns 02 og 03 eru óskýr en þó er malarsalli í botni bragga 03 sem er eilítið hærri en braggabotn 02. Braggagrunnur 03 er 10 x 4,5 m að stærð og innan hans má sjá fjórar steypurendur í gólfbotninum en alveg er mosagróið á milli þeirra. Samkvæmt teikningu í bók Guðmundar Kristinssonar var trégólf í bragganum. Talsvert af salla er sunnan við tóftina. Nyrst í 03 er svæði sem sker sig úr botninum. Það er 3-4 m á kant og má vera að þar hafi verið e.k. viðbyggingin við braggann. Sem fyrr segir tekur vegur um kampinn lykkju eða krók framan við braggann en svo virðist sem slóði hafi einnig gengið úr króknum og suðaustan við braggagrunnana og eitthvað áfram til norðurs. Hann verður þó fljótt ógreinilegur.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:045 mannvirki braggi 389540 390470

Stakur braggi, með steinsteiptu gólfi var 2,5-3 m norðan við braggapar 046, fast austan við malargötu 050 og um 8 m suðaustan við þrefalda braggagrunn 044. Braggagrunnurinn er á grasi grónu flatlendi nokkru vestan við hlíðarrætur.



Ummerki um bragga ÁR-527:045. Á ljósmynd er horft til austurs




Staðsetning bragga ÁR-527:045. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Braggagrunnurinn er 15 x 8 m stór og snýr nálega austur-vestur (VNV-ASA). Veggir/hryggir eru utan um grunninn en um 1,5 m langt rof er í norðausturhorn þeirra og einnig á miðjum vesturvegg. Steypt plata er í botni braggans en hún er nú að mestu að hverfa á kaf í mosa og annann gróður og sker hún sig þó verulega úr gróðrinum í kring auk þess sem hún stendur svolítið lægra en umhverfið. Steypan í braggabotninum er einnig smá saman að breytast í salla. Veggir um braggann eru 1.5 m á breidd en 0,2-0,3 á hæð. Þeir eru lægri til vesturs. Afar litlar leifar af gripum eru í bragganum, örfáir renningar af mjóum trefjaplötum einhvers konar sem líklega hafa verið í klæðningu/einangrun. Langir timburplankar eða spýtur eru þó á 2-3 stöðum í norðurlangvegg en sumar þeirra eru nokkuð úr lagi færðar. Um 1 m vestan við braggann er eyða í gróðurinn sem er 1,5 x 3 m að stærð og talsvert af koladreif er í henni en ekki er ljóst hverju sætir. Lagt var út hnitakerfi yfir braggann og gripum innan hans safnað og þeir skráðir inn (sjá nánar kafla um gripagöngur).

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35



Staðsetning braggapars ÁR-527:046. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Tveir samfastir braggar voru um 140 m austan við Hurðarásvötn en 2,5-3 m, sunnan við stakan braggagrunn 045 og fast austan við malarveg sem lá í gegnum Camp Cameron 050. Braggarnir eru merktir inn á korti Guðmundar Kristinnsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi og þeir þar sagðir með trégólfi.



Braggagrunnar ÁR-527:046. Á ljósmyndinni er horft til ASA en á drónamynd til hægri yfir bragga 046 og 045

Braggagrunnarnir eru á grasi grónu flatlendi nokkru vestan við hlíðarrætur. Talsvert jarðvegsrof er bæði ofan við braggagrunnana og sunnan þeirra og virðist líklegt að byggingarframkvæmdirnar hafi valdið eða a.m.k. aukið rofamyndun á þessu slóðum. Skammt

ofan eða austan við braggann er greinileg lína í gegnum gróðurhuluna (051) og má vera að þar hafi áður verið girðing.


Braggagrunnarnir tveir ná yfir svæði sem er 15-16 m á kant. Í lýsingunni verður báðum bröggum gefið númer til aðgreiningar. Þeir virðast hafa verið alveg sambyggðir og er suðurveggur braggagrunns 01 sameiginlegur með norðurvegg braggagrunns 02. Greinilegar undirhleðslur eða veggir sjást alls staðar, bæði undir útveggjum og þeim vegg sem hefur verið á milli bragganna tveggja. Hleðslan verður reyndar ógreinileg um miðbik vesturveggjar en er annars víðast nokkuð greinileg. Hleðsluleifarnar eru 1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hleðslan er best greinileg (og heillegust) að sunnan þar sem hún nær allt að 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Nyrðra hólfið 01, virðist aðeins minna (innanmál nú 3,2 x 10-11 m). Trégólf var inni í bragganum en nú er þar þýfi. Hugsanlega má greina svolitla hryggi þvert á gólfíð en þeir eru of óljósir til að hægt sé að túlka þá sem leifar eftir burðarbitum þótt svo megi vel vera. Í austurenda hólsins eru steypuleifar í hrúgu

þar sem ætla má að hafi verið eitthvað mannvirki. Steypuleifarnar eru 2-2,5 x 1,5 m að stærð og snúa austur-vestur. Eitthvað af steypunni virðist hellugrjót og hugsanlegt að þær séu undirstöður undan ofni. Veggurinn á milli 01 og 02 er afar ógreinilegur hryggur en sunnan í honum er járnleifar sem gætu verið á upprunalegum stað og verið hluti af festingum braggans. Braggi 02 er 10 x 5,3 m að innanmáli og var líkt og 01 með trégólfi. Í botni hans, líkt og

01, er nú þýfi sem er grasivaxið en þar er víðir einnig farinn að dreifa úr sér. Örlítið rof er í mannvirkið og hér og þar má sjá leifar af örfáum trefjaplötum sem líklega hafa verið í einangrun/klæðningu. Lagt var út hnitakerfi yfir braggann og gripum innan hans safnað og þeir skráðir inn (sjá nánar kafla um gripagöngur). Gólfín í bröggunum tveimur virðast áþekkt en þó virðist gólfíð í 02 vera örlítið hærra en 01.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35



Braggagrunnar ÁR-527:046. Á ljósmyndinni er horft NNV en á drónamynd til hægri yfir bragga 046 og 045

Grunnur undan tveimur sambyggðum bröggum er á grasbletti sem er innan „lykkju“ sem myndast þar sem malarvegur um Camp Cameron 050 liggur í hring. Braggarnir eru um 120 m



Staðsetning braggapars ÁR-527:047. Loftmynd: Loftmyndir ehf

vestan við Hurðarásvötn en um 5 m vestan við braggapar 046. Braggagrunnarnir eru sem fyrr segir umluktir malarvegi á alla vegu. Braggarnir eru merktir inn á korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi og þeir sagðir með trégólfi en steinsteypt hús eða svæði þó sýnt í vestast í syðri bragganum. Braggagrunnarnir eru á grasi grónu flatlendi nokkru vestan við hlíðarrætur. Vegur um svæðið hefur legið umhverfis þá á alla vegu. Vegurinn liggur næst bröggunum að austanverðu (um 1 m frá) en er annars víða í 5-10 m fjarlægð.



Braggagrunnar ÁR-527:047. Á ljósmyndinni er horft til ASA en á drónamynd beint niður á braggagrunnana


Braggagrunnarnir eru á lítilli „eyju“ sem umkringd er malarslóða á alla vegu. Grunnarnir eru niðurgrafir (dýpri en umhverfið) og ná yfir svæði sem er um 14,5 x 14,5 m stórt. Þarna stóðu tveir braggar og fær sá nyrðri númerið 01 í lýsingu þessari en sá syðri 02. Ummerkin eru orðin mjög ógreinileg en best sjást suður- og norðurlangveggir eða undirhleðsla og eru þeir hryggir um 0,5 m á hæð og breidd. Hryggirnir eru grasi og lyngivaxnir þar sem mest er. Í austur- og vesturvegg er talsvert rof og þeir orðir ógreinilegir. Hryggur hefur verið á milli bragganna tveggja en hann er nú að verða ógreinilegur. Braggi 01 er 10,5 x 5 m að stór en talsvert rof er í botni braggans og gróðurhulan þunn. Í rofinu eru fíngerðar spýtuleifar hér og þar og litlar trefjaplötur (2.5 cm á breidd og mislangar) - líklega úr einangrun/klæðningu. Bragginn var með timburgólfi en í suðvesturhorni hólf 01 er eins og hafi verið hringlaga steypur stampur úr hvítleitri, fíngerðri steypu. Þvermálið er um 50 cm. Annar sambærilegur steypustampur er um 1,5 m SSV, í hólf 2 en hann virðist úr lagi genginn. Hólf 02 er þýft og vaxið mosa og grasi. Bragginn var með timburgólfi en vestast er þó steypur plata sem er 1,5-2 m á breidd og nær hún yfir vesturenda tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:048 mannvirki þrjú braggar 389518 390411

Allra syðst á íbúðarbraggasvæðinu í Camp Cameron eru tvær samstæður þriggja bragga (sjá einnig 049). Undir þessu númeri er skráð vestari samstæðan sem hefur samanstæðið að þremur stórum og sambyggðum bröggum. Þeir hafa verið fast vestan við samstæðu 049 en líklega gangvegur (0.5-1 m) á milli. Samstæðan var um 140 m austan við Hurðarásvötn en um 6 m sunnan við malarveg sem liggur niður hlíðina og um kampinn, 050. Braggarnir eru merktir inn á kort Guðmundar Kristinsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi og þeir allir sýndir með trégólfi.



Staðsetning þriggja braggagrunna ÁR-527:048. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Braggagrunnar ÁR-527:048. Á ljósmyndinni er horft til NNV

Braggagrunnarnir eru á flata sunnan við malarslóða 050 sem liggur um Camp Cameron, neðan eða vestan við brekkurætur. Mikið rof er nú allt umhverfis braggagrunninn og er ljóst að bygging þessara mannvirkja hefur komið rofinu að stað eða a.m.k. aukið mikið við það rof sem þarna kann að hafa verið fyrir. Rofið er ekki aðeins bundið við svæðið utan braggagrunnanna heldur er einnig talsvert rof innan þeirra sem hefur talsverð áhrif á varðveislu.


Braggarnir þrír hafa staðið á svæði sem er 24 x 15.5 m stórt og snýr NNA-SSV. Mikið rof er á svæðinu og því sjást ekki leifar einstakra bragga. Sökum þessa er svæðinu lýst saman sem

einni heild en ekki gefið undirnáúmer fyrir hvern bragga þótt óljóst virðist mega sjá móta fyrir grunni syðsta og nyrsta bragga á svæðinu.

Nyrst á svæðinu virðist mega greina mögulegan grunn eða braggagólf sem er gróflega áætlað 10 x 3 m að stærð. Það er þó afar óljóst og engin sambærileg ummerki eru þar sem ætla mætti að miðjubraggin hefði staðið. Allra syðst á svæðinu, og um 12 m sunnan við suðurhlið áður nefnds „grunns“ eru önnur ummerki sem líklega eru leifar syðsta grunnsins. Þau ummerki eru merkjanleg allra austast en hverfa svo í uppblástur austar. Gróflega áætlað má segja að þau séu 7,3 x 6,2 m að stærð. Upp úr norðurvegg braggans gengur talsvert af rafmagnssnúrum. Austan við norðausturhorn svæðisins var greinilegur blettur af kolasalla, 5-6 m í þvermál. Eftir norðurenda svæðisins er grjóthleðsla en hún virðist ekki tilheyra bragganum heldur nær lengra til austurs og er hugsanlega hluti af 051. Líklegt má teljast að braggapýrpingin á þessum stað hafi verið íbúðarbraggar hermanna. Sem fyrr segir er mikið rof á svæðinu öllu og mikið af gripum er innan þess og utan. Samhliða skráningu var lagt út hnitakerfi yfir braggagrunna 048 og 049 og gripir sem þar fundust skráðir inn og teknir upp. Gripirnir sem fundust eru af ýmsum toga, sumir persónulegir en einnig er talsvert af byggingarleifum svo sem járnbönd, naglar og einangrunartrefjar (sjá nánar kafla í skýrslu um gripina) Á svæðinu fannst m.a. rakvélablað, greiða, tóm skot, flöskubrot og mikið af glerbrotum og járnleifum.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35



Staðsetning þriggja braggagrunna ÁR-527:049. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Allra syðst á íbúðarbraggasvæðinu í Camp Cameron eru tvær samstæður þriggja bragga (sjá einnig 048). Undir þessu númeri er skráð austari samstæðan sem hefur samanstæðið að þremur stórum og sambyggðum bröggum. Þeir hafa verið fast austan við samstæðu 048 en líklega gangvegur



Braggagrunnar ÁR-527:049. Á ljósmyndinni er borft til norðurs

(0,5-1 m) á milli. Samstæðan var um 140 m austan við Hurðarásvötn en um 2 m sunnan við malarveg sem liggur niður hlíðina og um kampinn, sjá 050. Þeir eru merktir inn á korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi og þeir allir sýndir með trégólfi.

Braggagrunnarnir eru á flata sunnan við malarlóða sem liggur um Camp Cameron, neðan

eða vestan við brekkurætur. Mikið rof er nú allt umhverfis braggagrunninn og er ljóst að bygging þessara mannvirkja hefur komið rofinu að stað eða a.m.k. aukið mikið við það rof sem þarna kann að hafa verið fyrir. Rofið er ekki aðeins bundið við svæðið utan braggagrunnanna heldur er einnig talsvert rof innan þeirra sem hefur talsverð áhrif á varðveislu.

Braggarnir þrír hafa staðið á svæði sem er 24 x 15,5 m stórt og snýr NNA-SSV. Mikið rof er á svæðinu og því ekki hægt að mæla upp hvern grunn fyrir sig. Sökum þessa er svæðinu lýst í heild sinni en ekki gefið undirnumur fyrir hvern bragga. Grijóthryggur gengur yfir norðurhlið braggasvæðisins og virðist það hluti af hleðslu sem legið hefur austur-vestur um svæðið (kannski undan girðingu?) en er nú að mestu horfin, sjá 051. Allra syðst á svæðinu virðist óljóst mega greina hvar syðsti bragginn hefur staðið. Svæði er 12 x 3,3 m að stærð. Stuttu norðar er svo enn óljósari ummerki 7,5 x 3,4 m að stærð en ekki er hægt að sjá frekari ummerki sem gætu verið eftir bragga á því svæði sem er norðar. Mikið rof er á svæðinu öllu og mikið af gripum er innan þess og utan. Austanlega í grunninum norðanverðum er koladreif, samtals 6 x 2 m að stærð og snýr ANA-VSV. Samhliða skráningu var lagt út hnitakerfi yfir braggagrunna 048 og 049 og gripir sem þar fundust skráðir inn og teknir upp (sjá nánar kafla um gripi og vettvangsgöngu/gripagöngu). Líklegt má teljast að braggapýrpingin á þessum stað hafi verið íbúðarbraggar hermanna.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:050 vegur leið 389533 390410


Á hernámsárunum réðist herinn í talsverða vegagerð í tengslum við uppbyggingu ratsjárstöðvar á Núpafjalli og herbúða þar við (Camp Cameron). Í bók Guðmundar Kristinssonar um hernámsárin á Suðurlandi segir: „Vorið 1940 semdi Bretar aftur herlið á Núpafjall. Gerðu þeir bílfæra braut, kílómeter langa, suður af Hellisheiðarvegi frá undir Núpafjall. Þaðan lá brautin vestur undir klettabelti um einstigi og á sveig niður dalverpið norður af Hurðarásvötnum. Þar reistu þeir tjaldbúðir og eitthvað af bröggum fyrir veturinn. Síðar héldu þeir áfram vegagerðinni austan í Núpfalli [sjá 081] um tveggja km leið fram í Seldal og reistu þar einn bragga. Ofaníbúrd í vegina sóttu þeir á stuttum Bedford-bílum úr Reykjafelli fyrir norðan Skíðaskálann.“ Hér er



Vegur ÁR-527:050. Á ljósmyndinni til hægri er horfi til austurs en til norðurs á mynd til hægri

vegagerðin skráð undir tveimur númerum. Undir þessu númeri (050) er skráður sá vegurinn sem lá frá Hellisheiðavegi og að Camp Cameron, en undir númerinu 081 framhald þessa vegar um fjallið til suðurs í Seldal. Vegurinn liggur frá aðalveginum um 520 m austan við Hurðarásvötn og lá svo í sveigjum niður hlíðina, og í gegnum braggabyggðina. Vegurinn liggur í fjallshlíðinni og niður talsverðan bratta, ofan í það dalverpi þar sem Camp Cameron var byggt.

Vegurinn er mjög misgreinilegur og hefur líklega verið lagaður víða á síðustu áratugum. Sá hluti hans sem nær frá Hellisheiðarvegi og að beygju í átt að Camp Cameron er vel akfær og hefur verið haldið við. En þar sem hann hefur legið niður mesta brattann í brekkunni hefur hann vart verið meira en einstigi og stærstur hluti þess kafla er nú niðurhruninn og alveg ófær. Talsvert af rauðamöl er í veginum og malarsalli en á köflum er hann þó nærri því alveg yfirgróinn. Vegurinn er víða 2-3 m á breidd en þó mun mjórri þar sem hann liggur niður brekkuna að Camp Cameron. Sá hluti hans liggur frá „aðalveginum“ í um 120 m til austurs áður en hann sveigir niður bratta brekkunna og hverfur á kafla í hrún. Þegar komið er niður þennan fyrsta stall liggur hann að grunni rafstöðvarhúss 063 annars vegar en hins vegar aftur í sveigju og áfram niður í dalinn þar sem Camp Cameron búðirnar stóðu. Vegurinn liggur í krók um svæðið þannig að hann liggur nærri öllum bröggunum sem eru á þessu svæði. Hugsanlegt er að afleggjari hafi legið úr króknum og áfram til norðurs (fram hjá bragga 044) en sú gata verður fljótlega of óljós til að hægt sé að



Vegurinn að Camp Cameron sést sem gráttáð strik og er guli punkturinn á bonum miðjum. ÁR-527:050. Sjá nánar kort af leiðum innan svæða í kafla 5. Loftmynd: Loftmyndir ehf


rekja hana. Á korti Guðmundar Kristinssonar af svæðinu má sjá að vegurinn hefur líka legið svolítið lengra til norðvesturs að ruslabrennslu 043 og að bílastæði eða plan hefur verið frá honum vestan við braggaröð 048 en ummerki um hvort tveggja eru nú illgreinanleg. Samtals er vegurinn um 630 m langur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:051 hleðsla hlutverk óþekkt

389536 390421



Línulegar minjar, líklega undirstaða undir girðingu ÁR-527:051. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Undir þessu númeri eru skráð leifar línulegra mannvirkja sem greina má í Camp Cameron víðs vegar um kampinn. Hugsanlegt er að merkin séu undirhleðsla undir girðingu en erfitt er að fullyrða um það. Undir númerinu eru skráðir tveir samsíða hryggir sem snúa VNV-ASA og



Hryggur ÁR-527:051. A ljósmyndinni er borft til ASA

einn hryggur sem liggur á milli þeirra eða NNA-SSV. Hryggirnir liggja um lyngi- og mosavaxið

svæði en víða er gróður þó rofinn og uppblástur herjar á.


Syðri hryggurinn sem liggur um svæðið er næstum 200 m langur og sést frá sandpokavígi 053, niður brekkuna á norðurjaðri braggasamstæðu 048-049 og áfram yfir melinn og að Hurðarásvötnum. Þar sem ummerkin eru greinilegust má sjá augljósar grjóthleðslu sem er allt að 0.9 m á breidd en 0.3 m á hæð en víða eru ummerkin aðeins óljós hryggur í landinu sem rétt má greina á mismunandi gróðurfari þar sem hann er gjarnan gróinn mosa en melurinn umhverfis ber. Um 57 m norðan við syðri hrygginn er annar hryggur óverulegri með sömu stefnu. Hann er um 60 m langur og liggur niður hlíðina og að braggagrunni 045 en verður þar óljós og ekki er hægt að greina framhald hans til vesturs. Á milli hryggjanna tveggja er svo þverhryggur sem liggur frá braggasamstæðu 049 og til norðurs, fram hjá austurendum bragga 045 og 046 en endar áður en hann nær að nyrðri garðinum. Ljóst er að þarna hefur verið hlaðið yfir eða undir einhvers konar mannvirki, hugsanlega girðingar en þó er einnig mögulegt að þarna hafi verið lagðar leiðslur og tyrft yfir.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-527:052 gripir


389418 390490

Talsverð koladreif er neðan við aðalkampinn í Camp Cameron og um 25 m austan við Hurðarásvötn. Koladreifin er fast norðan við þar sem hryggur 051 gengur að vatninu. Hún er um



Staðsetning koladreifar ÁR-527:052. Loftmynd: Loftmyndir ehf

115 m vestan við braggagrunn 048. Dreifin er neðst á uppblásnum mel eða holti við vatnið en mýrlent er sunnan við. Sallinn sést þar sem land er blásið en hverfur undir gróðurhulu nær vatninu.



Uppblástursrof með koladreif ÁR-527:052. Á ljósmyndinni er horft til NNV

Á þessum stað er greinilegur kolasalli, á svæði sem er 6,5 x 5 m stórt og snýr norðausturs-suðvestur. Sallinn nær reyndar eitthvað útfyrir umrætt svæði en á því er dreifing hans langtum þéttust. Ekki er vitað hvers lags starfsemi sallurinn ber vitni úr en hugsanlegt er að þarna (og hugsanlega í vatnið líka) hafi verið losaður eldsmatur úr kampinum. Engir gripir fundust á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna rofs


ÁR-527:053 mannvirki sandpokavígi 389572 390403

Hringlaga mannvirki, sandpokavígi, er ofan við dalverpið þar sem braggarnir í Camp Cameron risu. Sandpokavígið er enn greinilegt þótt brekkan ofan við hafi sigið inn í það að mestu og það sé sökum þess nokkuð úr lagi gengið. Vígið er um 16 m sunnan við vegarslóða 050 niður í



Vígi ÁR-527:053. Á ljósmyndinni er horft til NNV

kampinn en tæpum 30 m austan við braggasamstæðu 049. Vígið er merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar af Camp Cameron og er þar merkt „vígi með sandpokum“. Á þessum stað er hóll sem skagar svolítið út úr brekkunni en ekki er lengur að sjá dæld ofan í vígið þar sem brekkan sunnan við hefur fyllt upp í hana og þannig líkist minjastaðurinn mest malarhóli í brekku sem er í talsverðum halla til vesturs.



Staðsetning vígis ÁR-527:053. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Af ummerkjum að dæma má ætla að vígið hafi verið 4-6 m í þvermál. Helstu ummerki þess sem nú sjást eru leifar af strigapokum sem liggja í hálfhring í hólnum og steypar hellur sem eru í framhaldi af þeim, í hólnum vestanverðum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35


ÁR-527:054 gripir


389519 390516

Áberandi koladreif er í dæld eða lautu norðan við braggasamstæðu 044. Koladreifin liggur í lautarbotninum 10-20 m norðan við braggana og ruslabrennslu 043 og nær í raun á milli þessara staða (en er nokkru norðar). Grasi gróin dæld á milli tveggja gróðurlítilla holta.



Uppblásin koladreif ÁR-527:054. Á ljósmyndinni er borft til norðvesturs





Staðsetning koladreifar ÁR-527:054. Loftmynd: Loftmyndir ehf


Koladreifin nær yfir svæði sem er fremur óreglulegt en er 16 x 4-5 m að stærð og snýr eins og lautin norðvestur-suðaustur. Ekki sjást gripir á þessum slóðum en kolasallinn samanstendur bæði af þunnum flögum og stærri kolum. Vel má vera að hann tengist brennsluofni 043, a.m.k. virðist ljóst að hann tengist losun úrgangsefna úr kampinum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-527:055 þúst hlutverk óþekkt

389498 390534

Þúst er í hvammi eða dalverpi milli tveggja mela um 16 m norðan við brennsluofn 043 en 15 m NNV við koladreif 054. Grasi gróin dæld á milli tveggja gróðurlítilla holta.




Staðsetning þústar ÁR-527:055. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Greinilegt virðist að þarna er mannaverk undir sverði þótt ekki virðist endilega líklegt að mannvirki hafi staðið þarna en mögulega gætu þarna leynst leifar af öskuhaugi eða kolasalla. Þústin er 14 x 4 m stór og snýr NNV-SSA. Hún er um 0,2-0,3 m hærri en umhverfið. Hún er




Braggagrunnar ÁR-527:055. Á ljósmyndinni er horft til norðausturs grasi- og mosavaxinn og nokkuð þýft.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Þúst ÁR-527:056. Á ljósmyndinni er horft til norðausturs



Staðsetning gryfju ÁR-527:056. Lofimynd: Lofimyndir ehf

Nokkrar þústir eru norðaustan og norðan við holt sem er fast norðan við braggabyrpinguna í Camp Cameron. Allra austast við holtið er tóft eða þúst af tvískiptu mannvirki. Það er um 4 m suðaustan við tóft 056. Norðan og austan við tóftina er mýrlendi en suðvestan hennar er holt sem hún er byggð utan í.


Þústin er 9 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan hennar eru tvö hólf eða gryfjur sem eru áþekkar og 2-3 m á kant. „Veggir“ tóftarinnar er líklega ekki annað en uppkast frá því þegar stungið hefur verið út úr hólfunum tveimur og virðast hólfín/gryfjurnar vera það sem staðurinn hverfis um. Ekki er vitað hvaða hlutverki staðurinn gegndi en ekki er ólíklegt að það tengist losun „úrgangsefna“ frá kampinum á einhvern hátt hvort sem þarna var losað um rusl eða annann mannlegan úrgang. Einnig er hugsanlegt að þarna staðið eiginlegir kamrar en engar upplýsingar eru um mannvirkin og þau eru ekki merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar.

Hættumat: engin hættu

ÁR-527:057 þúst hlutverk óþekkt

389558 390563

Nokkrar þústir eru norðaustan og norðan við holt sem er fast norðan við braggabyrpinguna í Camp Cameron. Suðaustarlega við holtið er tóft eða þúst af tvískiptu mannvirki. Það er um 4 m norðvestan við tóft 056. Norðan og austan við tóftina er mýrlendi en suðvestan hennar er holt sem hún er byggð utan í.



Staðsetning þústar ÁR-527:057. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Þústin er 7,2 x 3,7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan hennar eru tvö hólf eða gryfjur og er sú suðvestari stærri eða um 2 m á kant en sú norðaustari nær því að vera 1.5 m á kant. Deiglent virðist í dældunum tveimur og vex þar elfting. Líklega hverfist mannvirkið um



Dúst ÁR-527:057. Á ljósmyndinni er horft til NNV


holurnar og er ekki ólíklegt að það tengist losun „úrgangsefna“ frá kampinum á einhvern hátt hvort sem þarna var losað um rusl eða annann mannlegan úrgang. Einnig er hugsanlegt að þarna staðið eiginlegir kamrar en engar upplýsingar eru um mannvirkin og þau eru ekki merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-527:058 þúst/gryfja hlutverk óþekkt 389540 390577



Dúst ÁR-527:058. Á ljósmyndinni er horft til norðurs



Staðsetning þústar ÁR-527:058. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Nokkrar þústir eru norðaustan og norðan við holt sem er fast norðan við braggabyrpinguna í Camp Cameron. Þær eru um 65 m norðan við braggasamstöðu 044. Norðan við holtið eru a.m.k. fimm þústir eða gryfjur í þyrpingu (sjá einnig 059-062). Norðan og austan við tóftina er mýrlendi en sunnan hennar er holt sem hún er byggð utan í.

Þúst 058 er í raun gryfja með kraga umhverfis sem líka er úr því efni sem stungið var upp úr gryfjunni. Gryfja og kragi er samanlagt um 4 m í þvermál en gryfjan er um 1,5 m á dýpt og vex þar deiglendisgróður. Ekki er vitað hvaða hlutverki staðurinn gegndi en ekki er ólíklegt að það tengist losun „úrgangsefna“ frá kampinum á einhvern hátt hvort sem þarna var losað um rusl eða annan mannlegan úrgang. Einnig er hugsanlegt að þarna staðið eiginlegir kamrar en engar upplýsingar eru um mannvirkin og þau eru ekki merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar.

Hættumat: engin hættu


ÁR-527:059 þúst/gryfja hlutverk óþekkt

389539 390582

Nokkrar þústir eru norðaustan og norðan við holt sem er fast norðan við braggabyrpinguna í



Þúst ÁR-527:059. Á ljósmyndinni er horft til norðurs



Staðsetning þústar ÁR-527:059. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Camp Cameron. Þær eru um 65 m norðan við braggasamstæðu 044. Norðan við holtið eru a.m.k. fimm þústir eða gryfjur í þyrpingu (sjá einnig 058 og 060-062). Norðan og austan við tóftina er mýrlendi en sunnan hennar er holt sem hún er byggð utan í.


Þúst 059 er í raun gryfja með kraga umhverfis sem líka er úr því efni sem stungið var upp

úr gryfjunni. Gryfja og kragi er samanlagt um 3 m í þvermál en gryfjan er um 0,2-0,3 m á dýpt og vex þar deiglendisgróður. Innanmál gryfjunar er um 1,5 m í þvermál. Ekki er vitað hvaða hlutverki staðurinn gegndi en ekki er ólíklegt að það tengist losun „úrgangsefna“ frá kampinum á einhvern hátt hvort sem þarna var losað um rusl eða annann mannlegan úrgang. Einnig er hugsanlegt að þarna staðið eiginlegir kamrar en engar upplýsingar eru um mannvirkin og þau eru ekki merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-527:060 þúst/gryfja hlutverk óþekkt


389535 390577



Staðsetning gryfju ÁR-527:060. Lofmynd: Lofmyndir ehf

Nokkrar þústir eru norðaustan og norðan við holt sem er fast norðan við braggabyrpinguna í Camp Cameron. Þær eru um 65 m norðan við braggasamstæðu 044. Norðan við holtið eru a.m.k. fimm þústir eða gryfjur í þyrpingu (sjá einnig 058-059 og 061-062). Norðan og austan við tóftina er mýrlendi en sunnan hennar er holt sem hún er byggð utan í.


Þúst 060 er í raun gryfja með kruga umhverfis sem líka er úr því efni sem stungið var upp úr gryfjunni. Gryfja og krugi er um 3 m í þvermál en innanmál gryfju er 2 x 1,5 m og snýr austur-vestur. Gryfjan er um 0,3 m á dýpt og vex þar deiglendisgróður. Ekki er vitað hvaða hlutverki




Þúst ÁR-527:060. Á ljósmyndinni er horft til SSV

staðurinn gegndi en ekki er ólíklegt að það tengist losun „úrgangsefna“ frá kámpinum á einhvern hátt hvort sem þarna var losað um rusl eða annann mannlegan úrgang. Einnig er hugsanlegt að þarna staðið eiginlegir kamrar en engar upplýsingar eru um mannvirkin og þau eru ekki merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar.

Hættumat: engin hættu



Staðsetning gryfju ÁR-527:061. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Þúst ÁR-527:061. Á ljósmyndinni er horft til SSV

Nokkrar þústir eru norðaustan og norðan við holt sem er fast norðan við braggabyrpinguna í Camp Cameron. Þær eru um 65 m norðan við braggasamstæðu 044. Norðan við holtið eru a.m.k. fimm þústir eða gryfjur í þyrpingu (sjá einnig 058-060 og 062). Norðan og austan við tóftina er mýrlendi en sunnan hennar er holt sem hún er byggð utan í.


Þúst 061 er í raun gryfja með kraga umhverfis sem líka er úr því efni sem stungið var upp úr gryfjunni. Gryfja og kragi er um 3 m í þvermál en innanmál gryfju er 2 x 1,5 m og snýr austur-

vestur. Gryfjan er um 0,3 m á dýpt og vex þar deiglendisgróður. Ekki er vitað hvaða hlutverki staðurinn gegndi en ekki er ólíklegt að það tengist losun „úrgangsefna“ frá kampinum á einhvern hátt hvort sem þarna var losað um rusl eða annann mannlegan úrgang. Einnig er hugsanlegt að þarna staðið eiginlegir kamrar en engar upplýsingar eru um mannvirkin og þau eru ekki merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-527:062 þúst/gryfja hlutverk óþekkt 389529 390571

Nokkrar þústir eru norðaustan og norðan við holt sem er fast norðan við braggabyrpinguna í Camp Cameron. Þær eru um 65 m norðan við braggasamstæðu 044. Norðan við holtið eru a.m.k. fimm þústir eða gryfjur í þyrpingu (sjá einnig 058-061). Norðan og austan við tóftina er mýrlendi en sunnan hennar er holt sem hún er byggð utan í.




Staðsetning gryfju ÁR-527:062 Loftmynd: Loftmyndir ehf

Þúst 062 er sigin og er 4,3 x 3,9 m að stærð. Hún er í raun gryfja með kraga umhverfis sem líkast er úr því efni sem stungið var upp úr gryfjunni. Gryfjan er 2 x 1,5 m að innanmáli og mannvirkið snýr norður-suður. Gryfjan er mjög djúp eða 1,7 m og er botn hennar ógróinn. Ekki er vitað hvaða hlutverki staðurinn gegndi en ekki er ólíklegt að það tengist losun „úrgangsefna“



ÁR-527:062



Dúst ÁR-527:062. Á ljósmyndinni er horft til norðausturs

frá kampinum á einhvern hátt hvort sem þarna var losað um rusl eða annann mannlegan úrgang. Einnig er hugsanlegt að þarna staðið eiginlegir kamrar en engar upplýsingar eru um mannvirkin og þau eru ekki merkt inn á kort Guðmundar Kristinssonar.

Hættumat: engin hætta


ÁR-527:063 mannvirki rafstöð

389660 390313

Í bók Guðmundar Kristinssonar um stríðsárin á Suðurlandi segir: „Þegar Bandaríkjamenn tóku við vörnum Suðurlands vorið 1942, yfirtóku þeir stöðvarnar á fjallinu af Bretum. [...] Þar var sett upp öflug díselstöð og kampurinn raflýstur,...“ Rafstöðvarbragginn er stakur braggagrunnur er í hlíðinni ofan við dalverpið sem Camp Cameron stendur, eða um 150 m vestar. Grunnurinn er um 115 m NNV við ratstjarmatrið 078 sem stóð á Núpafjalli. Hann er um 15 m suðvestan við malarveginn 050 sem liggur ofan í kampinn og hefur verið stuttur malarvegur og plan við hann.




ÁR-527:063



Rafstöðin ÁR-527:063. Á ljósmyndinni er horft til ANA

Grunnurinn er á eins konar syllu eða lægð í hlíðinni milli fjalls og hóls sem er framan við (vestan við) en vestan hans heldur fjallshlíðin áfram að lækka niður að aðalkampinum. Rafstöðin er því á eins konar mel sem skagar út úr brekkunni. Nokkurt jarðvegsrof er í kringum grunninn.

Braggagrunnurinn er 15 x 6 m stór og snýr ANA-VSV. Botninn er steypdur en ytra byrði veggja er víðast óljóst. Gólfplatan er yfirgróin og að hluta molnuð í salla. Mikið af braggaböndum liggur í grunninum. Víðirunni vex upp úr steyptri gólfplötunni um miðbik hennar. Nálægt vesturenda nálægt norðvesturhorni er timburkassi eða -stokkur sem liggur frá bragganum og til norðurs, inn í brekkuna fyrir norðan braggann. Þarna hafa líklegast legið pípur eða leiðslur frá



Staðsetning rafstöðvar ÁR-527:063. Loftmynd: Loftmyndir ehf


bragganum og glitti í koparvíra innan hans. Talsvert er um rusl í og við braggann, t.d. glerbrot og járnleifar. Samhlíða vettvangsskráningu 2019 var lagt út hnitakerfi á þessum stað og farið yfir það kerfisbundið í leit að gripum og komu þar ýmsir gripir í ljós, mest þó byggingarefni (sjá nánar kafla um gripagöngur og gripagreiningu).

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35



Braggagrunnur ÁR-527:064 (og 067). Á ljósmyndinni er horft til ANA



Staðsetning bragga ÁR-527:064. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1,5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Í bók Guðmundar kemur fram að Bretar byggðu fyrst einn bragga á þessum slóðum 1941 en eftir að Bandaríkjamenn tóku við svæðinu 1942 hafi þar verið byggðir stór birgðabraggi, lítill íbúðarbraggi og eldhús. Ekki er víst hvert af húsgrunnunum á þessum slóðum er hvaða bygging en sá braggi sem hér er skráður er 19-20 m langur líkt og Guðmundur segir birgðaskálann hafa verið og gæti að því leyti passað við lýsingu á honum þótt líklegra verði að teljast að hann hafi verið íbúðarbraggi og að stærsti braggagrunnurinn á svæðinu,

066, hafi verið birgðabragginn. Braggagrunnur 064 er austast á svæðinu og fast norðan við veginn sem liggur um svæðið. Seldalur er grasi vaxið sléttlendi í skjóli gróinna holta.

Grunnurinn er 19-20 x 10-11 m stór og snýr ANA-VSV. Hann er á eins konar sýllu sem vegurinn liggur eftir svolítið ofar. Malarkamburinn er skriðinn inn í tóftina að sunnanverðu. Aðrir veggir eða undirhleðslur sjást ágætlega sem eins konar hryggir. Þar sem mest er mældist ytri brún þeirra (sú sem skagar út í brekkuna) 0,4 m á hæð en innri brún er víða 0.2 m. Botn tóftarinnar er vaxinn mosa og lyngi. Af teikningu Guðmundar Kristinssonar að dæma mætti ætla að trégólf hefði verið í bragganum en botn hans er nú alveg kominn á kaf í gróður. Allra vestast er hins vegar steipt plata sem er um 4 m á lengd en er nú hulin mosa að mestu. Steypuleifar er einnig innan braggagrunnsins, nálægt botninum miðjum en þær virðast úr lagi gengnar og ekki hægt að ráða í upprunalegt hlutverk þeirra. Upp við suðurvegg er á einum stað lítill dæld sem sést undan mölinni sem gengið hefur yfir suðurvegginn. Dældin er 1,5-2 x 1,5 að stærð og 0,1 m á dýpt og er mosa og grasivaxinn. Ekki er ljóst hvaða tilgangi hún þjónaði. Nálægt suðausturhorni steiptu plötunnar er lítill veggstubbur. Hann er um 8 cm á hæð og breidd og um 1 m á kant. Járnteinar standa upp úr honum (tveir í hverri hlið). Dæld gengur frá grunninum og til norðurs, niður brekkuna. Dældin liggur undir hleðslu grunnsins vestan við miðja norðurhlið. Dældin er 1,5 m á lengd og 0,5-0,6 m á breidd. Neðan við dældina til móts við dældina eru leifar eftir lítið mannvirki, sjá 067. Hugsanlegt er að lagnir hafi legið inn eða út úr henni á þessum stað. Á korti Guðmundar Kristinssonar eru merkt tvö stór mannvirki á þessum slóðum. Annars vegar stór birgðabraggi og hins vegar íbúð en staðsetning þeirra er aðeins á skjön við ummerkin sem sjást á þessum slóðum. Líklegast á þó merkingin „íbúð“ við þennan grunn en grunnur 066 þá líklega sjálf birgðaskemman. Um þetta verður þó ekki fullyrt án frekari upplýsinga.


Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35


ÁR-527:065 mannvirki eldhús?

389860 388939

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1,5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í



Staðsetning mannvirkis ÁR-527:065. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Grunnur ÁR-527:065. Á ljósmyndinni er horft til norðausturs

Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Í bók Guðmundar kemur fram að Bretar byggðu fyrst


einn bragga á þessum slóðum 1941 en eftir að Bandaríkjamenn tóku við svæðinu 1942 hafi þar verið byggður stór birgðabraggi, lítill íbúðarbraggi og eldhús. Ekki er víst hvert af húsgrunnunum á þessum slóðum er hvað en sá mannvirkið sem hér er skráð er talsvert minna er alltént ekki birgðabragginn og er líklegast það sem kallað er eldhúsið, nema að ske kynni að hann væri leifar þess hús sem Bretar höfðu byggt áður. Leifarnar sem sjást eru nokkuð verulegri en margir af braggagrúnum á Núpafjalli. Þær eru 3-4 m vestan við braggagrúnn 064 og fast neðan við veg. Nú sést hlaðinn grúnnur eða gerði, úr grjóti og er hugsanlegt að það sé að stofni til eldra en herminjarnar en þó virðist ljóst að það hafi a.m.k. verið notað (og líklega byggt/endurbyggt) af hernum. Í því sjást t.d. kolamolar og fleiri ummerki sem tengjast hernum. Seldalur er grasi vaxið sléttlendi í skjóli gróinna holta. Tóftin er í halla til norðurs, í jaðri dalsins.

Grunnurinn er 11,5 x 6 m stór og snýr ANA-VSV. Suðurhlið þess er horfinn undir vegruðninginn. Grúnnurinn er hlaðinn úr stóru grjóti sem er nú mosavaxið og mosi vex einnig innan þess. Hleðslan er tvö umför af hleðslur sést og er um 0,2-0,3 m hærri en umhverfið. Norðurveggur gerðisins er alveg heill og stærstur hluti austur- og vesturveggja einnig og má jafnvel sjá móta fyrir suðausturhorni en suðurhlið er annars alveg horfin í möl og framburð brekkunnar. Mikið af kolum er inni í tóftinn og líka í hliðinni sem hefur sigið yfir tóftina að sunnanverðu og járnleifar sjást einnig á stöku stað. Í veggjum má sjá timburleifar með járnvírum hér og þar. Ekki sést op á gerðinu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35


Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1,5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á



Staðsetning gryfju ÁR-527:066. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Í bók Guðmundar kemur fram að Bretar byggðu fyrst einn bragga á þessum slóðum 1941 en eftir að Bandaríkjamenn tóku við svæðinu 1942 hafi þar verið byggðir stór birgðabraggi, lítill íbúðarbraggi og eldhús. Ekki er víst hvert af húsgrunnunum á þessum slóðum er hvaða mannvirki að þeim sem þarna voru en þau ummerki sem eru skráð undir númerinu 066 virðast eftir stærsta mannvirkið á svæðinu og er því líklegast að þar sé birgðageymslan fundin. Engin eiginleg ummerki sjást hins vegar um braggagrunn en afar reglulegt ferhyrnt rof er þar sem ætla mætti að mannvirki hefði staðið. Grunnurinn hefur verið rúmum 30 m norðan við veginn um svæðið 081 og 14 m norðan við bragga 064.

Seldalur er grasi vaxið sléttlendi í skjóli gróinna holta. Rofið er í sjálfum dalnum og virðist þar hálf deiglent á kafla. Dalbotninn er sléttur og gróinn á þessum slóðum en í hann er á þessum stað ferhyrnd eyða, líkt og eftir byggingu. Ekki er ljóst hversu vel má treysta þessum ummerkjum




Mannvirki ÁR-527:066. Á ljósmyndinni er borft norðausturs


til að gefa góða hugmynd um það mannvirki sem þarna stóð áður en af þeim mætti ætla að bragginn hefði verið stór eða mögulega 24 x 8-12 m. Líklegast er að bragginn væri þá það sem nefnt er birgðahús á korti Guðmundar Kristinssonar. Engar vegg- eða undirstöðuhleðslur sjást og í botni svæðisins er moldarflag. Svæðið er 0,2-0,3 m dýpra en umhverfið en engar efnisleifar sjást inna þess eða í kringum það.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35



Staðsetning lítils mannvirkis ÁR-527:067. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Mannvirki (kamar?) ÁR-527:067. Á ljósmyndinni er horft norðurs

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1,5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Í bók Guðmundar kemur fram að Bretar byggðu fyrst einn bragga á þessum slóðum 1941 en eftir að Bandaríkjamenn tóku við svæðinu 1942 hafi þar verið

byggðir stór birgðabraggi, lítill íbúðarbraggi og eldhús. Ekki er víst hvert af húsgrunnunum á þessum slóðum er hvaða mannvirki en þau ummerki sem skráð eru undir númerinu 067 eru leifar af litlu mannvirki 3-4 m norðan við braggagrunn 064 og 11 m sunnan við suðurgöfl grunns 066. Líklegast er það ekkert af þeim húsum sem getið er um í lýsingu Guðmundar en mannvirkið tengist bragga 064 og gæti t.d. hafa verið kamar við braggann. Seldalur er grasi vaxið sléttlendi í skjóli gróinna holta. Mannvirkið hefur verið í brekku sem hallar til norðurs.

Mannvirkið virðist hafa verið um 1,5 m á kant að stærð og snýr ANA-VSV. Það er hlaðið úr steiptum hellum sem hlaðnar eru upp á rönd. Mosi vex innan hleðslunar og utan. „Hleðslan“ er aðeins ein röð af hellum upp á hlið en norðausturhornið er úr lagi fært. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi mannvirkið hefur verið reist en líklegast tengist það íbúðarbragga 064.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:068 öskuhaugur




Öskubaugur SF-527:068. Á ljósmynd er horft yfir öskubauginn til norðvesturs



Hluti af gripunum sem sáust á yfirborði í öskubaugnum en á myndunum má m.a. sjá mörg flöskubrot og leifar af hljómplötu

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1,5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Undir númerinu 068 er skráðar leifar af stórum öskuhaugi sem verið hefur á svæðinu. Hann var í sunnan og austan við veginn um svæðið 081, þar sem hann sveigir til suðurs, um 50 m VSV við braggagrunn 064. Seldalur er grasi vaxið sléttlendi í skjóli gróinna holta. Ruslahaugurinn er utan í mel sem er suðvestan við Seldalinn. Mosavaxin hæð er á þessum stað og má víða greina gripi, glerbrot og annað rusl undir fæti þegar gengið er yfir mosann. Þar sem eyður eru í hana er rusladreifin greinileg.



Staðsetning öskuhaugs ÁR-527:068. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Ruslahaugurinn er á svæði sem er um 35 x 15 m stórt og snýr NNA-SSA, fast suðaustan vegar. Ekki er ljóst yfir hversu stórt svæði ruslalögin ná í reynd þar sem þau hverfa víða í gróður. Sá hluti sem er næst veginum er mosagróið holt en um 10 m sunnan við veginn lækkar landið og þar liggja ruslalögin ofan í dæld í landinu. Ruslið sést á melnum þar sem rof er í gróðurinn, í brekkunni eða barðinu niður í læðgina og í lægðinni sjálfri. Að sunnan er lægð sem kann að vera að hluta náttúruleg en að hluta gæti hafa verið stungin inn í barminn. Svæðið neðan við er algróið mosa. Neðan við melinn er lægð og í henni er mikið af rusli sem sést best þar sem rof er í


gróðurhuluna. Á þessu svæði er gríðarlega mikið af glerflöskum og glerbrotum, múrsteinar, járngríp, vírar, skothylki, steyptr rör og ýmsu öðru, m.a. fundust þar leifar af járnfötu og hljómplötu. Við skráningu voru valdir gripir af svæðinu mældir inn og teknir til rannsóknar, sjá nánar kafla 5 um göngurnar og gripagreiningu.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:069 gryfja byrgi?

389787 388889



Gryfja ÁR-527:069. Á ljósmyndinni er horft til NNA



Staðsetning gryfju ÁR-527:069. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1,5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Undir númerinu 069 er skráð stór gryfja og hrúga vestan hennar, sem hvort tveggja er fast austan við veginn sem liggur um svæði 081 og um 12 m sunnan við ruslahaug 068. Seldalur er grasi vaxið sléttlendi í skjóli gróinna holta. Gryfjan er á mel sem er suðvestan við Seldalinn.


Gryfjan er 15-16 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 1,5 m á dýpt en er talsvert samfallin. Hliðar gryfjunnar eru að talsverðu leyndi hrundar inn og eru nú aflíðandi. Umhverfis hana er malarkragi sem er misgreinilegur en mest um 0,2 m hærri en umhverfið. Gryfjan og nánasta umhverfið er að hluta til blásin en þó vex víða mosi og lyng í börmum hennar. Talsvert er af grjóti í gryfjubarminum og mögulegt að þar hafi verið einhver hleðsla en hún er þá alveg sundurgengin. Við hlið gryfjunnar, um 1 m suðvestar er hrúga eða hrúgald. Timburstaur er í jaðrinum á henni. Hrúgan er 5-7 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Hún er vaxin grasi. Hrúgan er augljóslega mannaverk en ekki er ljóst hvort neðan svarðar sé einungis að finna uppkast úr gryfjunni eða hvor þar gætu verið leifar af e.k. öðrum úrgangi/rusli. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi gryfjan hefur verið gerð en líklegast er að hún sé einhvers konar skotbyrgi eða gryfja.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:070 gryfja byrgi


389932 388842



Dúst ÁR-527:070. Á ljósmyndinni er horft til norðurs

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1,5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Vestarlega á svæðinu, vestast á Núpafjalli og ríflega 100 m frá aðalbyggingunum á svæðinu (064-067) eru nokkrar gryfjur sem líklega hafa verið e.k. skotbyrgi og (70-075) og önnur ummerki óljósari 082. Afleggjari af vegi 081 liggur til vesturs á þessum slóðum og virðist enda sunnan við þetta svæði. Svæðið er um 1,4 km sunnan við ratsjármastrið sem var á Núpafjalli 077. Gryfja 070 er vestasta gryfjan á þessu svæði.

Gryfjan er á mel sem er á köflum ber en þess á milli gróinn mosa og lyngi og er raunar á stað þar sem nokkur skil eru í gróðrinum, gróið svæði endar og bersvæði tekur við. Af þessum



Staðsetning gryfju ÁR-527:070. Lofmynd: Lofmyndir ehf

stað sést vel yfir til Selfoss, Hveragerðis, Kaldaðarness og Þorlákshafnar.


Gryfja 070 er 9,5 x 8,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún talsvert samansigin og er nú um 0.3 m á dýpt en umhverfis hana er malarkragi. Gryfjan er vel gróin en þó er rof í börmunum á stöku stað. Svolítill rofkragi er einnig umhverfis gryfjuna. Líklegast hefur gryfjan verið skotbyrgi af einhverri tegund.

Hættumat: hættu, vegna rofs


ÁR-527:071 gryfja byrgi

389932 388842

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1.5 km



Byrgi ÁR-527:071. Á ljósmyndinni er horft til norðurs



Staðsetning gryfju ÁR-527:071. Loftmynd: Loftmyndir ehf

sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk

vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Vestarlega á svæðinu, vestast á Núpafjalli og ríflega 100 m frá aðalbyggingunum á svæðinu (064-067) eru nokkrar gryfjur sem líklega hafa verið skotbyrgi og byssustæði (070-075) og einnig óljósari ummerki 082. Afleggjari af vegi 081 liggur til vesturs á þessum slóðum og virðist enda sunnan við þetta svæði. Svæðið er um 1,4 km sunnan við ratsjármastríð sem var á Núpafjalli 077. Gryfja 071 er um 10 m vestan við gryfju 070. Gryfjan er í mel sem er á köflum ber en þess á milli gróinn mosa og lyngi. Af þessum stað sést vel yfir til Selfoss, Hveragerðis, Kaldaðarness og Þorlákshafnar.


Á þessum stað eru tvær gryfjur saman, sjá einnig 072. Gryfja 071 er sú sem er norðar (en um 2 m eru á milli). Gryfjan er grafin ofan í melinn sem er vaxinn mosa á þessum slóðum en talvert rof er í börmum hennar. Hún er sporöskjulaga og um 7 x 5,7 m að stærð. Í kringum hana er malarkragi sem er nokkuð blásinn og sést í mól og mold í honum. Gryfjan er að talsverðu leyti samansigin en í miðju hennar er þó greinileg dæld sem er 2-3 x 1,2 m að stærð. Gryfjan er mest um 0,5 m á dýpt en hæð malarkragans frá umhverfinu er 0,1-0,2 m. Hún hefur líklega verið e.k. skotbyrgi

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-527:072 gryfja byrgi?

389932 388837


Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1.5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins



Gryfja ÁR-527:072. Á ljósmyndinni er borft norðurs

sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Vestarlega á svæðinu, vestast á Núpafjalli og ríflega 100 m frá aðalbyggingunum á svæðinu (064-067) eru nokkrar gryfjur sem líklega hafa verið skotbyrgi og byssustæði (070-075) og einnig óljósari ummerki 082. Afleggjari af vegi 081 liggur til vesturs á

Þessum slóðum og virðist enda sunnan við þetta svæði. Svæðið er um 1,4 km sunnan við ratsjármastríð sem var á Núpafjalli 077. Gryfja 072 er um 10 m vestan við gryfju 070 og 2 m sunnan við gryfju 071. Gryfjan er á mel sem er á köflum ber en þess á milli gróinn mosa og lyngi. Af þessum stað sést vel yfir til Selfoss, Hveragerðis, Kaldaðarness og Þorlákshafnar.



Staðsetning gryfju ÁR-527:072. Loftmynd: Loftmyndir ehf


Á þessum stað eru tvær gryfjur saman, sjá einnig 071. Gryfja 072 er sú sem er sunnar (en um 2 m eru á milli). Gryfjan er grafin ofan í melinn sem er vaxinn mosa á þessum slóðum en talvert rof er í börmum hennar. Innanmál gryfjunnar er um 5 m en ekki er lengur hægt að greina malarkraga í kringum barma hennar heldur er hún aðeins niðurgröftur eða rof í melinn, sem er þó greinilega mannaverk. Gryfjan sjálf er nærri því alveg samansigin en mörk hennar má sjá í gróðri (gróið svæði er þar sem dældin var) og einnig sjálst steypuleifar og timburbrot þar sem niðurgröfturinn var áður. Líklegast er að einhvers konar skotbyrgi hafi verið á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna rofs


ÁR-527:073 gryfja byrgi?

389899 388818

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1.5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinsonar sem birtist í



Gryfja ÁR-527:073. Á ljósmyndinni er horft til norðausturs



Staðsetning gryfju ÁR-527:073. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins

sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Vestarlega á svæðinu, vestast á Núpafjalli og ríflega 100 m frá aðalbyggingunum á svæðinu (064-067) eru nokkrar gryfjur sem líklega hafa verið skotbyrgi eða byssustæði (070-075) og óljósari mannvirki hér og þar (sjá 082) Afleggjari af vegi 081 liggur til vesturs á þessum slóðum og virðist enda skammt sunnan við þetta svæði. Svæðið er um 1,4 km sunnan við ratsjármastrið sem var á Núpafjalli 077. Gryfja 073 er um 37 m suðvestan við gryfjur 071-072. Gryfjan er á mel sem er á köflum ber en þess á milli gróinn mosa og lyngi. Gryfjan er í vesturjaðri mjög lágs holts og er dæld á milli þess og þess holts sem gryfjur 070-072 eru í. Rof er í gróðurinn sunnan við gryfjurnar.

Gryfjan er 10 x 8,7 m stór og snýr NNA-SSV. Talsverður kragi er í kringum hana sem er 0,1-0,2 m hærri en umhverfið. Gryfjan er talsvert samansigin og sjálf dældin er 2,5 x 1 m að stærð. Kragi gryfjunnar er gróinn en innan hans er rof sem myndar rofa-hring allt umhverfis botninn. Í gryfjunni eru timburstaurar á tveimur stöðum í norðaustur- og suðvesturhorni. Líklegast er að gryfjan sé skotbyrgi af einhverri gerð.

Hættumat: hætta, vegna rofs


ÁR-527:074 gryfja byrgi?

389880 388815

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1.5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Vestarlega á svæðinu, vestast á Núpafjalli og ríflega 100 m frá aðalbyggingunum á svæðinu (064-067) eru nokkrar gryfjur sem líklega hafa verið skotbyrgi eða byssustæði (070-075) auk óljósari ummerkja 082. Afleggjari af vegi 081 liggur til vesturs á þessum slóðum og virðist enda skammt sunnan við þetta svæði. Svæðið er um 1,4 km sunnan við ratsjármastrið sem var á Núpafjalli. Gryfjan er um 8,5 m vestan við gryfju 073. Gryfjan er á mel




ÁR-527:074



Gryfja ÁR-527:074. Á ljósmyndinni er horft til norðurs

sem er á köflum ber en þess á milli gróinn mosa og lyngi. Gryfjan er í vesturjaðri mjög lágs holts og er dæld á milli þess og þess holts sem gryfjur 070-072 eru í. Rof er í gróðurinn sunnan við gryfjurnar.

Gryfjan er 9 x 7,7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er talsvert samansigin, innanmál hennar er nú 2,5 x 1 m. Hún er sporöskjulaga og ágætur kragi sést umhverfis barma hennar en líkt og með gryfju 073 er rof í þeim innanverðum. Í rofinu sést glitta í strigapoka og tréspýtur eða -pinna. Kraginn er svolítið óljós til norðausturs (á um 2 m kafla) og þar hefur gróður breiðan fært sig inn í tóftina. Kraginn er 0,2 m hærri en umhverfið en sjálf gryfjan er um



Staðsetning gryfju ÁR-527:074. Loftmynd: Loftmyndir ehf
0,5 m djúp. Skammt utan við gryfjuna liggur stórt járnstykki sem virðist hluti af vélarbúnaði. Gryfjan hefur líklegast verið skotbyrgi af einhverri tegund.

Hættumat: hætta, vegna rofs


ÁR-527:075 gryfja byrgi?

389881 388806


Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1.5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskuhaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinsonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Vestarlega á svæðinu, vestast á Núpafjalli og ríflega 100



ÁR-527:075



Gryfja ÁR-527:075. Á ljósmyndinni er horft til SSA



Staðsetning gryfju ÁR-527:075. Loftmynd: Loftmyndir ehf


m frá aðalbyggingunum á svæðinu (064-067) eru nokkrar gryfjur sem líklega hafa verið skotbyrgi eða byssustæði (070-075) og óljósari ummerki 082. Afleggjari af vegi 081 liggur til vesturs á þessum slóðum og virðist enda skammt sunnan við þetta svæði. Svæðið er um 1,4 km sunnan við ratsjármastrið sem var á Núpafjalli 077. Gryfja 075 er 2 m sunnan við gryfju 074. Gryfjan er á mel sem er á köflum ber en þess á milli gróinn mosa og lyngi. Gryfjan er í vesturjaðri mjög lágs holts og er dæld á milli þess og þess holts sem gryfjur 070-072 eru í. Rof er í gróðurinn sunnan við gryfjurnar.

Gryfjan 075 er mun óljósari en bæði 073 og 074 og er á kafla alveg ógreinileg til norðurs og þar liggur gróðurtorfa inn í gryfjuna. Í barmi hennar er hringur af rofi eins og í hinum gryfjunum á þessu svæði og þar sjást sömuleiðis svolítið af timbri og eins sjást steypuleifar og steypusteinar á nokkrum stöðum. Gryfjan er nú alveg samfallinn og ekki er hægt að tala um dæld í miðju hennar. Hún er um 5 m í þvermál. Gryfjan hefur líklegast verið skotbyrgi af einhverri tegund.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-527:076 öskubaugur

389853 389716



Öskubaugur ÁR-527:076. Á ljósmyndinni er horft til norðausturs




Öskubaugur ÁR-527:076, nærmyndir af gripaflórinni á yfirborði, horft til norðausturs

Við vettvangsgöngur 2019 fundust leifar af öskuhaugi um 760 m SSA við aðalsvæði Camp Cameron en um 500 m SSA við ratsjármastrið á Núpafjalli 077. Ruslahaugurinn er um 30 m austan við vegslóða 080. Á þessum stað hefur rusli verið kastað fram af brún og liggur það dreift um brekkuna fyrir neðan. Líklegast hefur bílum verið bakkað af veginum og út á melinn og ruslinu síðan sturtað niður hlíðina. Nokkuð bratt er fram af brúninni á þessum stað en hálfgerð sylla eða dalverpi er neðar. Holtið er mosavaxið á þessum slóðum en talsvert rof er þó í hlíðinni víða.

Ætla má að ruslið hafi dreifst um nokkuð stórt svæði og jafnvel að því hafi verið sturtað niður hlíðina á fleiri stöðum þótt ekki hafi fundist ummerki um það að þessu sinni. Þéttust var dreifing ruslsins á um 10 x 7 m stóru svæði og voru þar mikið af gripum (s.s. munnharpa, skothylki, glerflöskum og -brotum, járnarusli og mörgu öðru). Kerfisbundið var farið yfir svæðið og gripir týndir upp og skoðaðir við vettvangsrannsóknir 2019 og sjá nánar í köflum um gripagöngur og greiningu.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Staðsetning öskuhaugs ÁR-527:076. Loftmynd: Loftmyndir ehf


ÁR-527:077 mannvirki ratsjárnastur

389744 390201

Ratsjárnastur var reist á Núpafjalli á stríðsárunum og tók ratsjárnstöðin til starfa 31. desember 1943 og var lokað 21. maí 1945 samkvæmt bók Guðmundar Kristinssonar Styrjaldarárin á Suðurlandi. Mastrið á Núpafjalli var reist eftir að ratsjárnastur á Stórhöfða í Vestmannaeyjum var tekið niður og þeirri ratsjárnstöð lokað. Í kjölfarið var mastrið flutt á Núpafjall og stöðin opnuð. „Reistu þeir hátt mastur á þrífæti með fjórum stögum. Tók hún til starfa í árslok 1943 og var



Ratsjárnastur ÁR-527:077 (og stjórnstöð 078). Á ljósmyndinni er horft til SSA



Staðsetning ratsjárnasturs ÁR-527:077. Loftmynd: Loftmyndir ehf

rekin af sveit úr A Company og síðar B comany úr 556th Signal Aircraft Warning Battalion,“ segir í bók Guðmundar Kristinssonar. Talsverð ummerki sjást eftir mastrið á fjallinu, um 300 m ofan (ASA) við Camp Cameron. Samkvæmt uppdrætti Guðmundar Kristinssonar af svæðinu var mastrið í 313 m hæð yfir sjávarmáli. Ekki finnast heimildir um að í ratsjárstöðinni hafi orðið óvinaflugvéla vart. Mastrið hefur staðið hátt á Núpafjalli en þó ekki á hæsta punkti þess þar sem það er hærra norðar og lítið eitt hærra til vesturs. Umverfis það eru nokkrir klettur í fjallinu en þó er víðsýnt af þessum stað.

Á þessum stað hefur staðið ratsjarmastur sem hefur verið stagað niður með járnvír. Sjálft ratsjarmastrið hefur verið þar sem nú sést steinsteypt plata um 3.5 m á kant og gengur um 5 cm upp úr jörðinni. Upp úr öllum hornum hennar ganga tveir gríðarstórir járnteinar (30 cm á milli og eru þeir 30 cm á hæð og er efsti hluti þeirra skrúfgangur) en eftir norðausturhlið er einnig steypur kantur eða veggstúfur, um 2 m á lengd en 0,3 m á breidd og 0,2 m á hæð. Í veggnum bæði op og teinar og á tveimur stöðum ganga spýtur upp úr steypunni. Víða má sjá voldug steypujárn í steypunni sem hefur verið notað til styrktar/bindingar. Umhverfis plötuna hafa verið steipt stög og í þeim eða við þá er alls staðar stórar járnlykkjur sem sést vel ennþá. Stögin sem eru suðaustan við ratsjarmastrið eru í sömu fjarlægð frá mastrinu en þau sem eru norðvestan við eru ójöfn. Hjá lykkunni sem hefur vest suðurhornið er einnig steypur kassi sem ekki er ljóst hvaða hlutverki hefur gengt.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-36

ÁR-527:078 mannvirki stjórnstöð/útsýnishús 389740 390206

Grunnur eftir stórann bragga er fast NNV við grunn undan ratsjarmastri. Á þessum stað var „útsýnishús“ samkvæmt uppdrætti Guðmundar Kristinssonar og var steingólf í því samkvæmt sama uppdrætti. Húsið hefur væntanlega verið stjórnstöð mastursins, sjálf ratsjárstöðin.



Ummerki eftir stjórnstöð AR-527:078, horft til SSA. Uppmaling, sjá 077



Staðsetning stjórnstöðvar ÁR-527:078. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Bragginn hefur staðið hátt á Núpafjalli en þó ekki á hæsta punkti þess þar sem það nær hærra norðar og lítið eitt hærra til vesturs. Umhverfis hann eru nokkrir klettur í fjallinu en þó er víðsýnt af þessum stað.

Braggagrunnurinn er 17 x 5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Umhverfis hann eru miklir hryggir af steypusalla þannig að samtals má ætla að svæðið sé 22 x 18 m að stærð. Milli braggagrunns og ratsjárstöðvar er líkt og hafi verið stígur eða plan sem er þó orðið svo ógreinilegt að aðeins má greina það á þeirri staðreynd að þar er talsverð rauðamöl í jarðveginu. Gólfplata braggans sést nokkuð vel, sérstaklega að sunnan og þar hefur mosi skotið sér í plötuskilin og markar þau með afgerandi hætti. Nyrst er platan hins vegar komin á kaf í mosa. Við norðurenda braggagrunnsins er hluti af steiptum vegg og sést einnig norðurendi austur- og vesturlangveggjar á þessum stað. Gólf mannvirkisins er alveg yfirgróið á þessum slóðum en svolítið af steypuleifum er þar og einnig stendur það örlítið hærra en hinn hluti braggans. Mögulegt er að steinsteipt bygging hafi verið þarna, við norðurenda braggans og þá verið um 3 m á lengd. Lítið sem ekkert af gripum var innan braggagrunnsins en svolítið af kolum og jární utan hans þar sem nú eru lágir hryggir af malarsalla. Í miðri tóft er gólf-fast timbur og standa tvö járnror upp úr því og því líkt og eitthvað hafi staðið á þessum stað. Sunnar er eins og hafi verið kassi um 70 x 50 m stórt ofan í plötunni. Óljósari timburleifar eru á fleiri stöðum. Steinsteipt rör liggur frá tóftinni og til

suðausturs niður hlíðina og er greinilegt í um 20 m langt áður en það hverfur endanlega. Umhverfis tóftina eru sem fyrr segir gríðarmiklir hryggir þar sem talsvert er af malarsalla, járn og öðru. Hryggirnir eru nú víða allt að 3 m á breidd en 0,1-0,3 m á hæð. Líklegt virðist að umræddir hryggir séu útflattar leifar einhvers konar hleðslu eða uppmokstri upp að braggaveggum til að styrkja bygginguna enda án efa mjög vindasamt á þessum slóðum. Hafi verið um eiginlega hleðslur að ræða þá er hún alveg niðurbrotin en e.t.v. er líklegast að einungis hafi verið hrúgað jarðvegi og salla upp að bragganum. Í hryggjunum eru bæði hraungrýti og rauðamöl sem er aðflutt. Tvær hrúgur af slíkum hraungrýtismolum (0,1 m á hæð) eru einnig skammt norðan við braggann.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35

ÁR-527:079 varða hlutverk óþekkt

389648 389978

Varða er á klapparholti á Núpafjalli um 240 m sunnan við þar sem ratsjármastur stóð á fjallinu. Ekki er víst að varðan tengist viðveru hersins á þessum slóðum en hún virðist ekki forn og gæti vel hafa verið hlaðin um miðja 20. öld og fær því að njóta vafans í skráningunni. Frá vörðunni er mikið útsýni yfir Hurðarásvötn, hluta af Hellisheiði, til Heklu, Þorlákshafnar og Hveragerðis. Varðan er á klapparholti á Núpafjalli. Varðan er hlaðin úr meðalstóru grjóti og er 1,4 x 0,8 m stór og snýr austur-vestur. Hún er 0,4 m á hæð. Efst í henni eru nokkrir litir



Staðsetning vörðu ÁR-527:079. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Varða ÁR-527:079, borfti til austurs (á mynd til vinstri) en niður á mynd til hægri.


steinar sem gætu verið nýlegir.

Hættumat: engin hættu

ÁR-527:080 hleðsla hlutverk óþekkt
 Ferhyrnd hleðsla er á Núpafjalli, tæpum 100 m sunnan við vörðu 079 og rúmum 310 m sunnan við þar sem ratsjármastríð á fjallinu stóð. Ekki er víst að hleðslan tengist umsvifum hersins á þessum slóðum en það gæti verið og var hún því skráð þegar herminjar á þessum slóðum voru skráðar sumarið 2019. Hleðslan er á Núpafjalli og er gott útsýni þaðan, m.a. í átt að Seldal.

389650 389886

Ekki er ljóst hvers eðlis hleðslurnar eru en þær eru af litlu mannvirki sem er um 1.7 m á kant. Hleðslan er mjög regluleg og úr mjög stórum steinum. Hún hefur þó hrunið að nokkru leyti og sum staðar sjást minni steinar inn á milli. Nokkrar flatar hellur eru einnig á stöku stað en ekki sést op á mannvirkinu. Hleðsluhæð er 0,3 m. Líklegast hefur mannvirkið verið



Staðsetning hleðslu ÁR-527:080. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Varða ÁR-527:080. Á ljósmyndinni til vinstri er borft til austurs en til NA á mynd til hægri

einhvers konar byrgi.

Hættumat: engin hætt

ÁR-527:081 vegur leið


389877 389193



Vegur ÁR-527:081 þar sem hann greinist, borft til SSA

Á hernámsárunum réðist herinn í talsverða vegagerð í tengslum við uppbyggingu ratsjárstöðvar á Núpafjalli og herbúða þar við (Camp Cameron). Í bók Guðmundar Kristinssonar um hernámsárin á Suðurlandi segir: „Vorið 1940 sendi Bretar aftur herlið á Núpafjall. Gerðu þeir bílfæra braut, kílómeter langa, suður af Helligheiðarvegi frá undir Núpafjall. Þaðan lá brautin vestur undir klettabelti um einstigi og á sveig niður dalverpið norður af Hurðarásvötnum [sjá 050]. Þar reistu þeir tjaldbúðir og eitthvað af bröggum fyrir veturinn. Síðar héldu þeir áfram vegagerðinni austan í Núpafalli [sú sem hé er skráð, 081] um tveggja km leið fram í Seldal og reistu þar einn bragga. Ofaníbúrd í vegina sóttu þeir á stuttum Bedford-bílum úr Reykjafelli fyrir norðan Skíðaskálann.“ Undir þessu númeri er skráður sá hluti vegarins sem liggur frá afleggjara

að Camp Cameron og til suðurs um Núpafjall að birgðahúsi hersins í Seldal, um 1.4 km sunnar og svo að byssustæðum. Framhald hans lá svo enn lengra til suðurs en ekki var honum fylgt alla leið heldur áhersla lögð á að rekja hann á þeim hluta svæðisins þar sem önnur umsvif hersins




Vegur ÁR-527:081 er til bægrí á mynd (þar sem gulur punktur er merktur). Sjá nánar á yfirlitskorti um leiðir í kafla 7. Loftmynd: Loftmyndir ehf

voru skoðuð. Norðarlega má sjá salla í veginum en þegar sunnar dregur verður hann ógreinilegri og slóðinn einfaldlega slæmur jeppaslóði holóttur og sundurgrafinn á köflum. Þar sem vegurinn liggur um mela er hann, eins og gefur að skilja, nokkuð greiðfær. Vegurinn var rakinn á tæplega 3 km kafla á fjallinu og er víðast á bilinu 1,5-3 m á breidd. Ef hann er farinn til suðurs liggur afleggjari af honum 081b til austus að minjum 070-075 og 082_01-06.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Guðmundur Kristinsson, 34-35



Öskubaugur ÁR-527:076. Á ljósmyndinni er borft norðausturs




Tvö af gróðurlausu svæðunum þar sem mannvirki virðast hafa verið ÁR-527:082. Á ljósmyndinni til vinstri er borft til norðaustur en til suðvesturs á mynd til hægri

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron byggði herinn nokkur mannvirki í Seldal um 1.5 km sunnan við Camp Cameron. Á þeim stað stóðu birgðabraggi, íbúð, eldhús og loftvarnarbyssur auk þess sem þar var öskubaugur samkvæmt korti Guðmundar Kristinssonar sem birtist í Styjaldarárin á Suðurlandi. Á þessum slóðum voru skráð 14 mannvirki (sjá 064-070) auk vegarins sem lá í gegnum svæðið og áfram (081). Vestarlega á svæðinu, vestast á Núpafjalli og ríflega 100 m frá aðalbyggingunum á svæðinu (064-067) eru nokkrar gryfjur sem líklega hafa verið skotbyrgi og byssustæði (070-075) og auk þessa óráðar leifar eða stallar á nokkrum sjö stöðum sem hér eru

skráðar saman undir númerinu 082. Afleggjari af vegi 081 liggur til vesturs á þessum slóðum og virðist enda sunnan við þetta svæði. Svæðið er um 1.4 km sunnan við ratsjármastríð sem var á Núpafjalli. Ummerkin eru á mel sem er á köflum ber en þess á milli gróinn mosa og lyngi og er raunar á stað þar sem nokkur skil eru í gróðrinum, gróið svæði endar og bersvæði tekur við.

Undir þessu númeri eru skráðir sjö blettir þar sem gróðurfar og ummerki gætu bent til að eitthvað hafi staðið. Samtals eru þeir á svæði sem er um 70 m í þvermál. Ummerkin eru í öllum tilfellum of ógreinileg til að hægt sé að fullyrða um að þar hafi eitthvað staðið, og þá ennsíður hvað. Um er að ræða slétt svæði í melinn þar sem sum staðar er eyða í gróðurinn og annars staðar virðist samsetning melsins vera öðruvísi en í kring (grjótdreif öðruvísi á litinn). Ekki er hægt að



Staðsetning þeirra sjö flata sem skráðir voru undir númerinu ÁR-527:082. Loftmynd: Loftmyndir ehf

útiloka að blettirnir séu náttúrulegir (t.d. einhvers konar frostverkun) en þeir virðast þó helst til of reglulegir til þess og því var ákveðið að láta þá njóta vafans og mæla þá upp. Blettur 01 er nyrst og er hann stærstur eða 13 x 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Tæpum 30 m sunnar er annar blettur 02 nokkuð afgerandi, nærri því þar sem vegslóði endar. 02 er um 11 m í þvermál, þó ívíð lengri norður-suður. Um 10 m suðvestan við 02 er svo lítill en áberandi blettur 03, fast sunnan við vegslóða. Hann er um 4,5 m í þvermál. Um 14 m SSA eru svo tveir afgerandi blettir til viðbótar og er sá austari 04, 6,5 x 4 m stór (norðvestur-suðaustur) en 6 m vestar er sá fimmti 05 sem er um 4 m í þvermál. Áberandi mosagróður er í kringum alla staðina. Sjötti bletturinn sem


var mældur 06 var um 2 m vestan við gryfjur 071 og 072. Hann er um 7 x 5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Sjöundi bletturinn 07 var um 4 m austan við gryfju 073. Hún er um 10 m á lengd norðvestur-suðaustur og er um 2 m að lengd. Þarna eins og á hinum stöðunum eru eins og grá möl. Sem fyrr segir er ekki fullvíst að þessi ummerki tengist veru hersins á þessum slóðum en það er þó talið líklegra.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-527:083 mannvirki varðskýli?


389901 390409

Lítið mannvirki er um 360 austan við aðalkampinn, Camp Cameron. Mannvirkið er um 17 m vestan við veg 050 og liggur svolítill afleggjari, um 15 m langur frá veginum og að svæðinu. Líklega hefur verið lítið hús eða braggi 01 á þessum stað og ólöguleg varða skammt austan þess 02. Mannvirkið er á mosavöxnum mel, skammt frá veginum. Svæðið er mosavaxið en til vesturs hækkar land svolítið og þar er gróður á melnum gisinn.



Staðsetning mannvirkis ÁR-527:083. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Mannvirkið 01, er steinsteypt gólf, 5 x 4 m að stærð og snýr það NNA-SSV. Ekki er ljóst hvernig mannvirki hefur verið á þessum stað en vera má að það hafi verið einhvers konar eftirlitskofi eða varðstöð enda nærri veginum. Talsvert af rusli er í kringum steypuleifarnar og nær það í allt að 30 m radíus frá þeim. Þar er m.a. að finna talsvert af timbri og járnarusl, tunnuleifar,



Mannvirki ÁR-527:076. Á ljósmyndinni er horft til norðausturs

skósóla, leirkersbrot o.fl. Um 5 m austan við steypuleifarnar er lítil varða 02 sem ugglaut er í tengslum við mannvirkið og líklega hlaðin af hermönnum. Varðan er einföld, samanstendur af tveimur umförum af stórgrýti og er aðeins um 0,4 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Ekki er merkt mannvirki á þessum stað á korti Guðmundar Kristinssonar af Camp Cameron enda væri það í jaðri eða fast utan þess svæðis sem hans kort nær yfir.

Hættumat: hætta, vegna rofs

5. Skráðar minjar á Núpafjalli

Við skráningu herminja á Núpafjalli 2019 voru skráðir 45 staðir. Sex af minjastöðunum voru braggabyrpingar, þrjár braggar á þremur stöðum en tveir á tveimur, auk þess sem þyrping af sjö gryfjum var skráð undir einu númeri og voru því samanlagt skráðar um 60 minjaeiningar á svæðinu.³

Við skráningu og heimildaleit um mannvirki og lífið í Camp Cameron var að miklu leyti stuðst við bók Guðmundar Kristinssonar *Styrjaldarárin á Suðurlandi* en mjög fátt fannst af öðrum heimildum um staðinn. Ólíkt sumum öðrum kömpum eru mannvirkin á Núpafjalli ekki teiknuð inn á neitt af amerísku herkortunum af Íslandi (AMS kort) og ekki fannst gömul loftmynd af svæðinu sem sýndi það á 5. eða 6. áratug 20. aldar. Þrátt fyrir nokkra leit hafa heldur ekki komið í ljós ljósmyndir af kampinum eða öðrum mannvirkjum eða hermönnum á Núpafjalli og því litlar forsendur til að staðsetja aðrar minjar en þær sem ummerki fundust um á vettvangi. Gott handteiknað kort var hins vegar gert af svæðinu 1998 (byggt á yfirborðsummerkjum) og nýttist það vel við skráninguna.⁴

Ekki er ólíklegt að eitthvað af þeim mannvirkjum sem kunna að hafa risið á svæðinu hafi síðar horfið og skilið eftir sig lítil ummerki og engin spor í heimildum. Í slíkum tilfellum er ólíklegt að minjarnar yrðu staðsettar við vettvangsskráningu. Almennt séð reyndust þó ummerki hersins í Camp Cameron nokkuð afgerandi þótt grunnar bragga á aðalsvæðinu væru margir nokkuð blásnir. Talsverð ummerki sáust einnig um vegi, sér í lagi þá sem mikill ofaníbúður var notaður í, þótt óverulegri slóðar væru reyndar sums staðar að hverfa í gróður. Víða sáust einnig ummerki um margs konar gryfjur en allar áttu þær það sameiginlegt að barmar voru teknir að síga saman og voru sumar þeirra nokkuð óljósar. Hér verður nú gefið yfirlit um helstu minjaflokka sem fundust við vettvangsskráningu.

Braggar

Gróflega má skipta úttekarsvæðinu á Núpafjalli í tvennt. Vestast, í Camp Cameron, virðast hafa verið 14 braggar en ofan við kampinn voru fjögur önnur hús: rafstöð, braggi sem var stjórnstöð (merkt útsýnishús á uppdrætti Guðmundar Kristinssonar), sjálft ratsjármastríð og hús eða braggi sem kann að hafa verið varðstöð við veginn. Austast á svæðinu, í Seldal, voru svo þrjár byggingar, birgðabraggi, íbúðarbraggi og eldhús.

³ Af þeim eru þó tvö númer sem eru í raun yfirlit um svæði, annars vegar fyrir Camp Cameron (sjá fornleif ÁR-527:026) og hins vegar minjarnar í Seldal (ÁR-527:031)

⁴ Það birtist í bók Guðmundar Kristinssonar *Styrjaldarárin á Suðurlandi*

Ef nánar er litið á útlit og möguleg hlutverk mannvirkjanna í Camp Cameron má sjá að sunnarlega á svæðinu voru sex braggar í hnappi (ÁR-527:048 og 049) sem hafa án efa verið íbúðarbraggar. Ekki er nákvæmlega vitað hvaða hlutverki hinir braggarnir átta í kampinum gegndu en á svæðinu var einhvers konar samkomubraggi (á ensku *mess hall*) þar sem hermenn komu saman og líklega var það þar sem haldnir voru dansleikir (sjá kafla 7). Einhverjir af bröggunum hafa væntanlega tilheyrt yfirmönnum, en rými þeirra voru ætíð aðskilin vistarverum óbreyttra hermanna. Ef frá eru talin steipt gólf í örfáum bröggum þá eru braggagrunnarnir að flestu leyti áþekkir og enginn þeirra sker sig úr á afgerandi hátt varðandi lögum eða stærð. Helst er að giska á að þeir braggar á svæðinu sem voru með steiptum gólfum (ÁR-527:044 og 045) kunni að hafa verið betri vistarverur en þeir sem ekki voru með slík gólf. Braggi 045 er stakur (við hlið tveggja braggasamstæðu ÁR-527:046) en braggasamstæða 044 samanstendur af þremur samstæðum bröggum sem vel gætu hafa gegnt hlutverki einhvers konar samkomuhúss. Að auki má nefna að nokkuð illa farið braggapar ÁR-527:047 er á hálfgerðu hringtorgi á svæðinu, þ.e. vegarslóðinn um svæðið liggur í hring í kringum það og verður að teljast ólíklegt að þar hafi verið íbúðarbraggar. Þar gæti hafa verið birgðabraggi eða annars konar bygging í almennri notkun.

Ekkert er vitað um hversu margir hermenn höfðust við í Camp Cameron. Lengst af virðist kampurinn ekki hafa hverfst um ratsjarmastrið heldur haft einhvers konar eftirlits- og/eða varnarhlutverk þar sem sjálf ratsjárstöðin tók ekki til starfa fyrr en um áramótin 1943-1944. Ekki er vitað til þess að nýir braggar hafi verið reistir í tengslum við mastrið að því frátöldu að stjórnstöðin við hlið mastursins hlýtur a.m.k. að hafa verið endurinnréttuð í tengslum við ratsjarmastrið (en getið er um hana á fjallinu haustið 1943).

Almennt má segja að minjar í kampinum séu talsvert illa farnar og kemur þar ýmislegt til. Fyrst ber að nefna að yfirborðsummerki benda til þess að talsvert af þeirri efnismenningu svæðisins sem endurnýta mátti hafi verið tekið niður og fjarlægt við stríðslok eða á árunum þar á eftir.

Talsvert misjafnt virðist eftir kömpum hversu mikið var lagt í hleðslur meðfram braggaveggjum en í Camp Cameron bendir flest til að slíkar hleðslur hafi verið veigalítar. Kampurinn er á skjólsælum stað og má vera að ekki hafi þurft að tryggja braggana jafn vel fyrir veðrum og vindum og t.d. á Skálum þar sem kampurinn var á nokkru bersvæði og vegghleðslur meðfram braggagrunnum mjög veglegar. Annað atriði sem hefur áhrif á varðveislu herminja á þessu svæði er jarðvegsrof sem er talsvert í og við kampinn. Sumir braggagrunnanna eru nú orðnir mjög ógreinilegir vegna þessa og ljóst er að bygging mannvirkja á þessum stað, þar sem gróðurhula var þunn og viðkvæm fyrir hefur líklega aukið mjög á uppblástur á svæðinu. Sökum alls þessa eru sumir af braggagrunnunum orðnir illmerkjanlegir og í braggasamstæðunni þar sem

sex braggar virðast hafa staðið saman (ÁR-527:048-049) er nú ekki lengur hægt að greina mörk einstakra bragga. Þrátt fyrir þetta, eða kannski einmitt vegna þess, fannst fjöldi gripa á yfirborði í bröggunum í og við Camp Cameron.

Fyrirfram var gert ráð fyrir að einhvers konar viðbyggingar og smákofar væru víða í nágrenni bragganna. Slík hús eru víða þekkt, t.d. kamrar, baðhús og geymsluhús. Lítil ummerki um slíkar byggingar fundust hins vegar á vettvangi en á nokkrum stöðum fundust ummerki um steipt gólf eða undirstöður í hluta húss sem greinilega hafa markað af sérstök rými sjá t.d. ÁR-527:047 og ÁR-527:044. Steiptur gólfhluti var líka í bragga ÁR-527:046 og má vera að þar hafi verið arinn. Talsverð mannvirki fundust hins vegar um 70 m norðan við kampinn, utan í mel (ÁR-527:056-061) en norðan og vestan við er deiglendi. Helst er að giska á að þarna gætu hafa verið kamrar eða einhvers konar önnur losun „úrgangsefna“ farið fram.

Ekki fundust heimildir um hversu stór herdeildin í Camp Cameron var en stærð kampsins gæti bent til að herflokkurinn hafi ekki verið mjög stór eða á bilinu 50-100 hermenn.

Aðrar byggingar

Ýmsar aðrar byggingar en braggar voru í Camp Cameron. Áður hafa verið nefndir til sögunnar líklegir kamrar en við svæðið var einnig brennsluofn (ÁR-527:043) þar sem hluta af því rusli sem féll til á svæðinu virðist hafa verið brennt. Leifar mannvirkisins sjást enn og mikill fjöldi smágripa er þar allt umhverfis, margir hverjir með greinilegum eldsmerkjum. Skammt ofan við kampinn var svo rafstöð (ÁR-527:063) og er grunnur hennar heillegur og liggur afleggjari frá aðalveginum að honum. Talsvert af smábútum af byggingarefni fannst í grunninum, bæði mikið af braggaböndum úr járn og aðrir smærri gripir tengdir mannvirkinu og innviðum þess, s.s. naglar, viðarfjalir og staurar úr undirstöðum gólfs. Leiðslur lágu frá bragganum og niður að sjálfum kampinum. Nokkru ofar á fjallinu var svo sjálft ratsjarmastrið (ÁR-527:077) og stöðvarhús við það (ÁR-527:078). Mastrið var af gerðinni SC 271. Það var um 12 m hátt og hefur að öllum líkindum verið tekið í sundur og fjarlæggt í stríðslok enda var það sérstaklega valið þar sem hægt var að taka það í sundur og flytja í smærri bótum en mörg önnur möstur.⁵ Leifar af undirstöðu mastursins sjást enn. Bæði má sjá móta fyrir steyptri plötu og margvíslegum öðrum steypuleifum í kring. Þar eru m.a. stórar járnlykkjur fyrir stög. Stöðvarhúsið (ÁR-527:078) var með steiptu gólfi og hefur verið nokkuð stórt eða 17 x 5 m (gólfplötur). Talsverður steypusalli er allt í kringum það. Timburleifar sjást í steypunni og á tveimur stöðum er greinilegt að einhvers konar tækjabúnaður hefur verið festur niður í það. Niðurgrafið rör liggur einnig frá tóftinni og til ASA niður fjallið.

⁵ Friðþór Eydal. 1999: 167.

Auk mannvirkja í og við Camp Cameron voru skráð ummerki eftir þjú hús í Seldal austast á fjallinu, sem samkvæmt heimildum voru geymsluhús, eldhús og íveruhús. Ummerki eftir stórt hús (ÁR-527:066), sem að öllum líkindum var umrætt geymsluhús, eru í dalbotninum. Þau eru ógreinileg og sjást aðeins sem ferhyrnd eyða í gróðurinn. Litlu ofar, í hlið dalsins eru svo ummerki eftir tvö minni hús, annars vegar íveruhús og svo eldhús ef marka má heimildir (ÁR-527:064-065). Grunnur eystra hússins (064) er líkur braggagrunnunum í sjálfum kampinum þótt brekkan ofan við sé að hluta sigin yfir annan langvegg hans. Gólf braggans hefur að hluta verið steipt og við hlið hans virðist hafa verið lítið mannvirki (ÁR-527:067), hugsanlega kamar eða lítið geymsluhús. Fast austan hans er svo mannvirki (ÁR-527:065) sem nokkuð sker sig frá öðrum minjum á fjallinu sökum þess að mikið af grjóti er í veggundirstöðum. Ekki er víst að það hafi verið braggi enda minnir mannvirkið mest á grjóthlaðið gerði frá síðari öldum. Í og við það fannst hins vegar mikið af minjum um veru hersins og þykir ljóst að það hafi verið nýtt eða endurnýtt af honum og þá líklega verið eldhúsið sem getið er í heimildum. Líkt og með mannvirki 064 er brekkan óðum að síga yfir leifarnar og gerir þær ógreinilegri en ella.

Byrgi og skotgryfjur


Talsvert var um gryfjur nærri Camp Cameron og má vel vera að fleiri gryfjur leynist á fjallinu (og mætti e.t.v. finna ef gengið væri kerfisbundið um fjallið). Samtals fundust ummerki um sjö niðurgrafin mannvirki sem talin voru líkleg skotbyrgi (ÁR-527:070-75) í suðaustanverðu fjallinu skammt frá Seldal og að auki voru óljósir stallar á nokkrum stöðum þar í kring sem gætu verið mannaverki (ÁR-527:082). Byrgin voru flest lítil og niðurgrafin að mestu en krangi var umhverfis sum þeirra og leifar strigapoka sáust á einstaka stað. Byrgin eru víða sigin saman og sum þeirra eru að verða ógreinileg í mosavöxnum melnum. Auk byrgjanna var skráð vígi ofan við kampinn í Camp Cameron (ÁR-527:053) og heimildir geta um að sett hafi verið upp loftvarnarbyss í miðri hliðinni fyrir austan kampinn en ekki tókst að finna slík ummerki nema ef ferhyrnd hleðsla (ÁR527:080) kynni að vera leifar af undistöðu hennar.⁶

Aðrar minjar

Margvíslegar aðrar minjar voru skráðar í Camp Cameron og ber þar helst að nefna að ruslahaugar fundust á tveimur stöðum, (ÁR-527:068 og 076). Annar þeirra var sunnan við Seldal (068) en hinn við veginn á milli Seldals og Camp Cameron og virðist helst sem þar hafi rusli verið sturtað

⁶ U.S. Air Force Historical Institute, Maxwell AFB: 556th Signal Aircraft Warning Battalion History, 1941-1945.

fram af vörubílspalli. Á báðum stöðum var gengið um svæðin og gripir kannaðir, með mismunandi aðferðum þó. Í ruslahauginum við Seldal var horfið frá því að safna gripum kerfisbundið þegar ljóst varð að öskuhaugurinn var mjög gróinn. Því voru aðeins valdir gripir mældir inn og hirtir. Í öskuhaug 076 var hins vegar stuðst við hnitakerfi og gerð kerfisbundin söfnun gripa á svæðinu (sjá kafla 6). Á þremur stöðum (ÁR-527:052, 054 og 055) var skráð



Mynd 3: Helstu vegir hersins á Núpaflalli. Loftmynd: Loftmyndir ehf

staðsetning líklegrar mannvistar en í öllum tilfellum þótti ljóst að ummerki um mannvist leyndust undir sverði. Ekki er hægt að fullyrða um eðli þessara staða án þess að stinga niður skóflu en þó þótti ljóst að alls staðar væru úrgangsefni frá hernum (t.d. kolasalli eða annars konar úrgangur) sem fallið hefði til á meðan herinn dvaldist þar.

Auk ruslahauga voru skráðir talsvert umfangsmiklir vegir sem lágu annars vegar niður í Camp Cameron (ÁR-527:050) en hins vegar áfram suður fjallið, að Seldal og áfram (ÁR-527:081a og b). Á nokkrum stöðum voru svo skráðar vörður sem virðast fremur nýlegar og gætu verið eftir herinn en gætu einnig verið hlaðnar af öðrum (ÁR-527:033, 036, 037, 042, 079 og 080).

6. Vettvangsgöngur, yfirborðssöfnun og greining gripa

Auk hefðbundinnar fornleifaskráningar voru framkvæmdar kerfisbundnar vettvangsgöngur og gripum safnað á yfirborði á afmörkuðum reitum á Núpafjalli. Reynsla úr fyrri hluta verkefnisins, þar á meðal könnunarskurðir og skráning minja við Skála á Langanesi, hafði sýnt að mikið magn gripa var þar að finna á yfirborði. Tilraun var því gerð þar til að safna gripum af yfirborði og hnitsetja fundarstaði þeirra. Niðurstöður frá Skálum bentu til að gripadreif gæti gefið vísbendingar um athafnir innan eða í námunda við byggingar, en ekki síst verið upplýsandi um afdrif minjanna eftir að staðurinn var yfirgefinn, þ.e. um minjamyndunarferla (e. site formation processes). Því var ákveðið að ráðast í frekari og kerfisbundnari yfirborðssöfnun gripa á Núpafjalli, meðal annars í þeim tilgangi að kanna frekar notagildi aðferðafræðinnar. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeirri aðferð sem beitt var og fjallað um þá gripi sem safnað var.

Aðferðafræði við vettvangsgöngur og gripasöfnun


Kerfisbundin yfirborðssöfnun gripa (e. surface survey) er þekkt aðferð innan fornleifafræðinnar og talsvert notuð víða erlendis. Henni er beitt við söfnun forngripa af yfirborði og eru helstu kostir hennar þeir að ekki þarf að leggjast í fornleifauppgröft eða mikinn tilkostnað til að fá góða hugmynd um efnismenningu á svæðinu. Tilgangur rannsókna er því að gefa innsýn í eðli og hlutverk minjasvæða eða mannvirkja með lágmarksinngripi.

Á Núpafjalli hófust rannsóknir á því að minjasvæðið í heild sinni var gengið til þess að fá yfirsýn yfir mannvirki og dreifingu gripa á yfirborði. Stuðst var við loftmyndir af svæðinu og einnig notast við dróna til að fá frekari yfirsýn. Við vettvangsgöngur fannst fjöldi mannvirkja og svæða sem þóttu henta til frekari könnunar með yfirborðssöfnun en að lokum voru valin þrjú svæði til frekari könnunar. Þessi svæði voru öskuhaugur ÁR-527:076, nærri austurbrún fjallsins, braggahverfið (Camp Cameron) norðvestast á fjallinu og að lokum öskuhaugur ÁR-527:068 í Seldal. Við frekari athugun reyndist öskuhaugurinn í Seldal það gróinn mosa að hætt var við frekari yfirborðssöfnun og var aðeins fáeinum gripum safnað þar. Kerfisbundin gripasöfnun af yfirborði var hins vegar framkvæmd á bæði öskuhaug 076 og á völdum reitum í braggahverfinu.

Yfirborðssöfnun gripa má beita bæði á kerfisbundinn og ókerfisbundinn hátt. Munurinn er sá að við ókerfisbundna aðferð er ekki leitast við að staðsetja fundarstaði gripa, nema mögulega með vísun í nafngreind mannvirki (eins og gert var á öskuhaugnum í Seldal ÁR-527:068). Í braggahverfinu og á öskuhaug 076 var fyrri aðferðin valin og var í báðum tilvikum stuðst við hnitakerfis-aðferð (e. grid approach). Í braggahverfinu Camp Cameron voru fjórir könnunarreitir mældir út, í rafstöðinni ÁR-527:063, í mannvirki ÁR-527:044, í mannvirkjum ÁR-527:045 og 046,

og í mannvirkjum ÁR-527:048 og 049. Á öskuhaug 076 var eitt könnunarsvæði skilgreint og mælt út.

Hnitakerfið í braggahverfinu í Camp Cameron (ÁR-527:063, ÁR-527:044, ÁR-527:045 og 046, og ÁR-527:048 og 049) var byggt á 5 x 5 m reitum sem síðan var skipt niður í fjóra jafnstóra reiti innbyrðis (2,5 m²). Reitunum var gefið númer og síðan gerð yfirborðssöfnun í öðrum hverjum 5 x 5 m reit. Fyrst var hver 2,5 m² reitur ljósmyndaður. Síðan var gripum safnað í 5 mínútur í hverjum 2,5 m² reit, af tveimur einstaklingum. Einstaklingarnir krupu andspænis hvor öðrum og tíndu til sín alla gripa sem sáu í nákvæmlega 5 mínútur. Við söfnunina var jarðvegsyfirborði ekki raskað og aðeins safnað þeim gripum sem lágu lausir á yfirborði. Þegar 5 mínútur voru liðnar var söfnun hætt og farið yfir það sem safnast hafði, gripirnir voru ljósmyndaðir og skrifuð stutt lýsing (svo sem: einn tappi, þrjú glerbrot, tveir naglar, o.s.frv.).



Mynd 4: Skissa af söfnunareitum í öskuhaug ÁR-527:076

Í öskuhaug ÁR-527:076 var notast við smærra hnitakerfi en í braggahverfinu. Ástæðan var sú að fjöldi gripa á yfirborði var þar mun meiri en í braggahverfinu en heildarsvæðið minna. Þá var gripadreifin einnig í miklum halla og erfitt að fóta sig á svæðinu án þess að raska yfirborðinu. Því var ákveðið að skipta svæðinu í 1 x 1 m reiti. Fyrst var mæld út 8 m lína þvert í gegnum öskuhauginn, frá efsta punkti og niður hallann. Síðan voru mældir út 1 x 1 m reitir til hvorrar hliðar við miðlínuna, alls 16 reitir. Þá voru 8 reitir númeraðir; efsti reiturinn hægra/austan megin við miðlínu fékk númerið 1, næsti reitur neðan við (en vinstra megin miðlínunnar) númerið 2, og þannig koll af kalli niður eftir allri línunni, þannig að reitur 8 var neðsti reitur vinstra megin miðlínunnar (sjá skissu á mynd 3). Yfirborðssöfnun gripa var gerð í öllum númeruðu reitunum. Safnað var í 5 mínútur í hverjum reit, án þess að raska yfirborðsjarðvegi. Ólíkt söfnuninni í braggahverfinu þar sem safnað var af tveimur einstaklingum í hverjum reit safnaði í þessu tilfelli

aðeins einn einstaklingur í hverjum reit. Reitirnir voru ljósmyndaðir áður en söfnun hófst og gripir voru ljósmyndaðir eftir að söfnun lauk. Vegna mikils magns gripa var ekki skrifuð lýsing á gripunum á staðnum.



Mynd 5-10: Ljósmyndir af gripum sem safnað var á mismunandi reitum. Efst til vinstri úr reit 6b (ÁR-527:063 rafstöð), efst til hægri úr reit 9b (frá grunni ÁR-527:045-46), miðjumynd til vinstri úr reit 11c (ÁR-527:045 og 046), miðjumynd 13a (ÁR-527:044), neðst til vinstri úr reit 14d (ÁR-527:044) og neðst til hægri úr reit 17c (ÁR-527:044)



Mynd 11-18 Ljósmyndir af gripum sem safnað var á mismunandi reitum. Efst til vinstri úr reit 21a í grunnni mannvirkja ÁR-527:048 og 049, efst til hægri úr reit 21b í grunnni mannvirkja ÁR-527:048 og 049, næst efsta röð til vinstri úr reit 28c í grunnni mannvirkja ÁR-527:048 og 049 og til hægri af reit 28c í grunnni mannvirkja ÁR-527:048 og 49, í næstnæðstu röð til vinstri úr reit 1 í öskuhaugi ÁR-527:076 og til vinstri úr söfnunarreit 2 í sama öskuhaugi. Í neðstu röð til vinstri úr söfnunarreit 6 í sama haugi og til hægri Söfnunarsvæði í öskuhaug ÁR-527:076. Oscar Aldred fyrir miðri mynd og Elin Ósk Hreiðarsdóttir til vinstri

Grisjunarstefna

Við gripasöfnunina voru gripir meðhöndlaðir með sama hætti og við fornleifauppgröft. Þeim var safnað og þeir skráðir (og ljósmyndaðir) eftir einingum (þ.e. reitum), en einnig eftir eðli (t.d. gler, málmur, plast). Vegna mikils magns gripa var viðhöfð ákveðin grisjunarstefna (m.a. á gleri og



Mynd 19-20: Til vinstri má sjá bjórflöskur gægjast undan sverði í öskuhaug ÁR-527:068 í Seladal, en til vinstri má sjá bjórflöskur og annað rusl í rofi í sama öskuhaugi

byggingarefni ýmiskonar) og þótt allir gripir væru skráðir var hluti gripasafnsins skilinn eftir eða skilað á vettvangi að skráningu lokinni. Í braggahverfinu átti þetta við um stórgerða og þunga gripa tengda braggabyggingunum sjálfum, svo sem bárujárnsbita, burðarjárn úr bröggum, viðarstólpa tengda undirstöðum gólfs, viðafjalir úr gólfi/innréttingum, hlutar af spónarplötum og kol. Á öskuhaug ÁR-527:076 var magn gripa einnig mjög mikið, til að mynda var safnað yfir 7 kílóum af gleri af öskuhaugnum einum. Eftir að farið hafði verið í gegnum glerbrotin, þau flokkuð eftir lit og eðli (t.d. flöskugler, krukugler o.s.frv.) og skrifuð lýsing á einstaka brotum, var hluta safnsins skilað á fundarstað.

Úrvinnsla og kortlagning

Þegar yfirborðssöfnun gripa er gerð með kerfisbundnum hætti gefur það tilefni til frekari túlkunar á dreifingu gripa innan söfnunarreitna og samanburðar á milli þeirra. Með aðstoð loftmynda og drónamynda voru unnin dreifikort í GIS/landfræðilegu upplýsingakerfi fyrir alla söfnunarreitina í braggahverfinu (sjá myndir 21-24), þar sem sjá má þéttleika/fjölda gripa eftir reitum. Einnig var dreifing gripaflokka eftir reitum skoðuð (svo sem gripa tengda mannvirkjum og rafmagni eða gripa tengda klæðnaði, umhirðu og hreinlæti) með það fyrir augum að kanna hvort dreifingin gæti stutt túlkun á hlutverki mannvirkja (sjá töflu 2). Samskonar dreifikort voru ekki unnin fyrir öskuhaug ÁR-527:076 þar sem eðli gripadreifingar og ástæður hennar eru hér aðrar og minna upplýsandi.

Gripir og gripadreifing

Skráðir gripir frá Núpafjalli voru í heild 671 talsins. Allir gripirnir fundust á yfirborði við gripagöngu á skilgreindum könnunarreitum (sjá *töflu 1*) innan minjasvæðisins. Meirihluti gripanna fannst á ruslahaug #1 og í byggingum 044, 048 and 049. Eins og áður segir var einungis gerð kerfisbundin gripasöfnun í öðrum ruslahaugnum #1. Munurinn á ruslahaugunum tveimur gefur því ekki tilefni til frekari túlkunar.

Svæði	Gripir fjöldi
CAM-2019-ÁR-527:076 (Ruslahaugur #1)	205
CAM-2019-ÁR-527:068 (Ruslahaugur #2)	14
CAM-2019-ÁR-527:063 (Rafstöð)	92
CAM-2019-ÁR-527:044 (Grunnar byggingar)	137
CAM-2019-ÁR-527:045+046 (Grunnar bygginga)	7
CAM-2019-ÁR-527:048+049 (Grunnar bygginga)	216
Alls	671

Tafla 1: Yfirlit gripa eftir svæðum

Þegar safnið var flokkað í almenna gripaflokka (sjá *töflu 2*) kom í ljós að þrír flokkar skáru sig úr flórinni. Langstærsti flokkurinn var byggingarefni af ýmsu tagi, svo sem naglar, skrúfur, skinnur o.þ.h., en á eftir honum fylgdu gripir tengdir drykkju, aðallega brot úr bjórflöskum. Þar á eftir fylgdu svo gripir tengdir rafmagni, svo sem leiðslur og batterí. Fjórði stærsti flokkurinn var «aðrir gripir» sem ekki var unnt að greina frekar. Talsvert fannst einnig af gripum tengdum vopnum (svo sem skoþylki), gripum tengdum matreiðslu eða borðhaldi og lyfjum eða hreinlæti (svo sem lyfjaglös). Hafa ber í huga að í mörgum tilfellum var um að ræða brot en ekki heila gripi, sem hefur áhrif á heildarmyndina. Þetta á til dæmis við um gripi tengda drykkju, en fjöldi þeirra endurspeglar ekki endilega raunverulegt umfang drykkju þótt hann gefi vissulega til kynna að bjór hafi verið aðgengilegur í kampinum.

Ef horft er til dreifingar gripaflokka á milli könnunarreita eða bygginga er erfitt að greina mjög skýr mynstur þótt greinilegur munur sé á fjölda gripa milli reita (eins og fram kemur í *töflu 1*). Mjög fáir gripir fundust í byggingum 045 og 046 en fæð og eðli gripanna gefur ekki tilefni til þess að túlka möguleg hlutverk bygginganna frekar. Fjölbreyttust var gripaflóran í ruslahaug #1, sem kemur ekki endilega á óvart, en þaðan komu gripir úr öllum flokkum nema eldsneyti og striga/einangrun. Fyrir utan ruslahauginn voru gripir fjölbreyttastir í rafstöðinni og í byggingum 048 og 049. Erfitt er að lesa nokkur skýr mynstur út úr gripadreifingunni almennt, eða að túlka út frá henni möguleg hlutverk bygginga. Fæð gripa í byggingum 045 og 046 og fjarvera gripa sem


tengjast eldamennsku og borðhaldi sem og persónulegra gripa (svo sem tengdum klæðnaði eða hreinlæti og umhirðu) gæti bent til þess að hlutverk þessara bygginga hafi verið af öðrum toga en að vera vistarverur hermanna. Í samanburði benda gripir í byggingum 048 og 049 til þess að þar hafi menn drukkið og matast, e.t.v. slakað á í frítíma sínum, og dyttað að vopnum. Líklegt má því telja að byggingarnar hafi verið vistarverur hermanna.

Gripir tengdir:	CAM-2019 Ruslah #1	CAM-2019 Rafstöð	CAM-2019 Ruslah #2	CAM- 2019- 044	CAM- 2019- 045+046	CAM- 2019- 048+049	Alls
byggingum	61	24	1	77	3	55	221
klæðnaði	8	1	2			3	14
drykkju	12	32		32	1	116	193
boðrhaldi	12	10				4	26
rafmagni	62	10		2	1	11	86
þéttingu	1						1
eldsneyti		8		3		2	13
lyfjum	8	1	2	2			21
tónlist	2		9				11
striga/einangrun						5	5
reykingum	4						4
vopnum	16	1		1		8	26
annað	19	5		20	2	4	50

Tafla 2: Dreifing gripaflokka eftir skilgreindum svæðum/ byggingum

Erfitt var að greina mynstur þegar kom að dreifingu gripa innan afmarkaðra svæða/bygginga. Í ruslahaugunum báðum var ekki að sjá að nokkur flokkun (málmar, gler o.s.frv.) hafi átt sér stað heldur öllu fleygt á sama stað. Þó hefur grófum eða stórgerðum úrgangi ekki verið fleygt í ruslahaug #1. Það er eitthvað breytilegt innan bygginga hve þétt gripirnir dreifast, eins og sjá má af myndum 20-23, en erfitt er að greina skýr mynstur til frekari túlkunar.

Samsetning gripasafnsins



Mynd 21-22: Efra kortið sýnir dreifingu gripa í söfnunarreitum í rafstöð (ÁR-527:044) og neðri mynd dreifingu gripa í söfnunarreitum í mannvirki ÁR-527:044



Mynd 23-24: Efri mynd sýnir dreifingu minja í söfnunarreitum í mannvirkjum ÁR-527:045-046 en nedri mynd sömu dreifingu í mannvirkjum ÁR-527:048-049

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir eðli gripasafnsins með því að greina það í nokkra almenna gripaflokka; a) Hernaður, b) Afþreying og daglegt líf, c) Klæðnaður, hreinlæti og umhirða, og að

lokum d) Mannvirki og rafmagn. Flokkarnir eru skilgreindir með skírskotun í eðli gripasafnsins en þó ber að hafa í huga að þeir eru fáir og opnir og endurspegla ekki fyllilega fjölbreytileika safnsins. Lista yfir alla gripi er að finna í viðauka við þessa skýrslu.

Hernaður

Í raun má segja að allt gripasafnið tengist hersetu og hernaði en í þessum flokki er einblínt á þá gripi sem hafa beina tengingu við hernaðarleg umsvif á staðnum. Augljósustu dæmin um þetta voru gripri tengdir vopnaburði og skotfærum. Fjöldi skothylkja fundust við gripagöngurnar. Í flestum tilvikum var um tóm hylki að ræða en einnig fundust tvö ónotuð/heil skot. Framleiðslustimplar voru greinilegir á flestum hylkjanna. Öll komu þau frá bandarískum framleiðendum, þar á meðal *Western Cartridge Company*, Illinois; *Winchester Repeating Arms*, Connecticut; *Peter Cartridge Company*, Ohio; og *Frankford Arsenal*, Philadelphia. Ártöl stimplanna voru á bilinu 1935 til 1949, en flestir voru frá árabílinu 1940-1944. Flest hylkjanna voru 8-9 mm í þvermál, eða sem samsvarar 0,32-0,35 kaliberum. Nokkur stærri skot fundust þó, meðal annars eitt 0,45 og annað 0,50 kalibera. Hið síðarnefnda hefur mögulega verið notað í Browning vélbyssu.

Fyrir utan skothylkin fundust einnig hlutar úr skotfærabeltum, bæði brot úr einnota beltum en einnig hlutar úr stærra, margnota beltí. Tveir sleðar (e. Stripper clips) úr magasíni fundust en þeir tilheyra mögulega riffli af gerðinni Springfield 1903 5, sem var hluti af staðalbúnaði bandaríska hersins til 1936 þegar honum var skipt út fyrir Garand M1. Springfield 1903 var engu síður í almennri notkun fram yfir síðari heimsstyrjöld. Að lokum fannst mögulegur hluti úr skammbyssu (hugsanlega 6 hólfa sílynder).

Hlutar	Fjöldi/brot
skothylki (heilt)	2
skothylki (notuð)	11
hluti úr skammbyssu (?)	1
Sleðar (e. stripper clip)	2
hlutar úr skotfærabelti (margnota)	9
hluti úr skotfærabelti	1

Tafla 3: Gripir tengdir hernaði

Afbreyning og daglegt líf

Langstærsti gripaflokkurinn sem tengdist daglegu lífi í kampinum voru brot úr bjórflöskum. Öll brotin voru sömu gerðar; þ.e. úr svokallaðri „Packie“ eða „Brownie“ flösku, með áletruninni „NO DEPOSIT – NO RETURN/ NOT TO BE REFILLED“ á öxl flöskunnar. Ytri flötur glersins var með upphleyptum smágerðum doppum. Flestar flöskunnar voru úr brúnu gleri en nokkrar úr grænu og ólituðu gleri. Flöskur af þessari gerð voru í framleiðslu á árabílinu 1939-1949 og fyrst og fremst ætlaðar til nota í hernum. Fjórir flöskubotnar voru með greinilega framleiðslustimpla; tveir voru frá *Owens-Illinois bottling plant* og tveir frá *Anchor Hocking Glass Company* í Salem, New Jersey. Á síðarnefndu flöskubotnunum mátti einnig greina ártöl, annarsvegar 1942 og hinsvegar 1944. Greina mátti á milli flöskuglerja frá Owens og Anchor Hocking þar sem áletrun fyrrnefnda framleiðandans innihélt stjörnutákn á milli NO DEPOSIT og NO RETURN, en stjarnan var ekki til staðar á flöskum frá Anchor Hocking.

Hlutur	Fjöldi/brot
öskubakkar	4
bjórflöskur	158
flöskutappar	5
Coca-cola flöskur	12
glerstaup	8
glerflöskur	8
glerkönnur/karöflur	2
hljómplötur/víníplötur	9
munnhörpuspil/plötur	2
handföng/hespur	5
keramikdiskar	16
mynt	3

Tafla 4: Gripir tengdir afbreyningu og daglegu lífi

Nokkur brot úr kókflöskum (Coca-Cola) fundust einnig á svæðinu ásamt nokkrum töppum, en þeir voru illa farnir. Ólíkt Packie og Brownie flöskunum sem ekki voru ætlaðar til endurnotkunar voru flöskutappar oft endurnýttir á stríðsárunum, vegna skorts á málmum. Aðrir gripir tengdir drykkju voru brot úr staupum/glösum og könnu eða karöflu, hvort tveggja með gárótttri áferð.

Mjög fáa gripir var hægt að tengja matargerð eða borðhaldi. Þar á meðal voru nokkur keramikbrot úr diskum, en líklegt er að borðbúnaður hafi aðallega verið úr tini og því endingargóður og

sjaldan endað á ruslahaugnum. Nokkra vír-gripi má túlka sem handföng eða hespur af ílátum, sem gætu hafa verið úr eldhúsi eða matsal.

Aðrir gripir tengdir afþreyingu og daglegu lífi voru brot úr mynstruðum öskubakka, tvær plötur eða spil úr munnhörpu og brot úr vínylplötum. Þá fundust þrjár myntir, þar af tveir íslenskir aurar, sem bendir til einhverra samskipta eða viðskipta við heimamenn.

Klæðnaður, hreinlæti og umhirða

Þessi flokkur var lítill en innihélt þó margskonar gripi. Gripir tengdir klæðnaði voru fáir og auk þess erfitt að staðhæfa að þeir tilheyrðu fatnaði. Hér má nefna koparhnappa, sem gætu einnig hafa tilheyrt öðrum búnaði svo sem töskum eða beltum. Hið sama má segja um kringlótta koparþynnu og bút af leðuról. Þá fannst einn skóhæll úr gúmmí og bútar úr grófu textílefni eða striga, sem einnig gæti verið úr strigapoka eða mögulega efni sem notað var til einangrunar í bröggum.

Gripir tengdir hreinlæti og umirðu voru fleiri. Sem dæmi um slíka gripi má nefna svarta hárgreiðu úr plasti, tvö „heimagerð“ herðatré úr mjóum vír, og brot úr smáum glerflöskum af mismunandi gerð sem líklega hafa innihaldið einhverskonar snyrtivörur/hreinlætisvörur. Eitt brotanna er með áfastan tappa úr plasti með áletruninni „LPCo.“ Áletrunin stendur fyrir *Lambert*



Mynd 25: Öryggisnæla sem fannst við yfirborðssöfnun í öskuhaug AR-527:068 í Seldal

Pharmacial Company, sem meðal annars framleiddi munnskol. Einnig fannst stór öryggisnæla sem

gæti hafa verið notuð til að festa sáraumbúðir og brot úr hitamæli úr gleri. Þá fannst haus af sóp eða bursta úr tré sem líklega hefur verið notaður til þess að halda húsakynnum hreinum.

Hlutur	Fjöldi/brot
flöskutappi	1
greiða	1
herðatré	2
glerflöskur	18
hitamælir	1
koparþynna	1
leðuról	1
málmsmella	1
skóhæll	1
hnappar	6
strigi	5
sikkrisnæla	1
sópur	1

Tafla 5: Gripir tengdir klæðnaði, breinlæti og umbirðu

Gripir tengdir mannvirkjum og rafmagni

Langstærsti gripaflokkurinn í safninu voru gripir tengdir mannvirkjum og rafmagni, en fjöldinn skýrist þó að miklu leyti af fjölda nagla. Allir naglar sem fundust voru úr járnvír og margir þeirra höfðu áfasta skinnu, en þær fundust einnig án nagla. Gerð naglanna er dæmigerð fyrir braggabyggingar og voru þeir meðal annars notaðir til þess að festa tjörupappa á bárujárnsþök bragganna. Aðrar járnfestingar fundust einnig, svo sem boltar, skrúfur, rær, vængjarær og skinnur, auk járnvíra og kapla. Eiginlegt byggingarefni var sjaldgæft en þó fundust nokkur múrsteinsbrot, bláglerjuð veggjafllís, og brot úr gluggagrind, ásamt broti úr þykku vírstyrktu öryggisgleri.

Þónokkuð fannst af gripum tengdum rafmagni, þar á meðal kjarnar úr batteríum, bútar af rafnagnsvír (margir með gúmmísnúrum/hulsum), brot af keramikhulsum/-þéttingum og skrúfgangar af ljósaperum. Lítil klemma (e. crocodile clip) og hosuklemma sem fundust á svæðinu hafa mögulega einnig tilheyrt rafmagnsbúnaði. Þá fundust tveir galvaniseraðir tappar (af olíubrusum?), báðir með áletrun á innanverðum botni: “Use Monkey Wrench/AF/Tri-Sure/Rg. US Pat Office/Chicago & New York/US Patents/1901196/1982144 1982145/Foreign Pats Issued and Pending”. Talsvert fannst einnig af kolamolom, líklega notað sem eldsneyti til upphitunar og matargerðar. Að lokum má nefna járnþjöl, mikið notaða og eydda og sem e.t.v. hefur verið fleygt á ruslahauginn af þeim sökum.

Hlutur	Fjöldi/brot
<i>Byggingarefni</i>	
boltar	6
múrsteinar	2
járnvírar/kaplar	7
steypa (steinlím?)	7
naglar	85
vængjarær	4
postulín	1
styrktarjárn	1
þaknaglar	82
skrúfur	1
veggjaflísar	6
skinnur	4
gluggagler	6
viðarrammi/grind	1
<i>Rafbúnaður</i>	
batterí	7
koparþynnur	1
koparvír	54
klemmur (crocodile clip)	1
rafmagnsvír	8
keramikþétting	5
ljósaperur	3
gúmmísúrur/hulsur	7
hosuklemmur	1

Tafla 6: Gripir tengdir mannvirkjum og rafmagni

Samantekt

Gripasafnið frá Camp Cameron er í heild mjög áþekkt gripasafninu sem fannst við uppgröft (og gripagöngu) í Camp Greely við Skála á Langanesi 2018. Hér má nefna allt frá skothylkjum og sleðum (e. clips) til Packie bjórflöskubrota, kola og nagla úr braggabyggingum.⁷ Einnig er

⁷ Þóra Péturdóttir ofl. 2019

eftirtektarvert að gripasafnið skilur sig á afgerandi hátt frá hefðbundinni efnismenningu íslenskra heimila, ekki bara vegna gripa sem tengjast hernaði heldur einnig vegna þess hve lítið er af keramik-gripum og hversu einsleitir glergripirnir eru. Þeir eru nær allir úr bjórflöskum, en bjór var bannaður á Íslandi á þeim tíma sem Camp Cameron var í notkun.

Gripir tengdir vopnaburði og skotfærum eru áþekkir samskonar gripum í Camp Greely á Langanesi. Athygli vekur að í Camp Greely fundust tveir sleðar (e. clips) úr Garand M1 riffli en a.m.k. fjórir úr Springfield riffli, en síðarnefnda gerðin er sú eina sem fannst í Camp Cameron. Þar sem Springfield rifflum hafði frá 1936 almennt verið skipt út fyrir Garand M1 í bandaríska hernum benda gripasöfnin frá bæði Langanesi og Núpafjalli til þess að íslenskar herstöðvar voru ekki efstar á forgangslista hersins þegar kom að endurnýjun vopna.

Gripasafnið ber þess merki að um tímabundna búsetu var að ræða. Mestur hluti búnaðar, allt frá vopnum til eldhússáhalda og klæðnaðar, var eign hersins og því fluttur á brott þegar kampurinn var lagður niður. Það sem eftir varð á Núpafjalli, fyrir utan húsgrunnana og vegslóðana, voru aðallega (persónulegir) gripir úr daglegu lífi hermanna sem fleygt hafði verið á ruslahauginn, svo sem bjórflöskur, brotnar hljómplötur og gripir sem tengdust hreinlæti og umhirðu og gripir sem gera má ráð fyrir að hafi skemmst eða glatast við notkun í kampinum.



7. Camp Cameron í heimildum

Hernaðarmannvirki á Núpafjalli

Þann 10. maí 1940 var Ísland hernumið. Að baki hernáminu lá hins vegar nokkur undirbúningur og áður en fyrstu hermennir stigu á land höfðu farið fram ýmsar rannsóknir á landi og landsháttum. Allt frá upphafi var því ljóst að ákveðnir staðir yrðu þýðingarmiklir í vörnum landsins. Einn þessara staða var Kaldaðarnes í Flóa. Þar hafði þýsk flugvél lent 1930 og staðurinn var eini þekkti lendingarstaður flugvéla á Suðurlandi. Það var því á meðal fyrstu verka hersins að tryggja það að óvinavélar gætu ekki lent á svæðinu og síðar að byggja þar flugvöll. Þetta var ástæða þess að strax sama dag og herinn gekk á land var flokkur manna sendur í Kaldaðarnes til að grafa gjótur og skurði í bakkann við Ölfusá til að tryggja það að þýskar vélar gætu ekki lent þar. Viku seinna stigu fleiri herflokkar á land og var einn þeirra strax sendur í Kaldaðarnes til að hafa eftirlit með svæðinu. Fleiri hermenn voru sendir í kjölfarið og hreiðruðu þeir um sig á nokkrum stöðum á þessum slóðum, t.d. á Varmá og Núpafjalli.⁸ Í upphafi var það fámennur og illa búinn hópur hermanna sem kom til landsins en fljótlega var samið við kandadíska herinn um að aðstoða við að halda uppi vörnum landsins. Fyrstu Kanadamennirnir komu til landsins 7. júlí 1940. Hluti þeirra fór austur fyrir fjall og hafði það markmið að vinna að vörnum Suðurlands og Kaldaðarnesflugvallar. Í upphafi reisti herinn aðallega tjaldbúðir og stundaði eftirlit og fór í könnunarleiðangra um svæðið. Eitt af þeim svæðum sem fljótlega var kannað var Núpafjall. Af fjallinu er mjög góð yfirsýn yfir vestasta hluta Suðurlandsundirlendisins og svæðið gegndi því frá upphafi mikilvægu hlutverki í vörnum Suðurlands. Þar voru fljótlega reist átta tjöld, sex tjöld í Valhnjúksskarði í landi Núpa og tvö neðan við Þurárhjúk. Hermennirnir stóðu varðstöðu á kletti í hlíðinni og fylgdust m.a. með umferð um veginn yfir heiðina. Þeir hlóðu vegartálma úr sandpokum og grjóti við veginn til að geta sem best fylgst með allri umferð.⁹

Kanadamennirnir ílengdust ekki á þessum slóðum og fóru af landi brott snemma í nóvember. Áður en þeir yfirgáfu svæðið rifu þeir öll mannvirki úr innfluttu efni til grunna og brenndu allt það sem brenna mátti, rifu bragga og fluttu á brott vélar og skotvopn. Eftir stóðu aðeins torfhleðslur bragganna og sandpokavígi og líklegast sjást nú lítil sem engin mannvirki frá veru þeirra við Núpafjall.¹⁰

Breskir hermenn tóku alfarið við vörnum á svæðinu eftir að Kanadamenn fóru og á næstu mánuðum voru reist margvísleg mannvirki á þessum slóðum, m.a. á Núpafjalli, en einnig

⁸ Samantektin sem hér birtist styðst mikið við bókina Styrjaldarárin á Suðurlandi eftir Guðmund Kristinsson en einnig var notast við grein um bókina sem birtist í Morgunblaðinu 15. maí 1999 sjá <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/467724/>

⁹ Guðmundur Kristinsson. 2001, 24

¹⁰ Guðmundur Kristinsson. 2001, 28

ratsjárstöð við Vorsabæ og herbúðir þar við (RAF Station Ölfus, síðar nefndar Camp Lee) að ógleymdri stórfelldri uppbyggingu í Kaldaðarnesi sem hófst fljótlega eftir fyrsta hernám.¹¹

Vorið 1941 hófst breski herinn handa við umfangsmeiri mannvirkjagerð á Núpafjalli. Hann byrjaði á því að leggja bílfæran veg af Helligshéidavegi og að Núpafjalli og þaðan í sveig niður að Hurðarásvötnum (sjá ÁR-527:050) þar sem reistar voru tjaldbúðir og „nokkrir braggar“. Vegagerðinni héldu hermenn áfram suður eftir öllu Núpafjalli (ÁR-527:081) að Seldal þar sem þeir reistu einn bragga.¹² Ekki kemur fram í heimildum hver tilgangurinn með þessum fyrstu framkvæmdum var en ekki fundust staðfestar hugmyndir um ratsjárstöð á þessum slóðum frá þessu tímabili. Líklegast tengist mannvirkjagerð á fjallinu á þessum tíma aðallega mikilvægi svæðisins fyrir eftirlit á Suðurlandsundirlendinu en þó sérstaklega eftirliti og varðstöðu vegna Kaldaðarness og voru mannvirkin sem reist voru á fjallinu 1941 því líklegast tengd því. Hvorki er ljóst hvort breski herinn hafði vetursetu á þessum slóðum (þótt það sé líklegt) né heldur hverjir af bröggunum við Hurðarásvötn kunni að vera byggingar frá þessu tímabili. Í öllu falli er ljóst að viðdvöl Breta á þessum stað var stutt en vorið 1942 yfirtóku Bandaríkjamenn stöðvarnar á fjallinu. Samkvæmt frásögn Guðmundar Kristinssonar reisti bandaríski herinn 15 bragga við Hurðarásvötn og birgðaskemmu í Seldal og að auki stuttan bragga til íbúðar og skúr fyrir eldhús (ÁR-527:064-066).


Við Hurðarásvötn má enn greina ummerki eftir 14-15 braggagrunna en þrjár byggingar í Seldal og virðist því líklegt að inni í þessum tölum séu þeir braggar sem Bretar höfðu reist áður en Bandaríkjamenn tóku við svæðinu, en ekki er augljóst hvaða rústir tilheyra elsta skeiðinu. Þegar Bandaríkjamenn komu á svæðið settu þeir upp öfluga díselstöð (ÁR-527:063) og raflýstu Camp Cameron en neysluvatnið var sótt í tankbíl til Hveragerðis. Á milli kampsins og svæðisins í og við Seldal voru lagðar símalínur (staurar) og raflínur lagðar í jörðu.¹³

¹¹ Guðmundur Kristinsson. 2001, bls. 28

¹² Sami, bls. 34-35

¹³ Sami, bls. 34-35

Auk birgðageymslu og íbúðarhúss/eldhúss í Seldal voru nú gerð umtalsverð mannvirki í fjallinu austan við, enda var gríðargott útsýni þaðan yfir Kaldaðarnes, Flóa, Eyrarbakka og allt



Mynd 25: Kort af herminjum á Núpafjalli sem birtist í bókinni *Styrjaldarárin á Suðurlandi*, bls. 35

Ölfusið. Á þessum slóðum var komið fyrir tveimur fallbyssum (155 mm) sem voru á hjólum og hægt var að færa til. Þessar byssur höfðu 25 km drægni og voru því taldar mikilvægar í vörnum Suðurlands þótt aldrei hefi verið skotið af þeim byssum sem þarna voru. Auk þessara mannvirkja má sjá að talsvert er af niðurgröfnum mannvirkjum á þessum slóðum sem líklega hafa verið byrgi af einhverri tegund, e.t.v. skotbyrgi, birgðageymslur eða byssuhreiður (sjá t.d. ÁR-527:070-75).

Sjálfratsjástöðin var, eftir því sem best verður séð, síðasta mannvirkið (ÁR-527:077) sem herinn reisti á Núpafjalli. Ratsjarmastið var reist síðla árs 1943 og var ratsjain tekin í notkun á síðasta degi ársins. Mastrið sem flutt var frá Stórhöfða (Camp Page) í Vestmannaeyjum og var af gerðinni SC 271, svipað þekktari möstrum af gerðinni SC 270 nema að því leyti að það hafði snúningsloftnet á háu og föstu mastri og var færanlegt. Möstur af gerðinni SC270 og 271 voru

langdrægar viðvörunarratsjár með lága tíðni (205 megarið).¹⁴ Áður hafði verið sett upp annað mastur til könnunar á svæðinu, mastur af gerðinni SCR-602.¹⁵

Til varnar í Seldal var send stórskotasveit úr *1. battalion 244th Coast Artillery Regiment* en til loftvarna við Camp Cameron *C Battery úr 748th Anti Aircraft Gun Battalion*. Samkvæmt heimildum settu þeir einnig upp loftvarnarbyssu í miðri hlíðinni fyrir austan kampinn. Þeir hermenn sem unnið höfðu í ratsjárstöðinni í Vestmannaeyjum voru færðir til og tóku til starfa á Núpafjalli fljótlega eftir að stöðin tók til starfa. Sveitin var rekin af *A og B company úr 556th Signal Aircraft Warning Battalion*. Fljótlega eftir að ratsjárstöðin tók til starfa tók sveitin yfir „radio direction finding“ sem fólst í því að safna upplýsingum um flugumferð og miðla til flugvéla. Tvær stöðvar höfðu þetta hlutverk auk Camp Cameron, kamparnir Camp Vail (á Þorbirni við Grindavík) og Camp Cleveland (nærri Akranesi).¹⁶ Með þessum upplýsingum gátu stöðvarnar miðlað mikilvægum upplýsingum til flugvéla bandamanna og einnig aðstoðað í neyðartilfellum. Ratsjárstöðin á Núpafjalli var aðeins við lýði í um 18 mánuði og var henni lokað 21. maí 1945. Ekki er vitað til þess að ratsjárstöðin hafi orðið óvinaflugvéla vör en það voru varðmenn við Camp Cameron sem sáu og tilkynntu hrap UC-64A flugvélar bandaríska hersins sem flaug yfir búðirnar þann 22. október 1944 og hrapaði svo og brann með allri áhöfn (samtalts fimm manns) við Orrustuhól um 4 km frá Camp Cameron.¹⁷

*Um ratsjárstöðvar*¹⁸

Mikið kapp var lagt á þróun ratsjártækni á stríðsárunum og árunum á undan. Talið var að ratsjártækni gæti haft úrslitaáhrif á framgang stríðsins enda var það eina leiðin til að bregðast við sprengjuflugvélum í tíma. Í upphafi voru Bretar fremstir í þróun tækninnar en Bandaríkjamenn sóttu í sig veðrið þegar fram liðu stundir. Loftvarnarratsjár voru af tveimur gerðum, annars vegar langdræg gerð sem náði til háfleygra flugvéla í allt að 250 km fjarlægð en hins vegar skammdrægar ratsjár (á hærri tíðni) sem betur greindu lágfleygar flugvélar. Áhersla á loftvarnir á Íslandi var fremur lítil í upphafi hernámsins enda höfðu Bretar ekki nægjanlegt magn af nauðsynlegum búnaði til slíks eftirlits og töldu honum betur varið annars staðar. Þegar tekin var ákvörðun um

¹⁴ Friðþór Eydal. 1999:167


¹⁵ U.S. Air Force Historical Institute, Maxwell AFB: 556th Signal Aircraft Warning Battalion History, 1941-1945

¹⁶ U.S. Air Force Historical Institute, Maxwell AFB: 556th Signal Aircraft Warning Battalion History, 1941-1945

¹⁷ U.S. Air Force Historical Institute, Maxwell AFB: 556th Signal Aircraft Warning Battalion History, 1941-1945, Guðmundur Kristinsson. 2001, 36 og <https://stridsminjar.is/en/a-list-of-crash-sites-by-year/incidents-in-1944/125-norseman-uc-64a-orrustuholl-hellisheidhi-october-22-1944>

¹⁸ Þessi umfjöllun byggir á kafla um ratsjárstöðvar í Friðþór Eydal. 1999:163-167 og birtist á svipuðu formi í eldri skýrslu verkefnisins um ratsjárstöð á Skálum, Langanesi.

að koma hér upp flug- og flotabækistöð 1941 þurfti hins vegar að endurskoða varnir landsins og var þá tekin ákvörðun um að reisa þrjár ratsjárstöðvar, á Valhúshæð á Seltjarnarnesi, við Vorsabæ í Ölfusi og á Reynisfjalli hjá Vík í Mýrdal. Áður en Bretar höfðu lokið uppsetningu stöðvanna síðla árs 1941 höfðu Bandaríkjamenn tekið við vörnum landsins og var því rekstur ratsjárstöðvanna hér á landi nær eingöngu í þeirra umsjá.



Mynd 26: Ratsjárstöðvar á Íslandi sumarið 1943. Friðþór Eydal. 1999, bls. 169. Á þessum tíma stóð ratsjármastríð sem síðar sama ár var reist á Núpa fjalli á Stórhöfða í Vestmannaeyjum

Árið 1942 var aukið mjög við umsvif ratsjárkerfisins á Íslandi og tóku sjö nýjar ratsjárstöðvar til starfa það ár, m.a. á Stórhöfða í Vestmannaeyjum, á Skálum á Langanesi, Vattarnesi, Seltjarnarnesi, Reynisfjalli og Hafnartanga.¹⁹ Loftvarnir landsins voru í sífelldri endurskoðun öll stríðsárin og þegar bandamönnum fór að ganga betur árið 1943 var ákveðið að einblína meira en áður á Suðvesturland og varnir þess þar sem talið var líklegast að óvinavélar kæmu þar að landi og auk þess talið mikilvægt að verja bækistöðvar hersins þar og þéttbýli. Sökum þessa var ratsjárstöðvum á Vattarnesi, Skálum, Hafnartanga og Siglunesi lokað síðla árs 1944 og var unnið að flutningi búnaðar og hermanna fram yfir áramótin 1945. Samhliða þessu

¹⁹ Friðþór Eydal. 1999, bls. 163-167.

var starfsemi ratsjárstöðva á Þingvöllum og Stórhöfða í Vestmannaeyjum hætt og starfsmenn þaðan fluttir á Núpafjall og Keflavíkflugvöll.²⁰

Þrátt fyrir að mikið hafi verið lagt í að bæta ratsjárvarnir Íslands á stríðsárunum var langt því frá að varnir landsins á þessu sviði væru fullkomnar og kom þar ýmislegt til s.s. skortur á ratsjám til að eftirlitssvæðið væri samfellt, truflanir frá fjöllum, vindur, ísing á tækjunum og reynsluleysi hermanna. Vegna slæmra veðurskilyrða þurfti oft að slökkva á einstaka ratsjám og það gerðist svo oft að raunar var slökkt á þeim í um helmingi þess tíma sem þær áttu að starfa.²¹ Engu að síður var talið að ratsjárstöðvarnar hafi gegnt mjög mikilvægu hlutverki í vörnum landsins. Samkvæmt Friðþóri Eydal var mikilvægi 556. ratsjársvæitar hersins gríðarlegt og var hún fyrsta bandaríska loftvarnarsveitin sem tók sér stöðu á ófriðarsvæði í síðari heimstyrjöldinni. Fimm þýskum könnunarvélum var grandað hér við land á stríðsárunum og gengdu ratsjárstöðvar hlutverk í þeim atburðum öllum auk þess sem þær efldu öryggi flugvéla bandamanna yfir Atlandshafið.²²

Herinn á Núpafjalli: Samskipti við heimamenn

Lítið er í raun vitað um þau samskipti sem hermenn í Camp Cameron kunna að hafa átt við nágranna sína og aðra heimamenn fyrir utan það sem má ráða af almennum líkum auk þess sem örfáir fróðleiksmolar hafa varðveist í heimildum um samskipti herliðs og heimamanna.

Sambúð hermanna á Núpafjalli og heimamanna hófst reyndar ekki á sérlega vinalegum nótum. Þann 12. júlí 1940, innan við viku eftir að kanadísku hermennirnir stigu á land í Reykjavík, sást til nokkurra hermanna á Núpafjalli reka kind í fjallinu fram á fjallsbrún, drepa hana með grjóti og bera því næst til tjaldbúðanna. Málið var kært og bætti herinn tjónið en kindadrápið hélt áfram því fjórum dögum síðar fundu bændur frá Þurá sem voru á fjallinu í fjarrekstri innnyfli úr kind sem virtust minna en tveggja daga gömul. Fleiri atvik kunna að hafa komið til því seint í júlí rita bændur á Þurá, Þóroddsstöðum og Núpum sýslumanni bréf og óska eftir rannsókn á framkomu hermanna við Núpahnjúk. Í bréfinu fara þeir fram á að þeir hermenn sem höfðu verið á og við fjallið yrðu sendir úr landi eða alltént haft betra eftirlit með þeim. Í framhaldi lögðu þeir fram kærnu til lögreglustjórans í Reykjavík og var umkvörtunarefni þeirra um hermennina skipt í sex liði:

1. *Þeir hafa stolið tveimur brúsum með mjólk frá Núpum í Ölfusi*
2. *Föstud. 12. júlí voru þeir staðnir að verki að því að stela og drepa kind frá br. Samundi Eyjólfssyni á Þurá, [...]*

²⁰ Friðþór Eydal. 1999, bls. 167-168 og 177-178

²¹ Friðþór Eydal. 1999, bls. 169.

²² Friðþór Eydal. 1999, bls. 178.

3. *Deir hafa elt bændur, sem hafa verið að smala fé til rúningar, með skotum, skotbríð, fælt besta þeirra, og hefur maður einn, Eyjólfur Gíslason, bóndi að Þurá blotið slys af.*
4. *Deir hafa stolið staurum utan af móbrauki úr mólássi í Þurálandi.*
5. *Deir hafa verið betlandi og snapandi á bæjum þar og í grennd.*
6. *Deir hafa haft í bótunum allt illt við bændur þegar þeir hafa mótmælt þjófnaðinum og ofbeldinu²³*

Bændurnir ítreka sem áður að best væri að þessir menn yrðu sendir í burtu enda segja þeir að ekki verði séð til hvers þeir séu þarna. Í yfirheyrslum á vegum sýslumanns kom fram að hermennirnir á fjallinu hefðu engar girðingar séð og talið að bráð sín væri fjallageitur sem öllum væri frjálst að veiða! Tók sýslumaður undir þetta og benti á að nýrúnu sauðfé svipaði vissulega talsvert til villigeita. Í kjölfar umkvartana ritaði sýslumaður bréf og fór fram á að herinn tryggði það að hermennirnir á þessu svæði hegðuðu sér almennilega og létu af öllu kindadrápi. Enn átti þó eftir að koma upp eitt tilvik þegar bóndinn í Þurá taldi sig enn hafa gengið fram á nýslátraða kind þann 3. ágúst og kærði málið til sýslumanns. Þetta atvik virðist hins vegar hafa verið frábrugðið hinum fyrri og var þessari seinni kærur svarað mjög ákveðið á þá leið að kanadískir hermenn hefðu hagað sér óaðfínanlega. Bréfinu fylgdi undirritað bréf frá bændum á Þurá þar sem þeir biðjast afsökunar á kvörtunarbréfi sínu. Þar kemur fram að þeir hafi komist að því að ásakanir þeirra væru ekki á rökum reistar og segjast ekki hafa yfir neinu að kvarta. Með þessu virðist málinu hafa lokið og ekki urðu frekari ákærur vegna hermanna á Núpafjalli en frásögnin sýnir að til talsverðra árekstra kom í upphafi.

Lítið er vitað um lífið í Camp Cameron og ekki fundust heimildamenn á jörðunum í kring sem mundu hernámsárin og gátu miðlað frásögnum af fyrstu hendi um veru hermanna á svæðinu. Staðsetning kampsins hefur væntanlega haft talsverð áhrif samskipti við heimamenn og á lífið í honum almennt. Kampurinn var að vissu leyti fjarri samfélagi Íslendinga (ekki í þéttbýli) en hins vegar í raun nærri og í sjónlínu við marga þéttbýlisstaði landsins og hið mikla þéttbýli hermanna í Kaldaðarnesi. Gera má ráð fyrir að samskipti á milli hermanna á Núpafjalli og í Kaldaranesi og öðrum nærliggjandi kömpum hafi verið nokkur. Stutt var einnig í Hveragerði og Selfoss og til Reykjavíkur þannig að líklega hafa hermenn í Camp Cameron verið minna einangraðir en margir þeir hermenn sem hér störfuðu og bjuggu utan þéttbýlissvæða. Samkvæmt Guðmundi Kristinssyni var hermönnum bannað að sækja dansleiki Íslendinga en þeir efndu þess í stað nokkrum sinnum til dansleikja sjálfir, m.a. í Camp Cameron á Núpafjalli. Var þá stúlkum ekið þangað í herbílum úr Reykjavík og einnig voru „stúlkur úr nágrenni ávalt velkomnar“.²⁴

²³ Guðmundur Kristinsson. 2001, bls. 24-26.

²⁴ Guðmundur Kristinsson. 2001, bls. 88.

Byggðin í Camp Cameron var nokkuð úr leið og má gera ráð fyrir að þangað hafi almennt ekki aðrir komið en þeir sem áttu þangað erindi eða var boðið. Aðalkampurinn var um 2,5 km frá næsta þéttbýli í Hveragerði (en drykkjarvatn var flutt þaðan reglulega í kampinn). Um 13 km voru að Selfossi en um 8,5 km að Kaldaðarnesi. Það fór því fjarri að hermenn í kampinum væru verulega eingangraðir, nema að því leyti sem gildi um hermennina alla, þ.e. þeir voru fjarri heimahögum í framandi og köldu landi á stríðstímum. Þegar horft er til þeirra gripa sem safnað var af yfirborði í grunnum mannvirkja í Camp Cameron og á öskuhaugum kampsins (sjá kafla 6) virðist mega ætla að að aðbúnaður hafi verið sæmilegur. Til þess bendir mikið magn bjórflöskubrota, auk brota úr hljómplötum og munnhörpum til þess að hermenn hafi átt einhvern tíma aflögu frá störfum til dægradvalar og jafnvel skemmtunar. Íslenskir smápeningar sem fundust á svæðinu benda til einhverra samskipta við heimamenn sem gæti bæði tengst vinnu Íslendinga fyrir herinn, heimsóknnum þeirra í kampinn á tyllidögum sem og ferðum og samskiptum hermanna við heimamenn í nágrenni kampsins.

Þegar velt er fyrir sér samskiptum hermanna og heimamanna er vert að hafa í huga að svæðið þar sem Camp Cameron reis er fjallendi og hluti af „úthögum“ jarðanna á undirlendinu fyrir neðan. Á fyrri öldum var haft þar í seli en á síðari öldum hefur svæðið mest nýttst bændum í grendinni fyrir útbeit og líklega hefur umferð um það oft tengst smalamennsku. Hluti svæðisins er reyndar gróðurýrt fjallendi en vestan við fjallið skiptast á gróðurýrir ásar og deiglandari svæði sem á köflum eru vaxin talsverðum gróðri. Sú er til dæmis raunin með svæðið í kringum Hurðarásvötn. Þar eru ýmis örnefni sem tengjast útbeit og seljabúskap og má reikna með að hafi það verið mikilvægur hluti af jarðnáði Núpa, Þurár og fleiri jarða fyrir á öldum, en á þeim tíma sem herinn tekur sér þar stöðu hefur notkunin sem fyrir segir nær alfarið tengst útbeit. Frásögnin af „villigeitunum“ sýnir að þar hefur a.m.k. verið beutiland sauðfjár en ekki er ljóst hvort það breyttist við komu hersins. Líklega hefur svæði hersins á Núpafjalli verið afgirt og þannig kann fé enn að hafa verið rekið á fjallið á stríðsárunum. Stærstur hluti mannvirkjanna (utan við sjálft mastrið) var byggt í hvarfi frá byggðinni og því hafa byggingarnar ekki verið í sjóndeildarhrng heimamanna dags daglega.

Hvað varðar neikvæð áhrif hersetunar á heimamenn má gera ráð fyrir að þau hafi verið einhver. Líklegast hefur þó bændum á Núpum verið greitt fyrir afnot af landinu og sjálfsagt hefur það svæði sem herinn tók undir starfsemi sína á þessum slóðum ekki skipt höfuðmáli fyrir afkomu jarðarinnar enda á Núpajörðin talsvert mikið land, langt upp á Hellsheiðina. Jörðin er landmikil og yfir meðallagi að dýrleika. Það má því vera að ef frá eru taldar þær upptakomur sem

urðu á fjallinu í tengslum við kindadráp fyrsta sumar hernámsins hafi sambúð hers og heimamanna á Núpafjalli gengið fremur hnökralaust fyrir sig.

Endalokin

Ratsjárstöðinni á Núpafjalli var lokað 21. maí 1945. Ekki er vitað hvernig gengið var frá svæðinu þegar Camp Cameron var yfirgefinn en af frásögnum annars staðar á þessu svæði að dæma má ætla að flest nýtilegt hafi verið fjarlægt eða selt. Mannvirkin voru ekki í alfararleið en þó hefur einhver umferð alltaf verið um fjallið, m.a. tengd skepnuhaldi á bæjunum neðan þess. Eftir stríðslok hélt búrekstur á Núpajörðinni áfram eins og áður og ekki er að sjá að langvarandi áhrifa hernámssins sé að gæta í sögu jarðarinnar. Enn er búið á jörðinni en ekki er þar lengur stundaður hefðbundinn búskapur heldur fiskeldi, nautgriparækt og skógrækt ásamt ferðaþjónustu. Orkuveita Reykjavíkur á nú þann hluta Núpalandsins sem herminjarnar eru á, Núpafjall og svæðið þar vestan við. Þrátt fyrir að nýtilegt efni hafi án efa verið fjarlægt úr kampinum á Núpafjalli fljótlega eftir stríðslok má enn sjá umtalsverð ummerki um bragga og önnur mannvirki þótt sum þeirra séu að hverfa í uppblástur.



8. Samantekt

Skráning herminja á Skálum og Núpafjalli sýnir að ef vanda á til verka í skráningu herminja er slík skráning síst umfangsminni eða fljótlegri en skráning á hefðbundum landbúnaðar- eða sjávarminjum. Þvert á móti er stundum til mikil flóra af heimildum sem tímafrekt getur verið að hafa uppi á og kanna og á vettvangi eru minjarnar gjarnan flóknar í uppmælingu og skráningu auk þess sem gjarnan er að finna mikið af lausafundum sem mikilvægt er að skrásetja með einhverjum hætti.

Samanlagt voru skráðar minjar á 45 stöðum og um 60 minjaeiningar á Núpafjalli. Þær vitna um búsetu hersins á svæðinu á 5. áratug 20. aldar og gefa vísbendingar um þá starfsemi sem þar fór fram, skipulag byggðar og gerð bygginga.

Auk jarðfastra minjavar talsverður fjöldi af gripum og öðrum efnislegum leifum á yfirborði á svæðinu. Gripadreif á yfirborði er vel þekkt frá öðrum herminjastöðum, meðal annars frá Skálum á Langanesi, en reynslan þaðan ýtti undir að ráðist var í kerfisbundna söfnun gripa af yfirborði á Núpafjalli. Aðferðinni var beitt í þeim tilgangi að öðlast skilning á ástandi minjanna, til þess að fá frekari innsýn í möguleg hlutverk einstakra mannvirkja og til þess að kanna gagnsemi aðferðarinnar og notagildi við rannsóknir á yngri minjum.

Sú efnismenning sem fylgdi hernum og varð að hluta til eftir þegar kamparnir voru yfirgefnir er áhugaverð viðbót við það sem vanalega er skráð. Algengast er að við hefðbundna skráningu sé ekki mikið af slíkum minjum að sjá, nema á uppblásnum svæðum. Það er því áhugavert að kanna betur slíkar leifar, s.s. timburverk, járnbindingar, gler og ýmsa innanstokksmuni við skráningu herminja. Vel má vera að við skráningu slíkra minja gæti komið að gagni að útbúa lista yfir efnismenningu hersins og algenga gripa sem finnast gjarnan á slíkum stöðum sem þá væri hægt að haka við eftir þörfum á hverjum stað til að flýta yfirferð og ná góðri heildarsýn.

Rannsóknin á Núpafjalli sýnir að kerfisbundin yfirborðssöfnun gripa er aðferð sem getur hentað vel til rannsókna á herminjum og öðrum lítið grónum nútímaminjum á Íslandi, eða í raun alls staðar þar sem gripadreif á yfirborði er talsverð. Þegar aðferðin er notuð samhliða fornleifaskráningu veitir hún bæði góða yfirsýn yfir minjasvæðið og ástand þess og frekari innsýn í eðli og hlutverk einstakra svæða. Reynslan frá Núpafjalli sýnir ennfremur að aðferðin hentar vel til frumrannsókna; þegar henni er beitt samhliða fornleifaskráningu veitir hún góðar niðurstöður sem byggja mætti frekari og ítarlegri rannsóknir á.

Aðferðin er fljótleg og ódýr í framkvæmd, og hana má nota án mikils eða flókins tækjabúnaðar og með takmarkaðan mannafla. Aðferðin tryggir að þeim gripum sem er hvað mest

hætta búin (þ.e. þeim sem liggja á yfirborði) er komið til bjargar og þeir skráðir (hvort svo sem þeir eru hirtir eða þeim skilað á fundarstað að skráningu lokinni).

Með rannsóknum á Núpafjalli hefur fengist góð innsýn í herminjar á svæðinu, eðli þeirra og einkenni og einnig innsýn í efnismenningu og daglegt líf á svæðinu. Ljóst er að minjasvæðinu stafar nokkur hætta af uppblæstri og er líklegt að enn meira gangi á minjastaðinn á næstu áratugum. Nokkuð algengt virðist að herminjar séu í mikilli hættu. Sumar þeirra voru byggðar í eða við þéttbýli og hafa þurft að víkja fyrir yngri byggingum og öðrum framkvæmdum. Í sveitum landsins hafa þær sums staðar orðið túnasléttun og annarri uppbyggingu að bráð, en jafnvel þeir staðir sem byggðir voru fjarri bústöðum manna, líkt og á Núpafjalli og Skálum, virðast víða í mikilli hættu, oft vegna uppblásturs. Slíkir staðir voru gjarnan í fjalllendi eða á öðrum svæðum þar sem gróður var viðkvæmurt hefur bygging kampanna oft stuðlað að eða margfaldað uppblástursógn á svæðunum. Að lokum má nefna að herminjar vekja oft áhuga fólks og njóta meðal annars mikillar hylli meðal áhugamanna um málmleitartæki og málmleit. Það er þekkt að bæði yfirborðssöfnun gripa og uppgreftir hafa verið og eru framkæmdir á herminjastöðum af áhugamannahópum víða um land (sem einnig er vel þekkt á Norðurlöndunum). Ljóst er að minjastöðunum og heimildagildi þeirra stafar ógn af þessu.

Ekki er til heildstætt yfirlit yfir herminjar á Íslandi og lítil þekking á ástandi þeirra almennt. Ljóst er þó að staðirnir eru margir en margt bendir til að þeir hafi horfið hraðar en margir aðrir minjaflokkar frá síðari hluta 20. aldar. Það ætti því að teljast brýnt verkefni að ná yfirsýn um fjölda og ástand slíkra minjastaða til að hægt sé að ákvarða í hvaða tilfellum sé brýnt að vernda og eða rannsaka slíka minjar.

Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2019. *Fornleifaskráning í Camp Greely, Skálum á Langanesi*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS729-18071.

Friðþór Eydal. 1999. *Fremsta víglína: Átök og hernaðarumsvif á Austurlandi í heimstyrjöldinni síðari*. Bláskeggur. Reykjavík.

Guðmundur Kristinsson. 2001. *Styrjaldararin á Suðurlandi*. Árnesútgáfan.

History of the 556th Signal Air Warning Battalion (SAW) in Iceland. 556th Signal Aircraft Warning Battalion History, 1941-1945. Dagsett 05.03.2018. Tekið saman af: L. Stammerjohn. (bls. 1-12).

U.S. Air Force Historical Institute, Maxwell AFB:
<http://www.geocities.ws/m29003/n556a.html>

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkestölu í breppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III* (seinna bindi). Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS789-12023.

Þóra Pétursdóttir, ásamt Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Oscar Aldred. 2019. *Hernámið frá sjónarhóli fornleifafraeðinnar: framvinduskýrsla*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS775-18072.

Óutgefið efni:

<https://ferlir.is/nupastigur-nupasel-skogarvegur-valhnukskard/>

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/467724/> sem er grein um bókina *Styrjaldararin á Suðurlandi* eftir Guðmund Kristinsson eða hvað birtist í Lesbók Morgunblaðsins 15. maí 1999

<https://stridsminjar.is/en/a-list-of-crash-sites-by-year/incidents-in-1944/125-norseman-uc-64a-orrustuholl-hellisheidhi-october-22-1944>

Loftmyndagögn:

Loftmyndir ehf.

Samtala	X	Y
ÁR-527:033	389534	389674
ÁR-527:036	390007	389061
ÁR-527:037	389918	390826
ÁR-527:042	389975	388483
ÁR-527:043	389491	390513
ÁR-527:044_01	389518	390490
ÁR-527:044_02	389524	390490
ÁR-527:044_03	389531	390490
ÁR-527:045	389540	390470
ÁR-527:046_01	389537	390460
ÁR-527:046_02	389537	390454
ÁR-527:047_01	389517	390463
ÁR-527:047_02	389515	390458
ÁR-527:048	389518	390411
ÁR-527:049	389533	390410
ÁR-527:050	389524	390432
ÁR-527:051	389536	390421
ÁR-527:052	389418	390490
ÁR-527:053	389572	390403
ÁR-527:054	389519	390516
ÁR-527:055	389498	390534
ÁR-527:056	389567	390559
ÁR-527:057	389558	390563
ÁR-527:058	389540	390577
ÁR-527:059	389539	390582
ÁR-527:060	389535	390577
ÁR-527:061	389528	390576
ÁR-527:062	389529	390571
ÁR-527:063	389660	390313
ÁR-527:064	389872	388948
ÁR-527:065	389860	388939
ÁR-527:066	389869	388978
ÁR-527:067	389867	388955
ÁR-527:068	389806	388910
ÁR-527:069_01	389787	388889
ÁR-527:069_02	389782	388882
ÁR-527:070	389951	388845
ÁR-527:071	389932	388842
ÁR-527:072	389932	388837
ÁR-527:073	389899	388818
ÁR-527:074	389880	388815
ÁR-527:075	389881	388806
ÁR-527:076	389853	389716
ÁR-527:077	389744	390201
ÁR-527:078	389740	390206

Samtala	X	Y
ÁR-527:079	389648	389978
ÁR-527:080	389650	389886
ÁR-527:081	389877	389193
ÁR-527:082_01	389971	388837
ÁR-527:082_02	389964	388798
ÁR-527:082_03	389949	388791
ÁR-527:082_04	389967	388778
ÁR-527:082_05	389958	388776
ÁR-527:082_06	389921	388844
ÁR-527:082_07	389909	388812
ÁR-527:083_01	389900	390410
ÁR-527:083_02	389905	390408

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019-44	Camp Cameron	0001	12a	1940	1945	Skothylki	Málmur	Kopar	Tómt skothylki	1	4.24
CAM-2019-44	Camp Cameron	0002	12b	1940	1945	Flís, veggflís-gólfhlís?	Leir	Leir	5 flísabrot með ljósblárrí húð	5	22.60
CAM-2019-44	Camp Cameron	0003	12b	1940	1945	Nagli?	Málmur	Járn	Mjór, ílangur járnhlutur, mögulega nagli	1	3.62
CAM-2019-44	Camp Cameron	0004	12d	1940	1945	?	Gúmmí		Gúmmíhlutur	1	1.00
CAM-2019-44	Camp Cameron	0005	12d	1940	1945	Flís, veggflís-gólfhlís?	Leir		Flísarbrott með ljósblárrí húð	1	0.59
CAM-2019-44	Camp Cameron	0006	13a	1940	1945	Flöskutappaplast?	Plast/gúmmí		Plast/gúmmí innan úr flöskutappa	2	0.91
CAM-2019-44	Camp Cameron	0007	14a	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	16 samfastir naglar og skinnur, 11 stakir naglar og 6 stakar skinnur	33	158.20
CAM-2019-44	Camp Cameron	0008	14d	1940	1945	Peningur	Málmur	Kopar?	Koparpeningur, mögulega 25 aurar	1	1.63
CAM-2019-44	Camp Cameron	0009	15c	1940	1945	Flaska	Gler		Brúnleitt gler, flöskuháls og brott af flösku	2	34.51
CAM-2019-44	Camp Cameron	0010	15c	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	6 samfastir naglar og skinnur, 1 nagli og 2 skinnur	9	45.44
CAM-2019-44	Camp Cameron	0011	15c	1940	1945	Múrsteinn?	Steinn, leir?		Rauðleitir steinn, múrsteinn?	1	4.47
CAM-2019-44	Camp Cameron	0012	15d	1940	1945	Flaska	Gler		10 glerbrott af flösku	10	21.28
CAM-2019-44	Camp Cameron	0013	16a	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	2 naglar og 1 nagli og skinna föst saman	3	11.41
CAM-2019-44	Camp Cameron	0014	16a	1940	1945	Rúðugler	Gler		Eitt glært brott af rúðugleri	1	2.87
CAM-2019-44	Camp Cameron	0015	17d	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	2 skinnur með áföstum nagla	2	12.23
CAM-2019-44	Camp Cameron	0016	17d	1940	1945	Flaska	Gler		Eitt brúnleitt flöskugler	1	1.91
CAM-2019-44	Camp Cameron	0017	17a	1940	1945	Flaska	Gler		2 grænleit flöskugler	2	9.17
CAM-2019-44	Camp Cameron	0018	18b	1940	1945	Skinna	Málmur	Járn	2 skinnur	2	10.57

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019-44	Camp Cameron	0019	18c	1940	1945	Skinna, nagli og „ró"	Málmur	Járn	2 skinnur, 1 nagli og skinna samföst og „ró"	4	27.59
CAM-2019-44	Camp Cameron	0020	19a	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	2 naglar	2	3.88
CAM-2019-44	Camp Cameron	0021	19a	1940	1945	Flaska	Gler		2 brúnleit flöskuglerbrot	2	3.96
CAM-2019-44	Camp Cameron	0022	19c	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	2 naglar með áfastri skinnu	2	13.90
CAM-2019-44	Camp Cameron	0023	20c	1940	1945	Ílát	Leir	Keramik	Leirkersbrot af íláti, mögulega bolla	1	46.20
CAM-2019-44	Camp Cameron	0024	21b	1940	1945	Ílát?	Gler		Glær glerbrot af einhverskonar íláti eða flösku	1	0.85
CAM-2019-44	Camp Cameron	0025	21c	1940	1945	Ílát, flaska	Gler		2 glerbrot, líklega af flösku eða öðru íláti. Eitt glært og eitt brúnleitt	2	25.60
CAM-2019-44	Camp Cameron	0026	22b	1940	1945	Flaska	Gler		4 brot af glærri glerflösku	4	47.78
CAM-2019-44	Camp Cameron	0027	22d	1940	1945	Kol	Kol		3 kolamolar	3	704.01
CAM-2019-44	Camp Cameron	0028	24c	1940	1945	Bakelite	Bakelite		8 brot af bakelite	8	1.31
CAM-2019-44	Camp Cameron	0029	25a	1940	1945	Ílát	Gler		Glært glerbrot, mögulega af glasi eða flösku	1	7.87
CAM-2019-44	Camp Cameron	0030	25a	1940	1945	Múrsteinn?	Steinn, leir?		Mögulega múrsteinn?	1	15.51
CAM-2019-44	Camp Cameron	0031	25b	1940	1945	Ílát	Gler		3 brot af íláti, líklega glasi	3	50.83
CAM-2019-44	Camp Cameron	0032	25d	1940	1945	Ílát	Gler		1 brot af íláti, líklega glasi	1	7.71
CAM-2019-44	Camp Cameron	0033	25d	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	Nagli	1	1.74
CAM-2019-44	Camp Cameron	0034	26b	1940	1945	Ílát	Gler		Eitt glerbrot af íláti, flösku eða glasi	1	0.77
CAM-2019-44	Camp Cameron	0035	27a	1940	1945	Steinn	Steinn, leir?		Unninn steinn með einni „borholu"	1	70.57
CAM-2019-44	Camp Cameron	0036	27a	1940	1945	Skinna	Málmur		Ein skinna	1	5.77
CAM-2019-44	Camp Cameron	0037	27a	1940	1945	?	?		3 ræmur af einhverju?	3	0.21
CAM-2019-44	Camp Cameron	0038	27b	1940	1945	Flaska	Gler		Eitt brúnleitt flöskugler	1	2.01

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019-44	Camp Cameron	0039	27c	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	Einn nagli	1	1.17
CAM-2019-44	Camp Cameron	0040	29b	1940	1945	Flaska	Gler		Brúnleitur flöskuháls úr gleri	1	42.28
CAM-2019-44	Camp Cameron	0041	29b	1940	1945	Múrsteinn	Steinn, leir?		Brot af múrsteini	1	125.71
CAM-2019-44	Camp Cameron	0042	29b	1940	1945	Málmhlutur?	Málmur?	?	Mjór, ílangur og hringlóttur járnhlutur	1	4.54
CAM-2019-44	Camp Cameron	0043	29c	1940	1945	Flaska	Gler		Þrjú flöskuglerbrot, tvö græn og eitt brúnleitt	3	30.74
CAM-2019-44	Camp Cameron	0044	32b	1940	1945	Dýrabein	Bein	Dýrabein		1	14.40
CAM-2019-44	Camp Cameron	0045	32b	1940	1945	Nagli og járnhlutur	Málmur	Járn	7 járnbrot, 5 af nöglum og 2 af einhverskonar litlum járnplötum	7	9.03
CAM-2019-44	Camp Cameron	0046	32b	1940	1945	Flaska	Gler		Eitt brúnleitt flöskugler	1	0.81
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0047	21a	1940	1945	Skósóli	Gúmmí		Hæll af skósóla úr gúmmí	1	44.19
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0048	21d	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	8 naglar	8	40.94
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0049	28d	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	Nagli	1	18.23
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0050	28d	1940	1945	Ílát	Gler		Glær glerbrot af einhverskonar íláti eða flösku	1	5.19
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0051	29a	1940	1945	Flaska	Gler		Tvö brúnleit glerbrot af flösku	2	8.58
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0052	29d	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	4 brotnir naglar	4	4.74
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0053	29d	1940	1945	Flaska	Gler		6 græn flöskuglerbrot og 11 brúnleit	17	166.63
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0054	30a	1940	1945	Flaska	Gler		3 brúnleit flöskuglerbrot	3	7.99
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0055	30a	1940	1945	Skothylki	Málmur	Kopar	2 tóm skothylki	2	8.31

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0056	28c	1940	1945	Textíll	?	?	Textílleifar	5	1.02
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0057	28c	1940	1945	Skothylki	Málmur	Kopar	Tvö tóm skothylki	2	8.40
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0058	28c	1940	1945	Peningur	Málmur	Kopar	Tveir koparpeningar, annar 10 aurar	2	3.15
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0059	28c	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	5 naglar, einn með áfastri skinnu	5	24.27
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0060	28c	1940	1945	Krukka/ílát	Gler		4 glær glerbrot af íláti, líklega krukku	4	63.45
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0061	30b	1940	1945	Flaska. Ílát.	Gler		7 glær glerbrot af íláti, 2 brúnleitir flöskuhálsar og 14 brúnleit glerbrot af flösku	23	150.16
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0062	30c	1940	1945	Ílát	Gler		Eitt glært glerbrot af íláti	1	10.72
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0063	30c	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	Nagli með áfastri skinnu	1	6.93
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0064	30d	1940	1945	Flaska	Gler		Brúnleitir botn af flösku	1	61.94
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0065	31a	1940	1945	Flaska	Gler		4 brot af grænni flösku og 6 brot af brúnleitri flösku	10	22.10
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0066	31a	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	Tveir naglar með áfastri skinnu og ein stök skinna	3	20.82
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0067	31a	1940	1945	Hlutur	?	?	Fjórir hlutir. Tveir bláir úr plasti? Tveir svartir, kol?	4	1.98
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0068	31c	1940	1945	Greiða	Plast		Svört brotin greiða	1	4.36
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0069	31c	1940	1945	Gúmmíhlutur?	Gúmmí		Svartur, ílangur gúmmíhlutur	1	3.96
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0070	31c	1940	1945	Flaska	Gler		4 glerbrot, eitt glært, eitt grænt og tvö brúnleit	4	25.35
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0071	31d	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	Nagli með áfastri skinnu	1	6.34

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0072	31d	1940	1945	Flaska. Rúðugler.			19 brúnleit flöskuglerbrot, 4 rúðuglerbrot og 21 af grænu flöskugleri	44	133.22
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0073	32a	1940	1945	Flaska	Gler		Eitt brúnleitt flöskugler	1	9.05
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0074	32a	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	3 naglar með áfastri skinnu	3	21.75
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0075	32c	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	J-laga járnhlutur	1	48.92
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0076	32c	1940	1945	Smella?	Málmur	Kopar?	Málmhlutur, kopar? Smella?	1	1.77
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0077	33a	1940	1945	Flaska	Gler		15 brúnleit flöskuglerbrot	15	55.16
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0078	33a	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	Nagli með áfastri skinnu	1	6.50
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0079	33b	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	2 naglar	2	4.23
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0080	33c	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	Nagli	1	0.52
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0081	33d	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	7 brot af nöglum	7	6.00
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0082	34a	1940	1945	Pinni	Málmur	Kopar	Koparpinni	1	2.35
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0083	34b	1940	1945	Skothylki. Koparhlutur	Málmur	Kopar	Tvö tóm skothylki og einn koparhlutur	3	15.75
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0084	34b	1940	1945	Flaska	Gler		4 brúnleit flöskuglerbrot	4	10.24
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0085	34b	1940	1945	Flöskutappaplast?	Plast		Plast innan úr tappa	1	0.03
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0086	34c	1940	1945	Flaska. Ílát.	Gler		Eitt brúnleitt flöskugler og eitt matt gler	2	3.29
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0087	34c	1940	1945	Koparpinni	Málmur	Kopar	Koparpinni með gúmmihúð	2	2.73

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0088	34d	1940	1945	Nagli og skinna	Málmur	Járn	2 naglar með áfastri skinnu + 9 naglar	11	28.03
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0089	34d	1940	1945	Kol	Kol		2 kolamolar	2	8.23
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0090	34d	1940	1945	Koparpinni	Málmur	Kopar	4 koparpinnar, 3 með gúmmíhúð	4	4.71
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0091	35a	1940	1945	Viðarhlutur með kopar	Viður + Málmur	Kopar	Viður með gati og kopar	1	23.74
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0092	35b	1940	1945	„Byssukúla“	Málmur	Kopar	Heil „byssukúla“ úr kopar	1	24.03
CAM-2019-48+49	Camp Cameron	0093	35b	1940	1945	Gúmmíhlutur	Gúmmí		Gúmmíhlutur	1	0.24
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0094	1a	1940	1945	Flaska	Gler		Botn af grænni flösku	1	104.91
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0095	1a	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	?	Langur, þunnur málpinni	1	0.13
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0096	1a	1940	1945	Gúmmíhlutur	Gúmmí		Gúmmílangja	1	0.37
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0097	1d	1940	1945	Flaska	Gler		Hluti af grænni glerflösku	1	26.41
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0098	1d	1940	1945	Plasthlutur	Plast		2 rauðir plasthlutir	2	0.15
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0099	4a	1940	1945	Flaska	Gler		5 brot af glærri glerflösku	5	22.55
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0100	4b	1940	1945	Leirker	Keramík		5 leirkerbrot	5	3.47
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0101	3a	1940	1945	Flaska	Gler		3 brot af gulleitu gleri. Virðist vera botn á flösku.	3	76.75
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0102	3a	1940	1945	Gúmmí	Gúmmí		?	1	2.88
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0103	3a	1940	1945	Viður	Viður			1	88.71
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0104	5a	1940	1945	Kol	Kol		8 kolamolar	8	79.32


Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0105	5a	1940	1945	Skothylki	Málmur	Kopar	Tómt skothylki	1	0.76
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0106	5a	1940	1945	Skinna	Málmur		Ein stök skinna	1	1.45
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0107	6a	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	Einn nagli	1	1.50
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0108	6a	1940	1945	Koparpinni	Málmur	Kopar	Tveir koparpinnar	2	8.39
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0109	6b	1940	1945	Flaska	Gler		6 glær flöskuglerbrot og 9 brúnleit flöskuglerbrot	15	47.36
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0110	6b	1940	1945	Nagli. Járnþinni	Málmur	Járn	8 naglar, mis heillegir og 9 járnþinnar	17	57.99
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0111	6b	1940	1945	Koparpinni. Koparhlutur	Málmur	Kopar	6 koparpinnar og einn einhverkonar koparhlutur	7	28.42
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0112	6c	1940	1945	Flaska	Gler		6 flöskuglerbrot, 3 glær og 3 brúnleit	6	9.57
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0113	6c	1940	1945	Gúmmíhlutur	Gúmmí		Einn gúmmíhlutur	1	5.23
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0114	6c	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	4 naglar/skrúfur, einn járnhringur og 2 flatir járnhlutir	7	61.73
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0115	6d	1940	1945	Flaska	Gler		3 flöskuglerbrot, tvo glær og tvö brúnleit	3	1.62
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0116	6d	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	Einn nagli	1	2.32
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0117	7a	1940	1945	Leirker	Keramík		Tvö hvít keramiksbrot	2	5.18
CAM-2019 (Rafstöð)	Camp Cameron	0118	7b	1940	1945	Leirker	Keramík		Tvö hvít keramiksbrot	2	8.58
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0119	Grid sq 1	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	9 misstórir naglar + einn óþekktur þykkur járnhlutur	10	69.99
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0120	Grid sq 1	1940	1945	Skál/öskubakki?	Gler		3 glær mynstruð glerbrot af skál, jafnvel öskubakka	3	39.47

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0121	Grid sq 1	1940	1945	Koparhlutur	Málmur	Kopar	3 misstórir koparpinnar, ein koparsmella og 4 koparhlutir	8	47.94
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0122	Grid sq 1	1940	1945	Leirker	Keramik		3 hvít keramiksbrot	3	4.21
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0123	Grid sq 2	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	11 naglar og naglabrot. Einn heill járnhringur og einn hálfur. Brotinn járntappi af glerflösku.	14	51.37
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0124	Grid sq 2	1940	1945	Koparhlutur	Málmur	Kopar	2 koparplötur, misstórar. 6 koparvírar, 3 koparpinnar og eitt koparhylki	12	34.97
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0125	Grid sq 2	1940	1945	Glerhlutur	Gler		Einn flöskuháls af einhverskonar íláti, mögulega rakspýra. Eitt hvítt kúpt glerbrot og eitt glært brot af íláti	3	38.39
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0126	Grid sq 2	1940	1945	Leirker + glerhlutur	Keramik + gler		Eitt hvítt keramiksbrot og eitt hvítt glerbrot.	2	12.70
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0127	Grid sq 3	1940	1945	Leirker	Keramik		13 hvít keramiksbrot	13	25.07
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0128	Grid sq 3	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	11 járnvírar/pinnar, einn þeirra með gúmmihúð. Einn nagli. Hálfur járntappi, róg + óþekktur málmhlutur.	15	28.62
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0129	Grid sq 3	1940	1945	Koparhlutur	Málmur	Kopar	15 koparvírar, 1 skinna, 3 rær, 1 tóm skothylki, 1 koparhlutur með krók, 1 koparskrúfa föst á koparhlut + 2 koparhlutir	24	37.62
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0130	Grid sq 3	1940	1945	Kókflaska	Gler		7 glær glerbrot af kókflösku	7	238.29

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0131	Grid sq 4	1940	1945	Hitamælir?	Gler		Gler með mælistiku, hitamælir?	1	5.26
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0132	Grid sq 4	1940	1945	Koparhlutur, plasthlutur	Kopar + plast		1 koparklemma, 10 koparvívar, 1 koparsmella, koparhringur, 1 koparhlutur og einn plasthlutur með koparhringjum.	15	23.29
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0133	Grid sq 4	1940	1945	Kókflaska	Gler		Eitt glært glerbrot af kókflösku	1	44.24
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0134	Grid sq 4	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	Einhverskonar hálfur hólkur, einn járnhlutur sem líkist einhverju úr byssu? Járnhnappur, 3 naglar + 6 járnhlutir	12	363.13
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0135	Grid sq 5	1940	1945	Herðatré	Málmur	Járn + kopar	Tvö herðatré, annað úr járn, hitt úr kopar	2	135.95
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0136	Grid sq 5	1940	1945	Ílát	Gler		Tvö glerbrot, annað hvítt af einhverskonar íláti hitt glært, líklega öskubakki.	2	62.88
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0137	Grid sq 5	1940	1945	Carbon?	Carbon		Carbon?	1	10.44
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0138	Grid sq 5	1940	1945	Leirker	Keramik		Eitt hvítt keramisbrot með grænbláum glerung	1	2.03
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0139	Grid sq 5	1940	1945	Koparhlutur	Málmur	Kopar	1 þykkur koparvív + 6 minni vírar. Ein skrúfa af ljósaperu, 7 koparhlutir með krók, einn koparhringur + 1 koparhlutur	17	172.81
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0140	Grid sq 5	1940	1945	Tappi	Plast		Einn svartur plasttappi	1	1.53
CAM-2019	Camp Cameron	0141	Grid	1940	1945	Járnvír	Málmur,	Járn	Járnvívar, húðaðir í	?	38.54

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
(Midden #1)			sq 5				gúmmí		gúmmí í flækju		
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0142	Grid sq 5	1940	1945	Blýhlutur	Blý		Blý,,stöng"	1	7.87
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0143	Grid sq 5	1940	1945	Carbon pinni	Carbon?		Pinni/stöng úr carbon?	1	4.84
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0144	Grid sq 5	1940	1945	Ljósapera	Málmur + gler	Kopar	Ljósapera	2	13.56
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0145	Grid sq 5	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	3 naglar + einn pinni + 3 járnhlutir, misstórir	7	215.42
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0146	Grid sq 6	1940	1945	Járnhlutur	Málmur	Járn	Einn járnhlutur, hringlaga, 1 ró + 7 naglar	9	142.12
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0147	Grid sq 6	1940	1945	Járnvír	Málmur, gúmmí	Járn	Járnvírar húðaðir með gúmmí	?	4.61
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0148	Grid sq 6	1940	1945	Byssukúla	Málmur	Kopar	Heil byssukúla	1	7.05
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0149	Grid sq 6	1940	1945	Koparhlutur	Málmur	Kopar	3 koparvírar misstórir, ein koparplata með götum, einn koparhlutur með krók + 1 koparhlutur	6	45.57
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0150	Grid sq 7	1940	1945	Stöng	Carbon		Carbon stöng?	1	6.63
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0151	Grid sq 7	1940	1945	Skothylki	Málmur	Kopar	Tómt skothylki	1	4.57
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0152	Grid sq 9	1940	1945	Koparlok	Málmur	Kopar	Tvö þykk koparlok	2	185.10
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0153	Grid sq 10	1940	1945	Koparplata	Málmur	Kopar	Koparplata með ílögum ferköntuðum götum	1	16.11
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0154	Grid sq 11	1940	1945	Ílát	Gler		Tvö glær glerbrot. Annað af stóru íláti (könnu?) hitt af minna íláti, rakspýra?	2	161.72
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0155	Grid sq 12	1940	1945	Stöng	Málmur	Kopar + carbon	Stöng úr kopar + carbon	2	121.65
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0156	Grid sq 13	1940	1945	Ílát	Gler		Lítið glerílát	1	107.35

Staður	Heiti	Númer	Eining	Dagsett frá	Dagsett til	Tegund	Efni	Efni (undirflokkur)	Lýsing	Fjöldi	Þyngd (g)
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0157	Grid sq 14	1940	1945	Járnstöng	Málmur	Járn	Járnstöng með pinna á endanum	1	111.17
CAM-2019 (Midden #1)	Camp Cameron	0158	Grid sq 15	1940	1945	Flöskuhaus + tappi	Gler + plast		Flöskuháls úr gleri með plasttappa	1	34.27
CAM-2019-45+46	Camp Cameron	0159	8d	1940	1945	Skinna	Málmur		Skinna	1	4.91
CAM-2019-45+46	Camp Cameron	0160	8d	1940	1945	Gúmmíhlutur	Gúmmí		Ílangur gúmmíhlutur, holur að innan	1	2.27
CAM-2019-45+46	Camp Cameron	0161	11c	1940	1945	Flaska	Gler		Brúnleitt flöskuglerbrot	1	1.28
CAM-2019-45+46	Camp Cameron	0162	11d	1940	1945	Nagli	Málmur	Járn	Tveri naglar	2	2.89
CAM-2019-45+46	Camp Cameron	0163	11d	1940	1945	Flaska/ilát	Gler		Tvö glær glerbrot af íláti, mögulega flösku	2	11.86
CAM-2019 Midden #2	Camp Cameron	0164	Camp 2	1940	1945	Rúðugler	Gler		Stórt rúðuglerbrot, öryggisgler?	1	283.35
CAM-2019 Midden #2	Camp Cameron	0165	Camp 2	1940	1945	Hljómplata	Plast?		Brotin hljómplata	9	71.77
CAM-2019 Midden #2	Camp Cameron	0166	Camp 2	1940	1945	Næla (öryggisnæla)	Málmur	Kopar?	Heil öryggisnæla	1	1.76
CAM-2019 Midden #2	Camp Cameron	0167	Camp 2	1940	1945	Flöskuháls + tappi	Gler + plast		Flöskuháls úr gleri með plasttappa	1	23.48
CAM-2019 Midden #2	Camp Cameron	0168	Camp 2	1940	1945	Leður	Leður		Leðuról með götum	1	10.47
CAM-2019 Midden #2	Camp Cameron	0169	Camp 2	1940	1945	Þvottabursti	Viður		Þvottabursti úr við með götum	1	48.75



Yfirlitskort sem sýnir skráðar herminjar á Núpasfjalli. Loftmynd: Loftmyndir ehf


MINJAKORT



Kort 1: Skráðar minjar í Camp Cameron á Núpafjalli. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Kort 2: Skráðar í og við ratsjármastur á Núpafjalli. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Kort 3: Skráðar minjar í Camp Cameron á Núpafjalli. Loftmynd: Loftmyndir ehf

